



SKOÐUN Ögmundur Jónsson skrifar um breytingar á heilbrigðiskerfinu. **15**



MENNING Leikdómur um nýtt íslenskt leikrit, Er ekki nóg að elska? **20**



LÍFID Matarsíða lötu konunnar hvetur fólk til að vera skapandi í eldhúsinu. **30**



SPORT Móðir Kristjáns Flóka Finnbogasonar lokaði málum sonarins í gær. **26**

Til hvers að flækja hlutina?

SJÁLFKRAFA Í BESTA ÆPREP!

365

365.is
Sími 1817

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur

25. mars 2015
71. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

MARKAÐURINN



Kynna sig í Las Vegas

Stjórnendur tölvuleikjafyrirtækisins Digon Games kynna tekjumódel nýs leiks í Las Vegas í byrjun maí. Þeir reyna að höfða til framleiðenda á sviði almenns íþróttavarnings.

FRÉTTIR

150 látnir í flugslysi Allir farþegar og sex manna áhöfn farþegaþotu frá þýska lágjaldflugfélaginu Germanwings á leið frá Barcelona á Spáni til Düsseldorf í Þýskalandi létust þegar vélin hrapaði í frönsku Ólpunum í gærmorgun. **10**

Forstjórinn skilar bílnum Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, skrifaði samstarfsfólki sínu í gær og kvaðst hafa ákveðið að afsala sér bifreið sem hann hafði til umráða frá fyrirtækinu. **2**

Þora ekki að tjá sig Sex tilraunir hafa verið gerðar til að leggja niður Þróunarsamvinnustofnun. Starfsmenn þar þora ekki að tjá hug sinn um væntanlegar breytingar á stofnuninni. **4**



Bolungarvík	0°	SSV	6
Akureyri	3°	S	14
Egilsstaðir	3°	SSA	15
Kirkjubæjarkl.	5°	SSA	5
Reykjavík	3°	SV	5

ALLHVASST A-TIL Í dag verða suðvestan 8-13 m/s og skúrir eða él en suðaustan 13-18 eystra og rigning eða slydda fram á kvöld. Hiti 0-5 stig. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Fólk



Ríkið kemur að kjaradeilum

Rætt um hækkun húsaleigu- og vaxtabóta sem og skatta á leiguhúsnæði sem útspil í yfirstandandi kjaraviðræðum. Að ríkisstjórnin hafi haldið sér til hlés er sagt hluti vandans. SGS hefur lotu verkfalla þann 10. apríl.

KJARAMÁL Ríkisstjórnin fundar með aðilum vinnumarkaðarins í vikunni til að finna möguleg útspil ríkisstjórnarinnar í kjaradeilum. Samtöl eru þó skammt á veg komin. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins leggur ríkisstjórnin áherslu á að útspilin komi fram fljótlega eftir páska, áður en verkföll hefjast.

Meðal þess sem komið hefur til tals sem útspil ríkisstjórnarinnar er hækkun og samræming á húsaleigu- og vaxtabótum, lækkun skatta á

leiguhúsnæði og lækkun tryggingagjalds, breytingar á Íbúðalánasjóði og aðrar breytingar á húsnæðismarkaðnum til að mæta aukinni eftirspurn eftir húsnæði, sérstaklega litlum og millistórum íbúðum.

Atvinnurekendur telja viðleitni ríkisstjórnarinnar til að halda sér til hlés í þessum viðræðum að undanfögnu hluta vandans. Ríkisstjórnin geti ekki verið stíkkfrí og taki hún ekki þátt í því að smíða skynsamlegar lausnir muni það koma niður

á kjaraviðræðum ríkisins við sína hópa.

Samtök atvinnulífsins (SA) segja aldrei hafa staðið frammi fyrir jafn háum kröfum. Starfsgreinasambandið (SGS) krefst 50 til 70 prósentu hækkunar fyrir alla félagsmenn í þriggja ára samningi og að lægstu laun hækki hlutfallslega mest. Önnur verkalýðsfélög krefjast 20 til 45 prósentu launahækkana fyrir samning til eins árs. Búið er við að aðildarfélag SGS

20-45%

eru kröfur annarra verkalýðsfélaga en SGS fyrir kjarasamning til eins árs.

grípi til verkfallsaðgerða í kringum 10. apríl.

SA segja tuga prósentu launahækkunar óraunhæfar og þær muni leiða af sér mikla verðbólgu og verri lífskjör. -fbj



FRÍÐARSTUND Afgönsk kona, Farkhunda, var myrt á hrottanfenginn hátt síðastliðinn fimmtudag, eftir að hafa verið ranglega sökuð um að brenna Kóraninn. Afganskar konur á Íslandi efndu til fríðarstundar vegna atburðarins. **Sjá síðu 12** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Pingmenn velta vöngum: Hanna Birna í Addis Ababa

STJÓRN MÁL Hanna Birna Kristjánsdóttir, fyrrverandi innanríkisráðherra, er stödd í Addis Ababa í Eþíópíu, þar sem hún er einn frummælenda á ráðstefnunni *Women in Parliaments*. Hanna Birna er af einka-ástandum í leyfi frá störfum á Alþingi.



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

Ýmsir þingmenn Sjálfstæðisflokksins, sem Fréttablaðið ræddi við, furða sig á ferðalögum Hönnu Birnu. Enginn vildi koma fram undir nafni, en bent var á að hún sótti ekki miðstjórnarfund Sjálfstæðisflokksins á Eskifirði síðasta föstudag. Hanna Birna hefur í fjölmiðlum sagst glíma við brjós-klos. -kóp

Fjölgun ferðamanna útheimtir 600 ný hótélherbergi árlega til ársins 2022:


Borgin þarf að tvöfalda gistirými

FERÐAÞJÓNUSTA Gangi eftir spá Landsbankans um fjölgun ferðamanna þarf á sjö árum að fjölga hótélherbergjum í Reykjavík sem samsvarar allri uppbyggingu hótela í borginni frá upphafi og til ársloka 2015.

Þetta kom fram í máli Davíðs Björnssonar, forstöðumanns fyrirtækjasviðs Landsbankans, á ráðstefnu bankans um ferðaþjónustu í gær.

Davíð benti á að herbergjum í Reykjavík, á þriggja og fjögurra stjörnu hótélum, hefði fjölgað úr 1.500 árið 2000 í 2.400 árið 2010. Þau verða 4.000 í árslok og því nemur fjölgunin á tímabilinu 1.300 hótélherbergjum, eða að meðaltali 260 herbergjum á ári. Til að anna eftirspurn næstu ára þarf að byggja um 600 ný herbergi á ári frá 2016 til 2022. Þá munu ferðamenn hér hafa losað tvær milljónir. -shá / sjá síðu 8

→ Spá Landsbankans



Páskaleikur morgunkornsins!

VILTU VINNA 55" SJÓNVARP FRÁ SAMSUNG EÐA FERÐ TIL NEW YORK?

Geymdu kassavittunina þegar þú kaupir pakka af General Mills morgunkorni. Skráðu þig svo á morgunkorn.is



SPURNING DAGSINS



Kjartan, eru öll ljós kveikt en enginn heima?

„Já, þetta OR-kar allavega tvímælis.“ Kjartan Magnússon hefur gagnrýnt Eirík Hjálmarsson, upplýsingafulltrúa Orkuveitunnar, fyrir að hafa ekki sagt satt um bílamál forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur.

Formaður Samtaka verslunar og þjónustu segir löngu tímabært að lækka og afnema tolla: SVP fagna endurskoðun tollakerfisins

VIÐSKIPTI „Við fögnum því að tollakerfið verði tekið til heildarendurskoðunar. Það er löngu orðið tímabært. Þetta er mikið hagsmunamál fyrir verslunina og ekki síður fyrir neytendur.“ Þetta segir Margrét Sanders, formaður Samtaka verslunar og þjónustu, SVP. Fréttablaðið hafði það eftir Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra í gær að skoða þyrfti möguleika á heildarendurskoðun tollakerfisins. Hann gat þess í því samhengi að fataverslun væri að tapast úr landinu. Íslend-

ingar væru í stóruaknum stíl að sækja sér hversdagsföt til útlanda.

SVP bendir á að lagður sé 15 prósentatollur á fatnað og skó auk þess sem stór hluti þessara vara beri annan 15 prósentatoll sem Evrópusambandið leggi á við innflutning til aðildarríkja þess. Auk þess sé lagður 24 pró-

sentu virðisaukaskattur á föt og skó. Afnáam tolla og lækkun virðisaukaskatts á þessar vörur sé ekki sist hagsmunamál fyrir þá sem lægstar tekjurnar hafa enda sé sá hópur ólíklegastur til að flytja farma af fatnaði í ferðatöskum til landsins.

„Niðurstöður könnunar sem við gerðum fyrir nokkrum árum

40%

barnafatnaðar eru keypt í útlöndum.

sýndu að 40 prósent barnafatnaðar voru keypt í útlöndum og 35 prósent af öðrum fatnaði. Fleiri kannanir hafa sýnt þetta og að kaup í útlöndum hafi aukist frekar en hitt. Tekjulægsti hópurinn var hins vegar ekki að kaupa fatnað í útlöndum,“ segir Margrét.



Á SPÍTALANUM Í GÆR Alexandra Ósk Magnúsdóttir segist þakklát fyrir að vera á lífi eftir bílslys í Garði. Hér er hún ásamt Aroni Arnbjörnssyni og börnum þeirra tveimur, Sigurði Mikael og Díönu Guðrúnu.

20 mánaða drengur og fjögurra ára stúlka sluppu ómeidd:

Er þakklát fyrir að ekki fór verr

SLYS „Ég er mjög fegin því að ekki fór verr og börnin mín heil á húfi. Þetta eru englar sem björguðu mér,“ segir Alexandra Ósk Magnúsdóttir sem lenti í bílslysi á Garðskagavítavegi á sunnudagskvöld. Börn Alexöndru, 20 mánaða drengur og fjögurra ára dóttir, voru í bílnum en sluppu ómeidd.

Alexandra hentist úr bílnum og lenti undir honum en aðvifandi bjargvættir, þeir Najdan Ilievski og Nikola Tisma, veltu bílnum við.

Kærasti Alexöndru, Aron Arnbjörnsson, segir fjölskylduna vera bjargvættunum gríðarlega þakkláta. „Ég veit ekki hvernig við getum þakkað þeim nægilega fyrir,“ segir hann um þá Najdan og Nikola.

Skýrsla sænskra samtaka:

Aukin starfsemi nasista

SVÍPÞÓÐ Samtökum nasista í Svíþjóð hefur fækkað en þau sem starfa verða sífellt virkari. Frá þessu er greint í frétt á vef Dagens Nyheter sem vitnar í árskýrslu Expo, hugsjónasamtaka sem upplýsa um kynþáttahatur og andúd á útlendingum.

Samkvæmt ársskýrslunni dreifðu nasistar áróðri eða efndu til aðgerða sjö til átta sinnum á dag að meðaltali í fyrra. Bent er á að starfsemin hafi aukist jafnt og þétt. Ekki sé hægt að útskýra hana eingöngu með niðurstöðum kosninganna í fyrra.

375 þúsund gestir í leikhúsi:

Einu sinni í leikhúsi á árinu

MENNING Samanlagður fjöldi gesta á leiksyningar leikhúsa, atvinnuleikhópa og áhugaleikfélaga innanlands var 375 þúsund á síðasta leikári samkvæmt tölum Hagstofunnar. Það jafngildir því að hver landsmaður hafi farið einu sinni í leikhús á leikárinu. Gestum fækkaði um 22 þúsund frá fyrra leikári.

Á síðasta leikári voru starfrækt fimm atvinnuleikhús með aðstöðu í fjórum leikhúsum. Á vegum þeirra voru ellefu leiksvið sem rúmuðu 3.706 gesti í sæti. Leikhúsin settu á svið 65 uppfærslur á eigin vegum eða í samstarfi við aðra.

Bjarni forstjóri skilar Orkuveitunni bílnum

Stjórnarmaður í Orkuveitunni segir upplýsingafulltrúa fyrirtækisins afvegaleiða umræðu um bílafríðindi forstjórans. Ekki hafi staðið til að koma þeim á að nýju eftir afnáam þeirra hjá öllu starfsfólki OR 2011. Forstjórinn hefur nú skilað bílnum.

ORKUVEITAN „Þegar ég fékk bílinn fylgdi því vond tilfinning og hún hefur ágerst,“ segir Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, í tölvupósti til starfsmanna í gær. Þar kveðst hann hafa afsalað sér 6,6 milljóna króna Mitsubishi tvinnbíl sem fyrirtækið keypti fyrir hann fyrir tæpum mánuði.

„Bílahlunnindi fyrir forstjóra, sem öðrum starfsmönnum standa ekki til boða, eru vont fordæmi. Ég mun því héðan í frá taka bíla hjá bílaþjónustu eða halda akstursbók eftir atvikum þegar ég nota eigin bíl í starfi,“ útskýrir forstjórinn.

Fram kom í Fréttablaðinu í gær að Kjartan og Áslaug Friðriksdóttir, fulltrúar Sjálfstæðisflokks í stjórn Orkuveitunnar, gagnrýndu á stjórnarfundum á mánudag Eirík Hjálmarsson, upplýsingafulltrúa OR, fyrir að hafa ranglega sagt Fréttablaðinu í febrúar að Bjarni forstjóri hefði bíl frá fyrirtækinu í samræmi við ráðningarsamning frá 2011.

Haft var eftir Eiríki í Fréttablaðinu í gær að hið rétta væri að byggt hefði verið á niðurstöðu kjararáðs við ákvörðun bílafríðinda forstjórans. „Beðist er velvirðingar á ónákvæmnni,“ sagði Eiríkur.

„Enn reynir upplýsingafulltrúi Orkuveitunnar að afvegaleiða umræðuna um bifreiðahlunnindi forstjóra fyrirtækisins,“ svarar Kjartan. Áður en Bjarni var ráðinn sem forstjóri hafi náðst full samstaða um það í stjórn OR að afnema öll bílafríðindi. Sú ákvörðun hafi ekki verið afturkölluð, að minnsta kosti ekki af stjórn fyrirtækisins, fyrr en í janúar þegar meirihluti stjórnar ákvað að kaupa nýjan bíl fyrir forstjórann.

„Þegar ákveðið var árið 2011 að



FORSTJÓRABÍLINN Orkuveitan keypti 27. febrúar síðastliðinn nýjan bíl í staðinn fyrir Yaris sem forstjórinn hafði haft til umráða fram að því.



KJARTAN MAGNÚSSON

miða við úrskurð kjaradóms um laun forstjóra Landsvirkjunar, sneri sú ákvörðun að launatölunni. Ég fullyrði að það var ekki ætlun neins stjórnarmanns á þessum tíma að koma á bílafríðindum að nýju í þágu eins starfsmanns fyrirtækisins þvert á fyrri ákvörðun,“ segir Kjartan. „Stóð ég að minnsta kosti í þeirri trú að forstjóri hefði ekki bifreið til einkaafnota frá fyrirtækinu og frétti ekki hið gagnstæða fyrr en í nóvember síðastliðnum, en þá hafði forstjórinn haft bifreiðina til umráða í rúmt ár.“

Í tölvupósti sínum til starfsmanna kveðst Bjarni hafa átt rétt á bílnum. Hann hafi borið sína túlkun á niðurstöðu kjararáðs undir stjórnarformann og formann starfskjaranefndar OR. Þeirra skilningur hafi verið



„Bílahlunnindi fyrir forstjóra, sem öðrum starfsmönnum standa ekki til boða, eru vont fordæmi.“

Bjarni Bjarnason, forstjóri OR

sá sami. „Að ég fengi bíl til umráða, samkvæmt ráðningarsamningi, var því ekki háð samþykki stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur því rétturinn var innifalinn í upphaflegum ráðningarsamningi mínum,“ segir forstjórinn.

„Slíkt fyrirkomulag þekkist hjá ýmsum fyrirtækjum, þar á meðal borgarfyrtækjum, en þá finnst mér líka eðlilegt að öllum stjórnarmönnum sé fullkunnugt um slík fríðindi yfirmanna í stað þess laumuspils sem þarna átti sér stað,“ segir Kjartan Magnússon. gar@frettabladid.is

Hugmynd Birgittu Jónsdóttur pírata um kosningabandalag illa tekið:

Ekki eining innan þingflokksins

STJÓRN MÁL Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pírata, segir hugmynd flokkssystur sinnar, Birgittu Jónsdóttur, um kosningabandalag meðal stjórnarandstöðuflokkanna ekki vera hugmynd sem hugnist honum. Það gangi í berhöggi við grunnstefnu Pírata.

Píratar hafa verið að mælast stærsti flokkurinn í íslenskum stjórnmálum nú í tvígang með stuttu millibili og hefur stígandinn í fylgi flokksins verið jöfn síðustu vikur þótt fylgið hafi farið hratt upp á við síðustu daga.

Í könnun Fréttablaðsins á laugardaginn mældust Píratar með 19 þingmenn ef kosid væri nú. Í síðustu kosningum fyrir um tveimur árum rétt náði flokkurinn yfir fimm prósentu murrinn og fékk þrjá menn kjörna.

„Mér hugnast þessi hugmynd Birgittu ekki. Það má segja að það sé ekki eining um kosningabandalag meðal stjórnarandstöðunnar eins og staðan er nú. Við píratar þurfum fyrst og fremst að vinna eftir grunnstefnu Pírata.“



ÓTÍMABÆRT Jón Þór Ólafsson telur ekki tímabært að velja fyrir sér hugsanlegu kosningabandalagi flokka í kosningum eftir rúmlega tvö ár.

Galdraðu fram gómsæta páska með Töfrahetju-eggjnu frá Góu.

TÖFRANDI GOTT!

CE

0-3

Góu

Stofnað 1968

Varúð: Inniheldur smáhluti. Ekki ætlað börnum 0-3 ára.

BÍLADÍLL DAGSINS!
Hafðu samband
strax!



400.000 kr.
Í AFSLÁTTI!

Tilboð: 2.890.000 kr.

Volkswagen Tiguan Sport NXG83
Skráður maí 2008, 2,0TDI dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 134.000 km.
Ásett verð: 3.290.000 kr.



200.000 kr.
Í AFSLÁTTI!

Tilboð: 3.290.000 kr.

Volvo S40 Kinetic D3 EMX35
Skráður janúar 2012, 2,0Di dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 46.500 km.
Ásett verð: 3.490.000 kr.



160.000 kr.
Í AFSLÁTTI!

Tilboð: 1.590.000 kr.

Ford Explorer XLT 4x4 RA251
Skráður mars 2006, 4,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 151.000 km.
Ásett verð: 1.750.000 kr.



Verð: 3.790.000 kr.

Ford Galaxy Ghia MPV SGY92
Skráður apríl 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 92.000 km.

NOTAÐIR BÍLAR

MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

Gerðu betri bílakaup!



Verð: 1.090.000 kr.

Opel Corsa Enjoy GK116
Skráður júní 2008, 1,4i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 138.000 km.



100.000 kr.
Í AFSLÁTTI!

Tilboð: 1.190.000 kr.

Ford Escape XLS LI474
Skráður janúar 2007, 2,3i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 167.500 km.
Ásett verð: 1.290.000 kr.



260.000 kr.
Í AFSLÁTTI!

Tilboð: 990.000 kr.

Mitsubishi Lancer LZ540
Skráður september 2006, 1,6i bensín, beinskiptur.
Ekinn 84.000 km.
Ásett verð: 1.250.000 kr.

FINNDU BÍLINN ÞINN

Skoðu fleiri
dæmi hér!

TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ

SÝNDU OKKUR BÍLINN
ÞINN OG VIÐ GERUM
ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF.
ENGIN SKULDBINDING

NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.



Verð: 2.390.000 kr.

Toyota Yaris Terra KBM99
Skráður ágúst 2013, 1,0i bensín, beinskiptur.
Ekinn 15.000 km. Í ábyrgð



900.000 kr.
Í AFSLÁTTI!

Tilboð: 7.990.000 kr.

Toyota Land Cruiser 4x4 FDM35
Skráður janúar 2012, 3,0TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 87.000 km.
Ásett verð: 8.890.000 kr. Í ábyrgð



300.000 kr.
Í AFSLÁTTI!

Tilboð: 2.990.000 kr.

Volkswagen Passat Comfort UGD66
Skráður júlí 2012, 1,4i bensín/metan, sjálfskiptur.
Ekinn 74.000 km.
Ásett verð: 3.290.000 kr.



200.000 kr.
Í AFSLÁTTI!

Tilboð: 2.790.000 kr.

Kia Rio Ex IVH19
Skráður apríl 2014, 1,4TDi dísil, beinskiptur.
Ekinn 5.400 km.
Ásett verð: 2.990.000 kr. Í ábyrgð



Verð: 7.990.000 kr.

Volvo XC90 Summum D5 AWD TJL91
Skráður júní 2012, 2,4Di dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 89.500 km.



150.000 kr.
Í AFSLÁTTI!

Tilboð: 3.140.000 kr.

Ford Focus Trend Edition LSG25
Skráður apríl 2014, 1,6i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 37.500 km.
Ásett verð: 3.290.000 kr. Í ábyrgð



500.000 kr.
Í AFSLÁTTI!

Tilboð: 2.990.000 kr.

Mercedes Benz E-Class 200 MAE68
Skráður okt. 2008, 1,8i bensín /metan, sjálfsk.
Ekinn 138.000 km.
Ásett verð: 3.490.000 kr.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK



Notaðir bílar - Brimborg

Tilboðsbílarirnir fara
beint á Facebook!

Söluveildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040

Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



Öruggur staður til að vera á

SVONA ERUM VIÐ



600 tegundir, um það bil, af mosa má finna á Íslandi.

Dómurum við Hæstarétt fjölgað tímabundið um einn til að koma til móts við mikið álag á dómstólinn: Frumvarp um millidómstig ekki lagt fram

DÓMSTÓLAR Frumvarp um stofnun nýs millidómstigs, Landsréttar, verður ekki lagt fram á þessu þingi samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Frestur til að leggja fram ný frumvörp rennur út þann 31. mars næstkomandi. Ólöf Nordal innanríkisráðherra leggur þess í stað til að dómurum við Hæstarétt verði fjölgað tímabundið úr nú í tíu. Er það gert vegna mikils álags á dómstólinn, sem var meðal þess sem stofnun millidómstigs átti að mæta.

Í frumvarpi þessa efnis sem Ólöf lagði fyrir ríkisstjórn í gær kemur fram að álagið á Hæstarétt er enn mikið sökum mála fjölda auk þess sem mál sem koma til meðferðar hjá réttinum eru þyngri en áður. Fjölgun dómara tekur gildi þann 1. september næstkomandi og gildir út árið 2016. Í frumvarpinu er tekið fram að frumvarpsdrög um millidómstig, sem skilað hefur verið til innanríkisráðherra um stofnun

Landsréttar, séu til skoðunar í ráðuneytinu. Ljóst sé að verði millidómstigi komið á muni taka nokkurn tíma að innleiða þær breytingar sem því myndu fylgja. Í ljósi þess mikla álags sem nú er á Hæstarétti og mikilvægi þess að málshraða sé haldið í góðu horfi þykir ráðherra ekki varhugavert að fjölga hæstaréttardómurum um einn, þrátt fyrir að breytingar á dómskerfinu séu hugsanlega fram undan.



TIL SKOÐUNAR Ólöf Nordal innanríkisráðherra skoðar nú tillögur nefndar um millidómstig. Á meðan verður hæstaréttardómurum fjölgað. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



PERNEY RE Frystitogari HB Granda, Perney RE, er sagður hafa átt „frábæran túr“ í Barentshafið, með aflaverðmætti upp á hálfan milljarð króna. MYNDI/HBGRANDI

Skip Granda, Perney RE, kemur til hafnar um miðjan dag: Aflaverðmætið er 506 milljónir

SJÁVARÚTVEGUR Von er á frystitogara HB Granda, Perney RE, til Reykjavíkur um miðjan dag, en aflaverðmæti veiðiferðarinnar úr norsku lögsögunni nemur rúmlega hálfum milljarði króna. Aflinn upp úr sjó er um 1.275 tonn. Veiðiferðin hefur staðið yfir í tæplega 40 daga, en nokkrir dagar töpuðust frá veiðum vegna veðurs. Aflabrogðin voru hins vegar góð þá daga sem áhöfnin gat stundað veiðar, eins og verðmæti og afli upp úr sjó er til vitnis um.




ÁSLANDSSKÓLI Skólastjóri er gagnrýndur fyrir vinnubrögð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Meint svindl aldrei sannað: Foreldrar kæra Hafnarfjörð

STJÓRNSÝSLA Innanríkisráðuneytið hefur gert Hafnarfirði að veita umsögn vegna stjórnsýslukæru foreldra nokkurra drengja við Áslandsskóla á hendur fræðsluráði Hafnarfjarðar. Þar hafði drengjum verið vísað úr skóla og námsmáti þeirra breytt fyrir að svindla á prófum. Í kæru foreldranna eru vinnubrögð skólastjórans gagnrýnd og sagt að sök drengjanna hafi verið sönnuð. Hafnarfjarðarbær á að svara kærinni fyrir 9. apríl.

Fær greitt í þrjá mánuði: Guðrún fær framlengingu

SAMFÉLAGSMÁL Guðrún Einarsson dóttir ellilífeyrisþegi, sem býður eftir því að fara á hjúkrunarheimili, hefur fengið framlengingu á lífeyrisgreiðslum til þriggja mánaða. Guðrún hafði fengið bréf frá Tryggingastofnun um að lífeyrisgreiðslur hennar myndu falla niður vegna dvalar hennar á Vífilstaðaspítala. Í stað lífeyrisgreiðslna átti hún að fá vasapeninga að upphæð 53.354 krónur á mánuði. Ef sérstaklega stendur á er heimilt að framlengja greiðslur um þrjá mánuði þrátt fyrir sjúkrahúsvist eða búsetu á öldrunarstofnun.



GUÐRÚN EINARSDÓTTIR

Starfsmenn hræddir við að tjá skoðanir

Sex sinnum hafa verið gerðar tilraunir til þess að leggja niður Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Starfsmenn þora ekki að tjá hug sinn um breytingar á lögum.

STJÓRN MÁL Þróunarsamvinnustofnun verður lögð niður um næstu áramót nái frumvarp Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra fram að ganga. Frumvarpið var lagt fram á Alþingi í gær.

Í frumvarpinu kemur fram að ráðherra skuli bjóða fastráðnum starfsmönnum stofnunarinnar störf í ráðuneytinu frá þeim tíma þegar stofnunin verður lögð niður. Starfsmenn Þróunarsamvinnustofnunar þora ekki að segja hug sinn um fyrirhugaðar breytingar í ljósi þessa og hafa búið við mikla óvissu síðustu ár. Bláamaður Fréttablaðsins fékk það staðfest þegar hann leitaði eftir viðbrögðum nokkurra þeirra. Gunnar Bragi segir að viðtækt samráð hafi verið haft um frumvarpið. „Sjálfur hef ég rætt við starfsmennina. Við höfum lagt áherslu á að við sameininguna verði öllum starfsmönnum ÞSSÍ boðin sambærileg störf í ráðuneytinu og að staðarráðnir og tímabundnir starfsmenn haldi sínum samningum.“ Hann segir frumvarpið lagt fram að vel ígrunduðu máli og segist fullviss um að það nái fram að ganga. „Það er byggt á ítarlegri skýrslu sem Þórir Guðmundsson vann fyrir okkur og umræðum sem við höfum átt í kjölfar hennar. Í þessu sambandi er rétt að nefna að Þróunarsamvinnunefnd OECD, sem við urðum aðilar að fyrir tæpum tveimur árum, lagði til að Ísland legði mat á skipulag og fyrirkomulag þróunarsamvinnu til að tryggja hámarksárangur og skilvirkni. Það höfum við gert og niðurstaðan er nú lögð fram á þingi.“



SKÝRSLAN KOSTAÐI 10 MILLJÓNIR Kostnaður við gerð skýrslu sem unnin var af Þóri Guðmundssyni á síðasta ári og var til grundvallar frumvarpi Gunnars Braga kostaði 10 milljónir. „Kostnaðurinn var rétt um 10 milljónir, sem var nokkru lægra en gert hafði verið ráð fyrir.“ segir Gunnar Bragi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sex sinnum á síðustu tuttugu árum hafa verið gerðar tilraunir til að leggja Þróunarsamvinnustofnun niður og færa starfsemi hennar undir utanríkisráðuneytið. Þetta kemur fram í Heimsljósi, fréttariti stofnunarinnar. Þar er greint frá því að stjórnsýslubreytingar hafi verið lagðar til við flesta utanríkisráðherra sem komið hafa til starfa í ráðuneytinu frá aldamótum. Í grein Gunnars Salvarssonar, ritstjóra ritsins, segir orðrétt: „Með nokkura ára millibili – og með ærnum tilkostnaði – er lagt að nýjum ráðherrum sem koma inn í utanríkisráðuneytið að þeir leggi stofnunina niður. Í kjölfarið hefst skýrslugerð, viðtöl, óvissutími.“ Kostnaður við gerð skýrslu, sem unnin var af Þóri Guðmundssyni á

Við höfum lagt áherslu á að við sameininguna verði öllum starfsmönnum ÞSSÍ boðin sambærileg störf í ráðuneytinu og að staðarráðnir og tímabundnir starfsmenn haldi sínum samningum. Gunnar Bragi Sveinsson, utanríkisráðherra.

síðasta ári og var til grundvallar frumvarpi Gunnars Braga, var 10 milljónir króna. Utanríkisráðherra segir kostnaðinn við skýrsluna hafa verið heldur minni en gert hafði verið ráð fyrir. kristjanbjorg@frettabladid.is

KNAUS

Verð frá 4.190.000 kr.

Par sem ferðalagið byrjar

Korputorg 112 Reykjavík Sími 551 5600 utilegumadurinn.is

Útilegu maðurinn SEGLAGERÐIN ÆGIR

Opið mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 15°	Friedrichshafen 12°	New York 7°
Apéna 13°	Gautaborg 7°	Orlando 30°
Basel 11°	Kaupmannahöfn 7°	Ósló 2°
Berlín 16°	Las Palmas 19°	París 10°
Billund 6°	London 10°	San Francisco 18°
Frankfurt 15°	Mallorca 15°	Stokkhólmur 1°

Á MORGUN 8-15 m/s, hvassast V-til.

FÖSTUDAGUR 5-13 m/s.

Elísabet Margeisdóttir veðurfréttamaður

ÉLJAGANGUR Það dregur úr vindi og úrkomu í kvöld norðaustantil og þar verður líklega besta veðrið og sólríkast næstu daga. Annars verður suðvestanáttin ríkjandi með eljum einkum vestan til á landinu og hiti í kringum frostmark.

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR:** SÍMI 512-5401: Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÖLK/LÍFID/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorlákssdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÖLK OG SÉRBLÓÐ EFNIS:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hranar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **PIJÓNSTUVAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrun@365.is

KOMDU ÚT AÐ AKA

MEÐ OPEL!



Opel Astra

Verð frá: **2.950.000 kr.**

10% útborgun frá: **295.000 kr.**



Opel Insignia

Verð frá: **4.337.000 kr.**

10% útborgun frá: **433.700 kr.**

VINNUR ÞÚ HELGARFERÐ?

REYNSLUAKTU OPEL TIL ÞÝSKALANDS!

Komdu í Opel salinn, Tangarhöfða 8, eða Njarðarbraut 9 Reykjanesbæ og reynsluaktu Opel. Þú ferð í vinningspott og átt möguleika á að vinna glæsilega borgarferð fyrir tvo til Þýskalands.

Vinningshafi verður dreginn út 31. mars 2015

**Bílabúð
Benna**
Sérfræðingar í bílum

Reykjavík
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.



Wir leben Autos.



Bílabúð Benna og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan Opel á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Þú velur þér nýjan bíl hjá Bílabúð Benna og sölumenn sjá um að ganga frá láninu. Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skylt er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað voru margar smávirkjanir í rekstri í fyrra?
2. Hver hlaut Íslensku þekkingarverðlaunin í ár?
3. Hvað er algengasta kvenmannsnafnið á Íslandi?

SVÖR:

1. 250.
2. Ísfrska lækningsávarfyrirtekið Kerecis.
3. Guðrún.

Bandarískir skemmtikraftar glöddu börnin á Barnspítala Hringsins:

Þykir ánægjulegt að gefa af sér

SAMFÉLAGSMÁL Bandarísku körfuknattleikssnillingarnir í Harlem Globetrotters eru nú staddir hér á landi til að skemmta Íslendingum. Alla jafna þegar þeir koma til landsins koma þeir við á Barnspítala Hringsins og gleða þar yngri kynslóðina með knattfimi sinni.

Kristófer Ingi Kjærnested var einn þeirra sem fengu hjálp við að snúa boltum á fingrum sér við mikla ánægju. „Ég get ekki gert þetta sjálfur, eða ég hef allavega ekki prúfað það,“ sagði Kristófer Ingi. -sa



SNILLDARTIL-PRIF Kristófer Ingi Kjærnested fékk svolitla hjálp frá þessum amerísku snillingum við að snúa körfuboltum á fingrum sér.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Var með verk fyrir brjósti: Pyrlan sótti veikan skipverja

BJÖRGUN Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-LIF, sótti veikan skipverja um borð í skip á Breiðafirði aðfaranótt þriðjudags. Maðurinn var með verk fyrir brjósti.

Þyrlulæknir leiðbeindi skipverjum um umönnun mannsins þar til þyrlan var komin á vettvang, en ástand hans er sagt hafa haldist nokkuð stöðugt. Gæslan fékk kallið klukkan 4:21, en maðurinn var hífður um borð í þyrluna um hálf sjö og var kominn á Landspítalann í Fossvogi um klukkutíma síðar. -vh

Kítti og þéttiefni

MÚRBÚÐARVERÐ



MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Amerískir með klakavél



Verð frá: kr. 167.152

mabe



EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is



LEIÐRÉTTING Tímagjald verjenda er nú 16.500 krónur en var áður 10.000 krónur. Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hæstaréttarlögmaður segir um að ræða ásættanlega réttarbót.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Verjendur rukka fyrir það sem út af stendur

Dómstólaráð hefur hækkað greiðslur til verjenda í sakamálum. Framkvæmdastjóri Lögmannafélagsins segir um að ræða löngu tímabæra leiðréttingu. Reyndur verjandi segir algengt að rukkað sé um mismun á tímagjaldi og dæmdum launum.

Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

DÓMSTÓLAR Dómstólaráð hefur hækkað greiðslur til verjenda í sakamálum með nýjum viðmiðunarreglum. Tímagjald verjenda er nú 16.500 krónur en var áður 10.000. Það er hækkun upp á 65 prósent. Málsvarnarlaunin skulu þó aldrei vera lægri en 78.000 krónur en áður var lágmarksfjárhæðin 46.700.

Lágmarksþóknun verjenda og réttargæslumanna fyrir að mæta við fyrirtöku hjá lögreglu eða dómara hækkar úr 20.000 kr. í 52.000 kr., sem er um 160 prósent hækkun. Standi fyrirtaka lengur en í tvær klukkustundir greiðist hver byrjuð klukkustund fram yfir það með 16.500 krónum samkvæmt viðmiðunarreglum dómstólaráðs.

Fréttastofa ræddi við Ingimar Ingimarsson, framkvæmdastjóra Lögmannafélagsins, sem segir um að ræða löngu tímabæra leiðréttingu, launin hafi verið óbreytt í tíu ár og í raun lengur.

„Þetta er löngu tímabær leiðrétting,“ segir Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson hæstaréttarlögmaður, sem hefur starfað mikið sem verjandi í sakamálum.

Vilhjálmur segir óskastöðuna auð-

vitað þá að verjendur fengju greitt fyrir tíma sinn samkvæmt sinni eigin gjaldskrá. „En ég tel að þessi réttarbót sem hefur orðið núna sé mjög ásættanleg, þetta hefur færst mun nær raunverulegu tímagjaldi heldur en það var.“

Vilhjálmur segir það töluvert algengt meðal lögmanna sem sinna verjendastörfum að rukka skjólstaðinga sína um mismuninn á tímagjaldi sínu og dæmdum málsvarnarlaunum. Algengt tímagjald verjenda er í kringum 25 þúsund krónur.

„Ég held að það sé að verða æ algengara. Það er bæði vegna þess að gjaldið var lágt og svo eru auðvitað sérfræðingar í rekstri sakamála rétt eins og í rekstri einkamála og það er mjög eðlilegt að það sé svipað eða sambærilegt tímagjald hvort heldur sem verið er að reka sakamál eða einkamál. Þar að auki eru hagsmunir skjólstaðinga í sakamálum oft gríðarlegir og þá ef til vill eðlilegt að það sé rukkað fullt gjald,“ segir Vilhjálmur.

GREIÐSLUR FYRIR DÆMIGERT REFSIMÁL

- Peir verjendur í sakamálum sem Fréttablaðið ráðfærði sig við sögðu hefðbundið sakamál, sem ekki er of flókið, taka í kringum 25-30 klukkustundir allt í allt.
- Oft væru mætingar til lögreglu tvær, sem stæðu yfir í um tvær klukkustundir hvor. Allt í allt fari um 5-10 klukkustundir í málið þegar það er á rannsóknarstigi.
- Sé ákært í málinu bætast við 10-15 klukkustundir, en þar er innifalið mætingar í fyrirtökur fyrir dómi, undirbúningur aðalmeðferðar, málflytningur, dómsuppsaga og svo fleira eins og viðtöl, símtöl, tölvupóstsendingar og svo framvegis.

FYRIR HÆKKUN

40.000 kr.

fyrir mætingar hjá lögreglu

300.000 kr.

fyrir 30 klukkustundir

Samtals: 340.000 kr.

EFTIR HÆKKUN

40.000 kr.

fyrir 2 mætingar hjá lögreglu

495.000 kr.

fyrir 30 klukkustundir

Samtals: 599.000 kr.

Aðalfundur

Aðalfundur landssamtakanna Spítalinn okkar verður haldinn fimmtudaginn 26. mars 2015 kl. 16.15 í Háskólanum í Reykjavík stofu M101

Dagskrá aðalfundar

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar og tveggja skoðunarmanna reikninga
7. Önnur mál:

a. Spítalinn okkar – almannatengsl á fyrsta ári samtakanna
Magnús Heimisson, almannatengill

b. Hvað má læra af Norðmönnum?

Ingólfur Þórisson, framkvæmdastjóri Landspítala

Á undan fundinum frá kl. 16.00 verður boðið upp á veitingar í Háskólanum í Reykjavík fyrir framan stofu M101

Fundarstjóri verður **Magnús Pétursson, ríkissáttasemjari**

Við hlökkum til að sjá þig.

Stjórnin.



BMW EfficientDynamics
Less emissions. More driving pleasure.

BMW X5

www.bmw.is



Hrein
akstursánægja



AKTU ALVÖRU JEPPA Á HVAÐA VEGI SEM ER.

NÝR BMW X5 25d DÍSIL xDRIVE.

Þriðja kynslóðin af BMW X5 er sú glæsilegasta hingað til. Nýr X5 25d xDrive er með 218 hestafla dísilvél og 8 gíra sjálfskiptingu og eyðir einungis 5,8 l/100 km í blönduðum akstri.

Aktu framförum – kynntu þér nýjan BMW X5.

BMW X5 25d xDrive. Verð frá 10.790.000 kr.: Steptronic 8 þrepa sjálfskipting – 18" álfelgur lykillaus gangsetning – rafdrifinn afturhleri – rafdrifin framsæti með minni fyrir ökumann – nálgunarvarar bakkmyndavél – handfrjáls Bluetooth símabúnaður – 6,5" litaskjár

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



EN1EM175JA1NM67806

Tvöfalda þarf hótelrými á 7 árum

Ef spár Landsbankans um komur ferðamanna ganga eftir þarf uppbygging hótela í Reykjavík á sjö árum að samsvara því sem hefur verið byggt frá upphafi. Fjárfestingin þessi sjö ár bankar í 80 milljarða króna, ef hún gengur eftir. Tvær milljónir ferðamanna árið 2021.

Svavar Hávörðsson
svavar@frettabladid.is



Ef spá Landsbankans um þróun ferðaþjónustunnar á Íslandi gengur eftir þarf að fjölga hótelherbergjum í Reykjavík um 600 á ári frá árinu 2016 til 2022. Fjöldun hótela á þessum sjö árum þarf því að samsvara allri uppbyggingu hótela í Reykjavík frá upphafi og til ársloka 2015.



DAVÍÐ BJÖRNSSON

Á ráðstefnu Landsbankans um stöðu og horfur í ferðaþjónustu, undir yfirskriftinni Eru milljón ferðamenn vandamál?, ræddi Davíð Björnsson, forstöðumaður á fyrirtækjastofu bankans, um hvort komið sé nóg af hótélum í Reykjavík og hver þörfin fyrir uppbyggingu hótela í Reykjavík er á næstu árum, og er ofantalið meðal niðurstaða hans.

Fljótlega 1,5 milljónir

Gústaf Steingrímsson, hagfræðingur í hagfræðideild Landsbankans, gerði grein fyrir nýrri greiningu um ferðaþjónustuna í landinu. Með gestum af farþegaskipum losaði fjöldi ferðamanna milljónina árið 2014, en Landsbankinn spár að þeir verði 1.170 þúsund á þessu ári; 1.340 þúsund árið 2016 og 1.450 þúsund árið 2017.

Hóflégar spár


Davíð lagði út frá þessum tölum í greiningu sinni á uppbyggingu gistiadstöðu í Reykjavík og benti á að herbergjum í Reykjavík, á þriggja og fjögurra stjörnu hótélum, hafði fjölgað úr 1.500 árið 2000 í 2.400 árið 2010. Þau verða 4.000 í árslok, og því nemur fjöldunin á þessu tímabili 1.300 hótelherbergjum, eða að meðaltali 260 herbergjum á ári.

„Mörgum hefur þótt nóg um þessa fjöldun og velt því fyrir sér hvort hún sé of mikil,“ sagði Davíð en sú uppbygging gistiadstöðu sem hann nefndi frá árinu 2000, og er í farvatninu á allra næstu árum, fer ekki svo mikið sem nálægt því að halda í við ferðamannastrauminn – eða sprenginguna sem er staðreynd síðustu árin.

„Ég miða síðan við spá Hagfræðideildar Landsbankans um 15% vöxt á árinu 2016 og 8% vöxt árið 2017. Til að nota eitthvað miðaði ég síðan við að árlegur vöxtur eftir árið 2017 verði áfram 8%. Ég held að flestir geti verið sammála um að þessi spá sé fremur hóflæg, a.m.k. sé hún borin saman við þá sprengingu, sem við höfum orðið vitni að á síðustu fimm árum,“ sagði Davíð og miðað við tölfraðina til 2017 verða ferðamenn orðnir tvær milljónir talsins árið 2021.

Þörf fyrir ný hótelherbergi byggir Davíð á þessum forsendum. „Ég geng út frá því í þessum útreikningum að nýting hótelherbergja í Reykjavík verði að meðaltali 75%, sem er mjög hátt, og töluvert yfir langtímafráfarir, en þó lægri en við höfum séð frá og með árinu 2012.

NAUÐSYNLEG FJÖLGUN HERBERGJA Í REYKJAVÍK TIL 2022



Í árslok 2015 verða um 4.000 hótelherbergi í Reykjavík, en þyrftu að vera 440 fleiri miðað við þessar forsendur. Við sjáum að í lok þessa spátímabils, í árslok 2022, þyrftu hótelherbergi í Reykjavík að vera 8.100 talsins miðað við sömu forsendur.

600 herbergi á ári

Eins og Davíð bendir réttilega á opinberast í tölum hans sú staðreynd að fjölga þarf um tæplega 600 hótelherbergi á ári á árabílinu 2016 til 2022. „Til að setja þetta í samhengi

þyrfti að reisa ný hótel á næstu sjö árum, sem rúmuðu jafn mörg herbergi og öll hótel í Reykjavík, sem byggð voru eða tekin verða í notkun í Reykjavík til ársloka 2015,“ sagði Davíð og bætti við að það sé mat Landsbankans að ekki náist að anna þessu framboði, sér í lagi á fyrri hluta tímabilsins en að framboð geti aukist frá og með árinu 2018. Ástæðan er einfaldlega sú að það eru tiltölulega fá ný hótelverkefni í farvatninu sem stendur, upplýsti Davíð en tvö til fjögur ár líða

yfirleitt áður en hugmynd er þróuð þangað til hótel rís.

Gríðarleg fjárfesting

Um gríðarlega fjárfestingu er að ræða ef Davíð reynist sannspár um þörf og uppbyggingu næstu ára. Algengt er að stofnkostnaður við nýtt hótelherbergi sé á bilinu 18 til 20 milljónir króna og því er hér um að ræða árlega fjárfestingarþörf á bilinu 11 til 12 milljarðar króna á ári, eða allt að 80 milljarðar á tímabilinu 2016 til 2022.



Afkoma sjóðsins á árinu 2014

Samtryggingardeild

Helstu tölur úr ársreikningi í milljónum króna	2014	2013
Iðgjöld	2.674	2.564
Lífeyrir	550	512
VIRK endurhæfingarsjóður	34	31
Fjárfestingartekjur	3.504	3.629
Fjárfestingargjöld	126	157
Rekstrarkostnaður	100	84
Hrein eign til greiðslu lífeyris	49.880	44.512
Fjöldi virkra sjóðfélaga	2.832	2.830
Meðalfjöldi lífeyrisþega	325	301
Nafnávöxtun	7,4%	8,7%
Raunávöxtun	6,3%	4,8%
Hrein raunávöxtun	6,1%	4,6%
Hrein raunávöxtun sl. 3 ár	5,4%	3,7%
Hrein raunávöxtun sl. 5 ár	2,9%	1,6%
Lífeyrir sem hlutfall af iðgjöldum	21,8%	21,2%
Hlutfall erlendra eignar í eignasafni	18,7%	18,2%
Tryggingafræðileg staða	0,2%	1,3%
Eign umfram áfallnar skuldbindingar	-0,3%	-3,0%
Eign umfram framtíðarskuldbindingar	0,8%	7,0%

Ávöxtun

Nafnávöxtun samtryggingardeildar var 7,4% og raunávöxtun 6,3%. Hrein raunávöxtun sl. þrjú ár var að meðaltali 5,4% sem er töluvert yfir 3,5% ávöxtunarviðmiði lífeyrissjóða sem notað er við útreikninga á tryggingafræðilegri stöðu. Nafnávöxtun fjárfestingarleiða séreignardeildar var á bilinu 2,8-4,6% á árinu 2014 og skiluðu allar leiðirnar jákvæðri raunávöxtun. Ávöxtun ræðst af eignasamsetningu og áhættustigi fjárfestingarleiða sjóðsins auk fjárfestingarmöguleika.

Tryggingafræðileg staða

Samkvæmt tryggingafræðilegri athugun voru heildareignir samtryggingardeildar 0,2% umfram heildarskuldbindingar í árslok og var staða sjóðsins því jákvæð annað árið í röð. Góð raunávöxtun bætti áfallna stöðu sjóðsins verulega. Nýjar réttindatöflur tóku gildi 1.1. 2015 í samræmi við grein 6.2 í samþykktum sjóðsins. Réttindaávinningur fyrir greitt iðgjald í framtíðinni hækkaði við breytingarnar og hafði áhrif til lækkunar á tryggingafræðilegri stöðu. Ástæða er til að benda á að gott jafnvægi hefur náðst á milli áunninnar stöðu og framtíðarstöðu sjóðsins.

Heilindi | Jákvæðni | Ábyrgð

LÍFSVERK
LÍFEYRISSJÓÐUR

Lífsværk lífeyrissjóður
Engjateigi 9, 105 Reykjavík.

Sími: 575 1000
Bréfsími: 575 1001

Afgreiðslutími:
9:00 - 16:00 alla virka daga

Netfang: lifsværk@lifsværk.is
www.lifsværk.is



Þingmenn

Í HÖRPU

Þriðjudaginn 3. nóvember
Miðasala hefst föstudaginn 27. mars
kl. 12 á harpa.is

Sérstök forsala fyrir **Iceland Airwaves**
miðahafa hefst fimmtudaginn 26. mars

**ICELAND
AIRWAVES**

ICELANDAIR 

Rakavarnarplast og þéttiefni á frábæru verði

Raka- og vatnsþéttiefnin frá Múrbúðinni eru vottuð hágæða vara á sérlega hagstæðu verði.

Rakapolplast 0,2 mm
Stærð 4x25metrar= 100m²
kr. **11.990**

HEYDI
ABDICHTUNGSTECHNIK



Bostik Folien
rakavarnarlím
315g
kr. **1.195**



Bostik/Heydi
K11 þéttimúr kr. **4.290**



MURBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ

Er sagður einn af 10 áfangastöðum í heimi sem vert er að heimsækja: Reyðarfirði hrósað á síðu CNN

FERÐAMÁL Á vef CNN eru taldir upp tíu eftirsóknarverðir staðir til að heimsækja áður en þeir taka breytingum og þar á meðal er Reyðarfjörður. Á frummálinu nefnist greinin: *10 places to see before they're changed forever.*

Ljóst er að fjörðurinn hefur fengið dágóða kynningu vegna sjónvarpsþáttanna Fortitude, sem voru að miklu leyti teknir upp á Reyðarfirði.

Í helstu hlutverkum í þáttunum eru danska leikkonan Sofie Grábøl,

Stanley Tucci og Michael Gambon. Minnst er á álverið, gamla herstöð og Íslenska stríðsárasafnið sem sé eitt helsta aðdráttarafið bæjarins.

Bæjarstjóri Fjarðabyggðar, Páll Björgvin Guðmundsson, fagnar ferðamönnum sem vilja koma við á Austfjörðum í sumar. „Nú eru þættirnir farnir að vekja athygli og það munu örugglega margir heimsækja Reyðarfjörð í sumar. Við munum taka vel á móti öllum þeim sem vilja koma í góða veðrið sem verður í sumar.“



VEFUR CNN Reyðarfjörður er nefndur í grein CNN, en greininni fylgir mynd af Seyðisfirði. MYND/SKJASKOT CNN

NÁTTÚRUFAR

Almyrkvi vestast á landinu

Pegar hér verður næst sólmyrkvi, 12. ágúst 2026, smá sjá á hluta landsins almyrkva á sólu, en deildarmyrkva annars staðar, líkt og í sólmyrkvanum í síðustu viku. Almyrkvi verður á vestasta hluta landsins og stendur lengur eftir því sem vestar dregur, að því er fram kemur á Vísindavef Háskólans. Þannig verður almyrkvi ein mínúta og tíu sekúndur í Reykjavík, en tvær mínútur og 13 sekúndur á Látrabjargi, vestasta odda landsins.



VIÐBÚNAÐUR Erfitt er að komast að slysstaðnum en björgunarsveitir, lögregla og sjúkraflytningafólk safnaðist saman í Seyne, þaðan sem haldið var upp til fjalla.

NORDICPHOTOS/AFP

Brakið dreift um fjallendi

Allir farþegar og áhöfn farþegaþotu af gerðinni Airbus A320 fórust í Frönsku ölpunum í gær. Meðal farþega voru sextán þýskir framhaldsskólanemar.

FRAKKLAND Farþegaþota af gerðinni Airbus A320 fórst í Frönsku ölpunum nokkru fyrir hádegi í gær. Um borð voru 144 farþegar ásamt sex manna áhöfn og er óttast að allir hafi farist.

Vélin var á leiðinni frá Barcelona á Spáni til Düsseldorf í Þýskalandi þegar hún hrapaði í fjöllumum í um það bil tvö þúsund metra hæð. Um það bil níu mínútum áður en hún skall í jörðina byrjaði vélin skyndilega að lækka flugið. Vélin var þá nýkomin í 38 þúsund feta hæð, en engin skýring var fengin á því hvernig á lækkuninni stóð.

Farþegarnir voru frá Þýskalandi, Spáni og fleiri löndum, þar á meðal voru 67 Þjóðverjar og 45 Spánverjar. Meðal farþeganna voru sextán nemendur úr þýskum framhaldsskóla á leið heim úr skiptinámsferðalagi.

Nemendurnir voru frá þýska bænum Haltern. Þeir höfðu dvalið í eina viku í heimahúsum hjá fjölskyldum jafnaldranna sinna í spænska þorpinu Llinars del Vallés, og ríkti mikil sorg þar í bæ í gær.


Bernard Cazeneuve, innanríkisráðherra Frakklands, flaug síðdegis í gær yfir svæðið ásamt þingmanninum Christophe Castaner, sem skýrði frá því á Twitter-síðu sinni að brot úr flugvélinni væru dreifð um fjallendið: „Hræðilegar myndir í þessu fjallalandslagi. Ekkert er eftir nema brak og lík.“

Ekkert neyðarkall barst frá vélinni en allt samband við hana rofnaði þegar hún tók að lækka flugið.

Vélin var 24 ára gömul í eigu þýska laggjaldaflugfélagsins Germanwings, sem er dótturfélag þýska flugfélagsins Lufthansa.

AIRBUS-POTA FÓRST

Potan var á leiðinni frá Barcelona til Düsseldorf. Um borð í vélinni voru 144 farþegar ásamt sex manna áhöfn.



Kl. 10:47 Vélin fórst í 2 kílómetra hæð skammt frá Digne-les-Bains í Frakklandi. Staðartími

Heimild: Fréttaveitur © GRAPHIC NEWS

Flugmaðurinn hafði meira en tíu ára flugreynslu hjá Lufthansa og Germanwings.

Þjóðarleiðtogar Spánar, Þýskalands og Frakklands hafa tjáð sig um slysið, lýst yfir harmi sínum og vottað aðstandendum samúð sína.

Engin skýring hafði fengið á slysinu í gær. Ekkert benti til þess að um hryðjuverk hefði verið að ræða, en Airbus-fyrirtækið sendi frá sér yfirlýsingu um að allt verði gert til þess að greina hvað fór úrskeiðis.

Airbus-vélar af gerðinni A320 eru algengustu vélarnar sem fyrirtækið hefur framleitt. Í notkun eru nú nærri 3.700 vélar af þessari gerð um heim allan. gudsteinn@frettabladid.is



MBA INTERNATIONAL PROGRAMME

ALÞJÓÐLEGT MBA-NÁM Á ÍSLANDI

Kynning á MBA-námi í HR

26. mars kl. 12:00 í stofu M208

Skráning á mba@ru.is

„Mig langaði að takast á við nýjar áskoranir í stjórnun og opna fyrir möguleika í öðrum atvinnugreinum. Ég er þakklát fyrir að hafa tekið þessa ákvörðun því námið hefur klárlega gefið mér ný tækifæri og gert mig að betri leiðtoga.“

Sigríður Olgeirsdóttir

MBA frá HR 2005

Framkvæmdastjóri Rekstrar- og upplýsingatæknisviðs Íslandsbanka



ASSOCIATION
AMBA
ACCREDITED

Genuine Parts®



20%
AFSLÁTTUR
BREMSUVÖRUR OG
BREMSUVINNA VIÐ
HEKLABÍLA

BREMSAÐU AF ÖRYGGI

Renndu við hjá **HEKLU** við Laugaveg og við skiptum um bremsuklossa/bremsudiska á meðan þú bíður.

Hjá **HEKLU** er óþarfi að panta tíma fyrir smærri viðgerðir. Ef þú vilt ekki bíða skilur þú bílinn eftir hjá okkur og við skutlum þér þangað sem þú vilt fara – og sækjum þig aftur!



Laugavegi 170-174 · Sími 590 5000 · hekla.is



EKKI MISSA AF ÞESSU EINSTAKA TÆKIFÆRI!

60.000 KR.

BÓKUNARAFSLÁTTUR M.V. 4 MANNA FJÖLSKYLDU

GILDIR FYRIR ÖLL FLUG OG ÖLL HÓTEL Í SUMAR TIL MALLORCA, TENERIFE, ALMERIA OG COSTA BRAVA

Hringdu í síma 585 4000, komdu í heimsókn í Hlíðasmára 19 eða sendu tölvupóst á bokunarafslattur2015@uu.is og nýttu þér þetta frábæra tilboð. Skelltu þér með okkur í sólina í sumar!

Innfalið í verði er flug, flugvallaskattar, íslensk fararstjórn, 10 kg handfarangur og 20 kg ferðataska.

Rútuferðir á hótelið og skoðunarferðir valkvæðar gegn gjaldi.

15.000 KR.
BÓKUNARAFSLÁTTUR
Á MANN

TILBOÐ
GILDIR TIL
1. APRÍL

OPÍÐ
09.00-17.00

BROTTFARIR Í
MAÍ, JÚNÍ, JÚLÍ
OG ÁGÚST

FRÁBÆRT
VERÐ

MALLORCA

FJÖLSKYLDUPARADÍS SKAMMT FRÁ PALMA

Dagflug, góð hótél, barnaklúbbar og frábærar strendur. Náttúrufegurð, fjölbreyttir afþreyingarmöguleikar og úrval veitinga- og skemmtistaða.

VERÐDÆMI
M.V. 2+2 FRÁ **82.600 KR.**

COSTA BRAVA

STEINSNAR FRÁ BARCELONA

Sameinar strönd og borg enda skammt frá Barcelona. Kjörinn staður fyrir þör og fjölskyldur sem vilja slaka á og drekka í sig spænska menningu.

VERÐDÆMI
M.V. 2+2 FRÁ **79.900 KR.**

ALMERÍA

EKTA SPÆNSK MENNING OG HAGSTÆTT VERÐLAG

Fjölskylduvænn staður sem hefur allt það besta sem spænsk menning býður upp á. Yndislegur strandbær og frábært úrval verslana og veitingastaða.

VERÐDÆMI
M.V. 2+2 FRÁ **76.900 KR.**

TENERIFE

MARGSKONAR AFÞREYING OG FRÁBÆRT VEÐURFAR

Eitthvað fyrir alla! Fjölbreytt úrval gististaða og margskonar afþreying í boði t.d. einstakur dýragarður og óviðjafnanlegur vatnsrennibrautagarður.

VERÐDÆMI
M.V. 2+2 FRÁ **81.900 KR.**

Bifreiðar komu við sögu í flestum slysum á hjólreiðafólki: Reiðhjólslaslys voru 94 í fyrra

SLYS Þar sem reiðhjólum fer nú senn að fjölga í umferðinni á höfuðborgarsvæðinu birti lögreglan á höfuðborgarsvæðinu tölur um reiðhjólslaslys í fyrra.

Árið 2014 voru 94 reiðhjólslaslys tilkynnt til lögreglunnar, en í þeim slösuðust 93 hjólreiðamenn. Í 45 tilvikum áttu slysin sér stað þegar bifreið var ekið á hjólreiðamann.

Tíu slys urðu þegar reiðhjól hafnaði á kyrrstæðum bíl, hlut eða gangandi vegfaranda. Þar að auki urðu sjö slys þegar reiðhjól rákust saman. Alls voru 32 tilvik skráð sem fall af reiðhjóli.

- skó, vh



MÖRG SLYS Fjöldmargir slösuðust á reiðhjóli í fyrra og hvetur lögreglan fólk til þess að fara varlega.

Fordæmdu glæpa- verk í Afganistan

Farkhunda, 27 ára gömul afgönsk kona, var myrt á hrottafenginn hátt í Afganistan síðastliðinn fimmtudag. Hún var barin með kylfu, bíl ekið yfir hana og svo kveikt í henni. Afganskar konur á Íslandi efndu til friðarstundar í gær vegna morðsins.

MÓTMÆLI „Þeir segja að hún hafi brennt Kóraninn til þess að réttlæta þennan hræðilega atburð,“ segir Fatima Hossaini, afgönsk kona sem býr á Íslandi, um morðið á Farkhunda, 27 ára afganskri konu, sem var myrt á hrottafenginn hátt í höfuðborginni Kabúl í Afganistan síðastliðinn fimmtudag. Fatima er í hópi afganskra kvenna á Íslandi sem efndu til friðarstundar í gær vegna dauða Farkhunda.

„Hún gagnrýndi mann sem var að gera einhvers konar töfra með Kóraninn, en hún var mjög trúuð og lærði guðfræði. Maðurinn brást illa við og var hún þá ranglega sökuð um að hafa brennt eintak af Kóraninum,“ segir Fatima.

Í kjölfar þess að vera ranglega sökuð um að brenna Kóraninn var hún barin með kylfum af múg manns og bíl ekið yfir hana áður en eldur var borinn að henni. Líkinu var svo kastað í ána Kabúl en bjargað þaðan. Jarðneskar leifar Farkhunda voru bornar til grafar á sunnudaginn var og mættu hundruð manna í útförina.

Friðarstundin var haldin í höggmyndagarði Hljómskálagarðsins. Fólk kom saman með rósir og fordæmdu þann glæp sem var framinn. Þá fordæmdu fólk í leiðinni ofbeldi gegn konum og stúlkum.



**MÓTMÆLA
MORÐINU**

Fólk kom saman í Hljómskálagarðinum og fordæmdu morðið á Farkhunda. Fatima Hossaini, einn skipuleggienda friðarstundarinnar, er önnur frá vinstri á myndinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VILHELM

Hundruð manna hafa mótmælt árásinni á götum Kabúl undanfarna daga. „Fólk er að mótmæla úti um allan heim, til dæmis veit ég af mótmælum í Frakklandi, Danmörku og Svíþjóð,“ segir Fatima.

Átján manns hafa verið handteknir vegna málsins og þrettán lögreglumönnum verið vísað tímabundið úr starfi fyrir að hafa ekki gert nóg til að bjarga konunni, að því er kemur fram á vef breska blaðsins The Guardian. „Ég held að þessir lögreglumenn hafi verið mjög strangtrúðir og mögulega ekki aðhafst neitt vegna þess að

þeir héldu að hún hefði brennt Kóraninn,“ segir Fatima og bætir við að þetta sé alls ekki réttlætanlegt samkvæmt Kóraninum. „Samkvæmt Kóraninum er stranglega bannað að brenna fólk.“

Ríkisstjórn landsins og lögreglu- yfirvöld hafa viðurkennt alvarleika málsins og talsmaður innarríkisráðuneytisins samþykkti að lögregla hefði getað brugðist betur við til að reyna að bjarga Farkhunda. Þá hefur Asraf Ganí, forseti landsins, kallað eftir rannsókn á atburðinum.

nadine@frettabladid.is

elica
COLLECTION

**20%
AFSLÁTTUR**

Elica háfar **EIRVÍK**
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is



NÝR FJÁRFESTINGARKOSTUR Á HLUTABRÉFAMARKAÐ



STARFSFÓLK VÍB SVARAR SPURNINGUM OG VEITIR RÁÐGJÖF VARÐANDI SKRÁNINGU REITA Í KAUPHÖLL ÍSLANDS

Opinn hluti almenns útboðs í Reitum hefst í dag kl. 16.00 og stendur til 27. mars kl. 16.00.

Hafðu samband í síma 440 4900 eða komdu í heimsókn á Kirkjusand.
Við tökum vel á móti þér.

ÞRJÁR Á TOPPNUM!

ALVÖRU TRYLLIR! SÖNN SAGA FRÁ SVÍÞJÓÐ

„Áhugaverðasti kriminn á svæðinu. Mjög vel skrifað og byggt, það er allt þarna sem á að vera í krimma. Fín bók.“

Friðrika Benónýs, Kiljunn

Dansað við björninn


Vildarverð: 3.499.-

Verð: 3.899.-



2.

Metsölulisti
Eymundsson



3.

Metsölulisti
Eymundsson

Við

Vildarverð: 3.299.-

Verð: 3.699.-

ÓBÆRILEGA FYNDIN!

„Á köflum nánast óbærilega fyndin, þótt undirtónninn sé harmrænn. ... Mannbætandi.“

★★★★ Friðrika Benónýs, Fréttablaðinu

FÆR MANN TIL AÐ HLÆJA OG GRÁTA

„Einstaklega manneskjuleg og grátbrosleg saga í lipurri þýðingu Jóns Daníelssonar sem fær mann til að hlæja og gráta á víxl.“

Sigmundur Ernir Rúnarsson, hringbraut.is



1.

Metsölulisti
Eymundsson

Britt-Marie var hér

Vildarverð: 3.299.-

Verð: 3.699.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildarverð gildir 25. mars, til og með 29. mars. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Áætlanir um afnám tolla eru jákvæðar fréttir:

Tollarnir bjaga markaðinn

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, tilkynnti í umræðum á Alþingi í fyrradag að fram undan væri heildarendurskoðun á tollakerfinu hérlendis. Í samtali við Fréttablaðið sagði hann kerfið flókið og margbrotið, það leggi kostnað á atvinnulíf og hið opinbera og skili tiltölulega litlum tekjum í ríkissjóð.

Tekjur ríkisins af tollum og aðflutningsgjöldum eru nefnilega ekki nema 5,5 milljarðar sem er innan við eitt prósent af heildartekjum ríkisins. Þrátt fyrir það hefur myndast heill iðnaður í kringum tolla og tollafgreiðslu auk þess sem mörg fyrirtæki þurfa sérstaka starfsmenn til að sjá um sín tollamál. Þá eru tollar á Íslandi tæplega þrefalt hærri en í nágrannalöndunum og skilvirkni í framkvæmd kerfisins minni. Tollar eru lagðir á samkvæmt tollskrá í 21 vöruflokki og í yfir 12 þúsund tollnúmerum.

Óskiljanlegir tollar draga úr skilvirkni verslunar og verðlagningar í landinu og hækka þannig vöruverð til neytenda. Tollar geta einnig haft mikil áhrif á neyslu fólks, skekkja þannig samkeppni, draga úr vöruviðskiptum og flytja verslun úr landi. Einföldun á tollkerfinu væri því til mikils hagræðis fyrir neytendur, innflytjendur, framleiðendur og iðnaðinn.

„Þegar maður horfir til þess hversu litlu þeir skila í raun, þá finnst mér að við hljótum að þurfa að skoða möguleikana á því að afmá þá einn af öðrum,“ sagði Bjarni sem hyggst horfa sérstaklega til tolla á fatnað til að byrja með. Samkeppnisstaða innlendrar fata- og skóverslunar hefur að sögn Andrésar Magnússonar, framkvæmdastjóra Samtaka verslunar og þjónustu, versnað. Hann segir stóran hluta fatnaðar sem fluttur er hingað til lands í gegnum Evrópusambandið frá ríkjum utan sambandsins í raun tvítollaðan þar sem Evrópusambandið leggi á 15 prósentatoll og síðan komi 15 prósentatollur ofan á það verð hér á Íslandi. Rannsóknir benda enda til að Íslendingar kaupi á bilinu 30 til 45 prósent af sínum fatnaði í útlöndum, mismunandi eftir tegundum, en mest af barnafatnaði.

Íslenskir neytendur hljóta að fagna þessari viðleitni ráðherrans og vonast til að sem mest verði úr þessum fyrirætlunum hans. Það er auðvitað óheppilegt að Íslendingar kjósi fremur að versla erlendis en hér á landi, hvort sem um er að ræða fatakaup eða annað, og íslensk verslun þarf að hafa svigrúm til að bjóða vörur á hagstæðu verði enda er slíkt besta leiðin til að auka hér kaupmátt.

Sé Bjarna alvara um að afmá hér þetta stórundarlega tollakerfi, eins og vel að merkja hefur verið lagt til í landsfundarályktunum Sjálfstæðisflokksins svo árum skiptir, setur það einnig þrýsting á samstarfsflokkinn sem fer með landbúnaðarráðuneytið. Af 21 tollvöruflokki eru þrjár sem snúa að matvælum og eru á forræði landbúnaðarráðherra. Íslensk heimili verja um 10 til 18 prósentum af ráðstöfunartekjum sínum til kaupa á mat- og drykkjarvöru. Tekjulægstu heimilin eyða herra hlutfalli en þau tekjuhærri. Íslenskir neytendur munu varla sætta sig við að landbúnaðurinn verði eina eftirlögukindin í tollakerfinu.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efnit blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

SÉRTILBOÐ

Frá kr. **86.900**

23. apríl í 4 nætur

Budapest

Netverð á mann frá kr. 86.900 á Mercure Museum m.v. 2 fullorðna í herbergi.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is

Heimsferðir

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hvar er lærdómurinn?

„Einn af lærdómum sem menn drógu hér eftir hrúnið var að ekki hefði reynst sérstaklega til farsældar fallið eða orðið til þess að auka stöðugleika í landinu í efnahagsmálum að hafa þrjá seðlabankastjóra. Ég spyr forsætisráðherra hvort hann styðji hugmyndir um að hafa í landinu þrjá seðlabankastjóra og hvort það sé ætluin að taka með þeim hætti úrslitavöldin af sitjandi seðlabankastjóra með því að það sé hægt að taka ákvörðun af tveimur seðlabankastjórum gegn atkvæði hins þriðja, þ.e. að hinir nýju seðlabankastjórar sem við bætist geti myndað meirihluta sem ráði í bankanum,“ sagði Helgi Hjörvar á Alþingi.



Hefur ekki séð frumvarpið

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson svaraði Helga þannig að hann hefði ekki séð frumvarpið, um breytingar á Seðlabankanum, og því væri of snemmt að svara hvaða skoðun hann kynni að hafa á því. „Hins vegar nefndi ég á sínum tíma í umræðu um þessi mál að það hefði vissa kosti og róta galla að hafa einn seðlabankastjóra og vissa kosti og galla að hafa þá fleiri en einn.“

Helgi var ósáttur við svarið og spurði meðal annars: „Telur hann það til þess fallið að auka traust á íslensku efnahagslífi að róta þannig með yfirstjórn bankans?“

Fabúleringar þingmannsins

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson svaraði á ný: „Hvað varðar hins vegar fabúleringar þingmanns um að það sé á einhvern hátt því að kenna að við höfum haft þrjá seðlabankastjóra að hér hafi efnahagsmálin þróast með þeim hætti sem þau gerðu fyrir nokkrum árum er það ákaflega sérkennilegt enda er það oftar en ekki tilfellið að fleiri en einn seðlabankastjóri eru við stjórnvöldin í seðlaböndum landanna í kringum okkur, oft og tíðum margir seðlabankastjórar. Hér voru lengi vel þrjár seðlabankastjórar. Það voru ekki helmingaskipti í því eða er þingmaður að gera lítið úr öllum þeim ágætum krötum sem gegndu starfi seðlabankastjóra...“



HALLDÓR



Hinn pólitíski ómöguleiki

STJÓRN MÁL



Lýður Árnason læknir og vaktstjóri Lýðræðisvaktarinnar

Ótrúlegar vendingar hafa fyrirgengi í íslenskum stjórnmálum frá hrúni. Vinstri stjórnin flaggaði frelsislyndi og virtist staðráðin í að lyfta þjóðinni upp úr sérhagsmunapólitík árána á undan. Í þessu andrúmslofti var þjóðinni falið það verkefni að setja samfélaginu nýjan ramma með nýrri stjórnarskrá. En í stað þess að fylgja framtakinu kröftuglega úr hlaði ákvað ríkisstjórnin að hefja aðildarviðræður við ESB án þess að spyrja þjóðina. Þessi andlýðræðislega ákvörðun ónýtti allt kjörtímabilið enda rann þingmeirihlutinn á rassinn og megnaði hvorki að klára aðildarviðræðurnar né að staðfesta nýja stjórnarskrá samkvæmt þjóðarvilja.

Hrunflokkarnir tóku við og lofuðu kjósendum þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald ESB-viðræðna. Nú eru efndir þessara kosningaloforða kallaðar pólitískur ómöguleiki. Var þessu fólki ekki ljóst þegar loforðin voru gefin að hugsanlega þyrfti það að vinna gegn sannfæringu sinni? Kviknaði kannski fyrst á perunni eftir kjördag? Eða helgar tilgangurinn meðalið?

Frammistaða Fjórflokksins í ESB-málinu er einkar dapurleg. Fyrri ríkisstjórn hafnaði aðkomu þjóðarinnar og þessi endar í ráðherraslóli. Þjóðin er fórnar-

lamb þessa yfirgangs, hún hefur aldrei fengið að tjá hug sinn og situr nú uppi með þvingaða niðurstöðu, sundruð og með enn eitt þrætueplið á herðunum.

Sem betur fer virðist vitundarvakning meðal fólks einmitt á þessu. Yngri kynslóðirnar eru þar í fararbroddi og nenna ekki að hlusta á afdankaða atvinnupólitíkusa reyna að sannfæra kjósendur um hluti sem augljóslega ganga ekki upp. Krafan um að uppræta pólitískt þræfeli er þannig að ná fótfestu og sú breiðfylking veit að besta leiðin er að auka aðkomu þjóðarinnar með beinu lýðræði sem felur í sér að tiltekið hlutfall kjósenda geti knúið á um þjóðaratkvæðagreiðslu. Með slíku ákvæði í stjórnarskrá gæti þjóðin klárað þau mál sem þinginu er fyrirmun- að og ríkisstjórnir síður komist upp með að svíkja kjósendur sína.

Að lokum þetta: Á löngum ferli hefur Fjórflökkurinn átt ágæta spretti. En hann er hættur að bera virðingu fyrir uppsprettu valdsins sem liggur hjá þjóðinni. Þræðir hans liggja annað. Fyrir Fjórflökkinn er þjóðarvilji þannig ekki leiðsögn heldur vandamál og gengur þvert á þá þrönghagsmunapólitík sem hann rekur. Þetta er sá pólitíski ómöguleiki sem við búum við og hann þarf að kjósa burt.

Heilbrigðisþjónustunni á ekki að breyta í kyrrþey

Það mun hafa verið undir aldarlokin að kunningi minn lá banaleguna á Borgarspítalanum í Reykjavík með óviðráðanlegt krabbamein. Á sjúkrahúsinu fékk hann þá umönnun og þjónustu sem völ var á. Þó ekki alveg. Þegar gera þurfti tilteknar röntgenrannsóknir var ekið með hann í sjúkrahúsi á Domus Medica þar sem var að finna enn betri tæki en á sjúkrahúsinu.

HEILBRIGÐIS- MÁL



Ögmundur Jónasson alþingismaður

rekstri í hag, að ekki sé á það minnst ef hér rísa einkarekin sjúkrahús kostuð af hinu opinbera og gjöldum frá betur megandi sjúklingum. Á slíkum einkareknum sjúkrahúsum í eigu fjárfesta þrífust væntanlega illa hinir sjálfstæðu kóngar og drottningar í læknastrétt sem nú una vel sínum hag á eigin stofum.

→ Ég hvet sem flesta að taka þátt í þessari umræðu. Breytingar á heilbrigðisþjónustunni eiga ekki og mega ekki gerast í kyrrþey.

Læknar og stjórnáamenn einkavæða

Hvernig gat þetta verið? Hver hafði greitt fyrir þessi tæki? Greiðslurnar höfðu að sjálfsögðu komið úr ríkissjóði í gegnum almannatryggingar. Til Domus var sjúklingum nefnilega vísað í þeim mun stríðari straumum sem meira var skorið niður á sjúkrahúsum þar sem þessi þjónusta hafði verið veitt. Þar lengdust biðraðir fyrir bragðið. Ég minnst þess að gera athugasemd þegar mér var vísað á einkarekna stofu til myndatöku, sagðist heldur vilja fara annað. Ég spurði jafnframt hvort læknirinn gerði sér ekki örugglega grein fyrir því að hann væri að taka ákvörðun sem væri ekki síður fjármálaleg en læknisfræðileg. Tilvísuninni var breytt og merkt við í kladdann að þessi sjúklingur væri með sérviskuleg viðhorf.

Blandan að breytast

Viðhorfin eru samt ekki sérviskulegri en svo að á grundvelli þessa tvenns, niðurskurðar í almannathjónustunni og greiðslufæðis til einkareksturs á heilbrigðisviði er læknisþjónusta smám saman að færast í privat hendur. Sjálfum hefur mér alltaf þótt vera í lagi – og meira að segja til góðs – að hafa afmarkaðan einkapraxis til hliðar við almannaþjónustuna, en blandan þyrfti að vera rétt. Ég óttast að hlutföllin séu nú smám saman að breytast einka-

Rógburður?

Nú er hættan sú að skrif mín verði skilgreind sem nið og rógburður um einkarekna heilbrigðisþjónustu. Vísa ég þar í grein eftir Birgi Guðjónsson lækni sem skrifar í Fréttablaðið 18. mars síðastliðinn.

Upphaf greinarinnar er svohljóðandi: „Prófessor við HÍ hefur sem oftari farið mikinn við að rægja einkarekstur í heilbrigðiskerfinu og verið fylgt eftir af lektor og alþingismönnum á vinstri væng. Engin tilraun er gerð til að skilgreina gæði.“

Hér er greinilega vísað til rannsókna og skrifa Rúnars Vilhjálmssonar prófessors og síðan okkar alþingismanna sem höfum varað við því að svelta almannarekna heilbrigðisþjónustu á sama tíma og einkapraksís er auðveld að lífið.

Lofsverðar rannsóknir

Ástæða er til að þakka Rúnari Vilhjálmssyni prófessor fyrir vandada og málefnalega umfjöllun um heilbrigðismál. Rúnar hefur rannsakað sérstaklega þá þróun sem orðið hefur í hlutdeild sjúklinga við fjármögnun heilbrigðisþjónustunnar og hvernig sífellt hærri þjónustugjöld hafa haft áhrif á aðgengi tekjulægri hluta samfélagsins að læknisþjónustu. Einnig ber að þakka félagasamtökum á borð við Krabbameinsfélagið sem gengist hafa fyrir vönduðum rannsóknum af þessu tagi og vísa ég þar í rannsókn Ingimars Einarssonar frá árinu 2013 um tengt efni.

Málefnaleg umræða til góðs

Birgir Guðjónsson fjallar í grein sinni fyrst og fremst um ágæti einkareksturs umfram almannaþjónustu. Um þetta hafa einnig verið gerðar rannsóknir og skýrslur og Landlæknisembættið í tímans rás leitt okkur í sanninn um ýmsar staðreyndir í þessum efnunum og nefni ég þar, að öðrum ólöstuðum, Ólaf Ólafsson, fyrrum landlækni, sem hefur verið óþreypandi í upplýsingamiðun um þetta efni. Sömu sögu er að segja af BSRB sem í áruna rás hefur fengið hingað til lands fjölda sérfræðinga til að gera grein fyrir rannsóknum á samspili einkareksturs og almannaþjónustu. Allir þessir aðilar fagna málefnalegri umræðu um þessi efni en hljóta að taka því illa að vera sökuð um rógburð þegar bent er á staðreyndir um félagslega og efnahagslega mismunun í einkareknum heilbrigðiskerfum.

Sem flestir taki þátt

Birgir Guðjónsson klykkir út í grein sinni með því að segja að einkavæðing sé fyrst og fremst í þágu sjúklinga. Máli sínu til stuðnings vísar hann til biðlista í almannaþjónustunni og greiðari aðgangs í einkarekinni þjónustu. Ég svara því til að þessu valdi óhóflegur niðurskurður á framlögum til opinberu þjónustunnar og afleiðingin gæti orðið sú að annars ágæt blanda breytist sjúklingum og skattborgurum í óhag. Fyrir því hef ég oft fært rök og vil gera það enn.

Ég hvet sem flesta að taka þátt í þessari umræðu. Breytingar á heilbrigðisþjónustunni eiga ekki og mega ekki gerast í kyrrþey.

Frá kr. **76.900**

Albir & Benidorm

7 nætur í apríl & maí

Albir

Kaktus Albir ☀☀☀

Frábært verð

Frá kr. 89.900 m/morgunmat

Frá kr. 93.500 m/hálft fæði innifalið

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi.

10. apríl í 7 nætur.

Albir Playa

Frábært verð

Frá kr. 76.900 m/morgunmat

Frá kr. 86.400 m/hálft fæði innifalið

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi.

17. apríl í 7 nætur.

Benidorm

Hotel Benikaktus ☀☀☀

Frábært verð

Frá kr. 86.900 m/hálft fæði innifalið

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi.

21. apríl í 7 nætur.

Mediterraneo

Frábært verð

Frá kr. 97.900 m/allt innifalið

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi.

24. apríl í 7 nætur.

Sjá fleiri dagsetningar í boði á heimsferdir.is

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000 Akureyri • Sími 461 1099 www.heimsferdir.is

Tækifæri í mars

SIEMENS - Ryksuga
VSZ 3A222

Orkuflokkur A. Parkett og flísar, flokkur C. Teppa, flokkur D. Útblástur A. HEPA-sía. Hljóð: 79 dB. Vinnuradíus: 10 metrar.

Tækifærisverð:
22.900 kr.
(Fullt verð: 28.900 kr.)

SIEMENS - Expressó-kaffivél
TE 712201RW

Glæsileg vél sem býr til helstu drykki með einni aðgerð. 15 bara þrýstingur. Eftirlætiskerfi. Kaffikvörn úr keramik sem gerir vélina einstaklega hljóðláta.


Tækifærisverð:
169.900 kr.
(Fullt verð: 207.300 kr.)

Notun: 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

© Heimsferðir 2015. Birt með lýnara um þrenullur. Heimsferðir ákalla sér rétt til leiðréttinga á síku. Ath. að verð getur breyst án lýnara.

MERKISATBURÐIR

- 1306** Róbert Bruce verður konungur Skotlands.
- 1634** Fyrstu ensku landnemarnir koma til Maryland, fjórðu varanlegu nýlendu Engendinga í Nýja heiminum.
- 1807** Breska þingið afnemur þrælahald í Vestur-Indíum.
- 1821** Grikkir gera uppreisn gegn Tyrkjum og lýsa yfir sjálfstæði.
- 1838** Póstskip kemst til landsins eftir mikla hrakninga en það átti að leggja að í nóvember árið áður.
- 1901** Fyrsti Mercedes-bíllinn er frumsýndur á bílasýningu í Nice.



- 1956** Selfoskirkja er vígð.
- 1975** Friðlýsing Vatnsfjarðar í Barðastrandarsýslu er samþykkt og friðlandið um eitt hundrað ferkílómetrar að stærð.
- 1975** Faísal konungur af Sádi-Arabú er skotinn til dauða af frænda sínum.
- 1992** Alþingi samþykkir breytingar á lögum sem leyfir löndun á afla úr erlendum veiðiskípum.
- 2001** Schengen-samstarfið tekur gildi á Norður-löndunum.



FULL AF ORKU Pórhildur Porleifsdóttir, afmælisbarn dagsins, lítur svo á að hún sé kynslóð yngri en foreldrar hennar þegar þeir voru sjötugir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

+

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

SIGRÍÐUR KJARTANSDÓTTIR (STELLA)
frá Eyvindarholti, Hlíðarhúsum 3, Reykjavík,

lést föstudaginn 13. mars á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 27. mars kl. 13.00.

Garðar Sveinbjarnarson

Kjartan Garðarsson	Antonia Guðjónsdóttir
Guðbjörg Garðarsdóttir	Stefán Laxdal Aðalsteinsson
Anna Birna Garðarsdóttir	Jón Ingvar Sveinbjörnsson
Guðrún Þóra Garðarsdóttir	Sigurjón Ársællsson
Sigríður Garðarsdóttir	Stefán Þór Pálsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Aætlar ekki að snúa sér að endurminningum

Pórhildur Porleifsdóttir er sjötug í dag. Hún segist vera langt frá því tilbúin að setjast í helgan stein enda hafi hún svo mikla þekkingu, kunnáttu og reynslu að gefa af sér.

„Ég er ekkert upptekin af hækkandi aldri enda er þetta líka óumflýjanlegt. Meðan aldurinn hefur ekki teljandi áhrif á mig hef ég ekki teljandi áhyggjur af honum,“ segir Pórhildur létt í bragði. „Ég ætla að halda upp á þetta seinna því ég vil að öll börnin mín séu á landinu. Það er eins og að smala köttum enda búa sum í útlöndum og starfa hér og þar.“

Pórhildur hefur rætt opinberlega að henni finnst starfskraftur kvenna yfir miðjum aldri ekki vera nýttur nægilega vel í samfélaginu. „Ég er langt frá því tilbúin að setjast í helgan stein. Mér finnst ég hafa þekkingu, kunnáttu og reynslu sem væri synd að nýta ekki enda færir lífið manni svo mikla vísu. Mig langar ekkert að pakka þessari reynslu niður í kistu og fara að snúa mér að endurminningum. Ég hef nóg að gefa og myndi segja að ég sé síkvik. Ég hef ekki fest í einhverjum gömlum hugmyndum og endurnýjast sífellt. Svo ég hrósi sjálfri mér.“

Er kynslóð yngri en foreldrarnir

Pórhildur segir samfélagið taka of seint við sér enda sé fólk sem er sjötugt í dag ekki á sama aldri og sjötugt fólk fyrir þrjátíu til fimmtíu árum.

„Samfélagið er kynslóð á eftir að skilja og aðlaga sig breytingum, samanber þegar mesta bylting sögunnar átti sér stað og konur flykktust út á vinnumarkaðinn og í skólana.

Það tók samfélagið áratugi að átta sig á breyttum hag kvenna og fjölskyldna. Meðalaldur fólks hækkar stöðugt vegna batnandi heilsufars og kynslóðin eftir stríð er fyrsta kynslóðin sem ólst upp við gott atlati alla sína ævi, hvað varðar húsnæði, mat, menntun og heilbrigðisþjónustu. Ég lít því svo á að ég sé kynslóð yngri en foreldrar mínir þegar þeir voru á mínum aldri. Samfélagið verður að átta sig á þessu enda fullt af fólki um sjötugt í fullu fjöri og því óþarfi að setja það í geyslu.“

Hefur starfað í leikhúsi í 50 ár

Pórhildur segir þetta sérstaklega eiga við um konur enda fáið enginn jafn mikið yfir aldri og kvenna. Hún hafi þó ekki orðið harkalega vör við það að vera hent út af vinnumarkaði þar sem hún hefur unnið meira og minna í lausamennsku alla sína starfstíð og því urðu ekki formleg starfslok hjá henni við ákveðinn aldur.

„Ég hef verið starfandi í leikhúsi frá tólf ára aldri og sem atvinnumanneskja frá tvítugu. Þar sem ég hef verið í lausamennsku er ég orðin vön að gera ekki plön mörg ár fram í tímann. Yfirleitt dúkkar eitthvað upp. Ég hef því lært að lifa lífinu þannig að geta brugðist hratt við. Það geri ég enn þá enda enn full af orku.“

Pórhildur hefur alla tíð látið jafnréttisbaráttu kynjanna sig varða. Þrátt fyrir að margt hafi áunnist í baráttunni finnst henni eins og það sé enn of

„Mig langar ekkert að pakka þessari reynslu niður í kistu og fara að snúa mér að endurminningum. Ég hef nóg að gefa og myndi segja að ég sé síkvik. Ég hef ekki fest í einhverjum gömlum hugmyndum og endurnýjast sífellt.“

erfitt að vera ung kona á Íslandi í dag. Hún ól sjálf upp fimm börn meðfram fullu starfi í samfélagi sem ekki tók tillit til þess. Þótt margt hafi breyst til batnaðar á lögformlega sviðinu finnst Pórhildi hugarfarið ekki hafa breyst nóg.

„Eftir stendur það sem er erfiðast, sem er óbreytt menning feðraveldisins. Það er miklu erfiðara að breyta hugarfari en lögum og reglum. Ég held að hlutskipti kvenna og sérstaklega ungra kvenna sé að mörgu leyti erfitt í dag. Það eru gríðarlegar kröfur gerðar til þeirra. Fyrir utan fátælegar útlitskröfur sem eiga sér rætur að hluta til í kynlífs- og klámvæðingunni þá þurfa konur að vera 100 prósent á öllum sviðum, í rúminu, í vinnunni, í útliti, í matargerð og öllum lífsstíl. Við konur þurfum bara sífellt að vera á vaktinni og vera með samfélagið í gjörgæslu ef við viljum sjá breytingar á þessu.“

erlabjorg@frettabladid.is

+

Fósturmóðir okkar,

SÓLVEIG (HADDA) BJÖRNSDÓTTIR
frá Felli í Sléttuhlíð,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni laugardaginn 14. mars. Jarðarförin hefur farið fram í kyrriþey.

Björn Jónasson
Hilmar Júlíusson

Erna Ingólfsdóttir
og fjölskyldur.



+


Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

GÍSLI KRISTJÁNSSON
Stóragarði 7,

lést mánudaginn 16. mars. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 26. mars kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

Guðrún Gísladóttir
Kristján Gíslason
Guðmundur Torfi Gíslason
barnabörn og barnabarnabörn.

Halldór Þórðarson
Ásdís Rósa Baldursdóttir
Ragnheiður K. Sigurðardóttir



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

SIGRÍÐUR JÓNSDÓTTIR

verður jarðsöngin frá Borgarnesarkirkju föstudaginn 27. mars kl. 14.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Minningarsjóð Brákarhlíðar – sjá heimasíðu www.brakarhlid.is.

Ágústa Jóna Þorsteinsdóttir
Birna Þorsteinsdóttir
Theodóra Þorsteinsdóttir
Þorsteinn Þ. Þorsteinnsson
ömmubörn og langömmubörn.

Olgeir Helgi Ragnarsson
Guðrún I. Rúnarsdóttir



+

Elsku maðurinn minn og Laugi okkar,

GUÐLAUGUR HEIÐAR JÖRUNÐSSON
Bollagörðum 57, Seltjarnarnesi,

lést í faðmi fjölskyldunnar á hjúkrunarheimilinu Sóltúni laugardaginn 14. mars. Hann verður jarðsönginn frá Nesarkirkju fimmtudaginn 26. mars kl. 13.

Guðrún V. Haraldsdóttir
Sif, Auður Edda og fjölskyldur.



+

Okkar ástkæri

BÖÐVAR JÓNASSON
húsasmiðameistari,
Álfhólsvegi 74, Kópavogi,

er látinn. Útförin hefur farið fram í kyrriþey. Þökkum veitta samúð og hlýhug.

Erna Aradóttir
Sigríður Soffía Böðvardsdóttir
Jóhannes Sveinbjörnsson
og fjölskylda.



OYSTER PERPETUAL
SUBMARINER DATE

ROLEX



MICHELSEN

ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 25. mars 2015 | 12. tölublað | 11. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

STAFRÆN
PRENTUN!

Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN



7%
með meira
en milljón

Meðaltal heildarlauna var rúmar 570 þúsund krónur í fyrra og hækkar um 2,5 prósent á milli ára. Þetta sýnir launagreining PwC. Rúm sjö prósent launþega í greiningunni eru með yfir eina milljón í laun á mánuði. **SÍÐA 6**

HEILDARLAUN

12%

200-300 þús. kr.

20%

400-500 þús. kr.

8%

800-1.000 þús. kr.

Með fyrsta leikinn til Vegas

Stjórnendur íslenska tölvuleikjafyrirtækisins Digon Games munu kynna fyrirtækið og tölvuleik þess á Collision Conference í Las Vegas í byrjun maí. Það er tækniráðstefna á vegum sömu aðila og skipuleggja Web Summit í Írlandi, eina helstu tækniráðstefnu Evrópu. Fyrsti leikur Digon Games er knattspyrnustjórleikur sem allir notendur spila samtímis og hafa því áhrif á framgang hver annars í leiknum. **→ SÍÐA 2**



200 milljarða fjárfesting

Flugstöð Keflavíkurflugvallar mun ríflega tvöfaldaast að stærð á næsta aldafjórðungi. Bæta á við flugbraut austan megin við flugstöðina og fjölga flugstæðum úr 19 í 34. Áætlanir Isavia gera ráð fyrir að farþegum muni fjölga um helming á næsta áratug og fjöldi þeirra nærri tvöfalda fram til ársins 2040. Búið er við að kostnaður við stækkunina muni nema á milli 150 og 200 milljörðum. Ekki er gert ráð fyrir að ríkissjóður leggi verkefninu til fé en Isavia er í eigu ríkisins. **→ SÍÐA 4**

Skemmtilegra í Hæstarétti

Eva Hrönn Jónsdóttir hæstaréttarlögmaður gekk á dögnum til liðs við Íslensku lögfræðistofuna. „Mér finnst miklu skemmtilegra að flytja mál fyrir Hæstarétti en í héraði. Sumum finnst skýrslutökurnar fyrir héraðsdómi skemmtilegri. Ég get alveg skilið það,“ segir hún. Eva Hrönn er liðtækur keiluspilari en segir samt að sundið sé hennar sport. Hún æfði sund með Aftureldingu sem barn og unglingur. **→ SÍÐA 8**



STJÓRNAR-
MADURINN

@stjornarmadur

Það er óheildarlegt að klæða tillögu um fjölgun seðlabankastjóra í skýrslubúning. **→ SÍÐA 12**

OPTICAL STUDIO – FRÍHÖFN

Þar sem úrvalið er af umgjörðum

Fagmennska
fyrst og fremst

Verslaðu á
hagstæðara
verði í nýrri
verslun okkar
í flugstöðinni

Módel: Andrea Stefánsdóttir
Umgjörð: Victoria Beckham

www.facebook.com/OpticalStudio

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

Traust þarf að ávinna sér

Skjóðan

BANKASTJÓRI LANDSBANKANS lýsti þeirri skoðun sinni á ráðstefnu Fjármálaeftirlitsins að nauðsynlegt sé að byggja upp traust í þjóðfélaginu og traust snúist um heilindi. Svo greinir frá í Viðskiptablaðinu.

FRAMTÍÐ FME var fundarefnið og sagðist bankastjórinn ekki telja sérstakt skotleyfi vera á banka heldur líka á stjórnarmál og stofnanir þjóðlífsins. Umræðan er að hans mati óhefluð og fjölmiðlar beri mikla ábyrgð á henni. Af orðum bankastjórans má ráða að hann telji umræðuna og fréttaflutning standa í vegi fyrir því að hægt sé að byggja upp traust hér á landi.

PESSI orð bankastjóra Landsbankans eru umhugsunarverð. Er það umræðan og fréttaflutningur fjölmiðla sem stendur í vegi

fyrir því að hægt sé að byggja upp traust á Íslandi?

PRÁTT fyrir ótal dóma héraðsdómstóla og Hæstaréttar Íslands eiga íslensk fjármála fyrirtæki enn eftir að endur-reikna og leiðrétta um 550 milljarða af gengisbundnum lánnum til fyrirtækja, eða um þriðjung allra útistandandi lána við hrunið fyrir næstum sjö árum. Verðskuldar slíkt fjármálakerfi traust viðskiptavina og almennings?

FME lætur þennan seinagang fjármála fyrirtækja ótalin þrátt fyrir að eitt hlutverk FME sé einmitt að tryggja skilvirki á fjármálamörkuðum hér á landi. Verðskuldar FME traust almennings?

FYRIR meira en þremur árum gaf Samkeppniseftirlitið fjármála fyrirtækjum sérstaka undanþágu frá Samkeppnis-

lögum til að hafa samráð um meðferð gengislánamála til þess að flýta fyrir úrlausn þeirra. Lítið miðar þrátt fyrir samráðið og ekkert heyrir frá Samkeppniseftirlitinu. Það er líkast til of upptekið við að rannsaka ólöglegt samráð sumarafleysingamanna hjá Byko og Húsasmiðjunni. Verðskuldar Samkeppniseftirlitið traust landsmanna?

FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI völdu nokkur gengislánamál, sem talin voru for-dæmisgefandi fyrir þorra gengislána, til flýtimeðferðar fyrir dómstólum. Ekki hefur það flýtt fyrir úrlausn og dæmi eru um að fjármála fyrirtæki hafi hætt við áfrýjun til Hæstaréttar á málum sem tapast hafa í héraði. Eini mögulegi tilgangur þess að áfrýja ekki slíkum málum er að koma í veg fyrir fordæmisgefandi niðurstöðu frá Hæstarétti. Er þetta líklegt til að byggja upp traust?

ÞEGAR fyrstu gengislánin voru dæmd ólögleg í Hæstarétti gáfu FME og Seðlabankinn út tilmæli til fjármála fyrirtækja um að reikna hæstu seðlabankavexti afturvirkir á hin ólöglegu lán. Þessi tilmæli voru lögfest með lögum nr. 151/2010. Hæstiréttur dæmdi lögin og þar með tilmælin andstæð stjórnarskrá. Er þetta framferði Seðlabankans, FME, ríkisstjórnar og Alþingis líklegt til að byggja upp traust meðal þjóðarinnar?

BANKASTJÓRAR geta dundað sér við það dagana langa að skjóta sendiböð en á endanum standa þeir frammi fyrir einni staðreynd; Traust þarf að ávinna sér.

SKJÓÐAN er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.



Gengi félaga í Kauphöll Íslands

3
Á UPPLÉIÐ
Félög sem hækkuðu í verði

9
Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði

2
STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

MESTA HÆKKUN
NÝHERJI
48,1% frá áramótum

HB GRANDI
2,2% í síðustu viku

MESTA LÆKKUN
VÍS
-13,8% frá áramótum

NI
-3,8% í síðustu viku

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Bank Nordic (DKK)	115,50	11,1%	0,0%
Eimskípa félag Íslands	228,00	-3,8%	0,0%
Fjarskipti (Vodafone)	38,35	9,6%	0,8%
Hagar	43,00	6,3%	-1,1%
HB Grandi	37,80	11,8%	2,2%
Icelandair Group	21,50	0,5%	-1,1%
Marel	154,00	11,6%	1,3%
NI	27,50	18,5%	-3,8%
Nýherji	7,67	48,1%	-0,4%
Reginn	15,20	12,2%	-1,9%
Sjóvá	13,35	11,7%	-0,4%
Tryggingamiðstöðin	23,00	-12,5%	-1,7%
Vátryggingafélag Íslands	7,80	-13,8%	-3,0%
Össur	425,00	17,7%	-1,4%
Úrvalsvisitalan OMX18	1.358,34	3,6%	-0,4%
First North Iceland			
Century Aluminum	3.300,00	0,0%	0,0%
Hampiðjan	25,30	11,9%	0,0%
Sláturfélag Suðurlands	1,85	0,0%	0,0%

Digon kynnir tekjulíkan sitt á ráðstefnu í Vegas

Stjórnendur fyrirtækisins Digon Games kynna vöru sína og tekjulíkan í Las Vegas í maí. Íslendingar fá að kynnast nýjum tölvuleik í sumar, áður en leikurinn verður markaðssettur erlendis.

Stjórnendur íslenska tölvuleikjafyrirtækisins Digon Games munu kynna fyrirtækið og tölvuleik þess á Collision Conference í Las Vegas í byrjun maí. Það er tækniráðstefna á vegum sömu aðila og skipuleggja Web Summit í Írlandi, eina helstu tækniráðstefnu Evrópu. Fyrsti leikur Digon Games er knattspyrnustjóraleykur sem allir notendur spila samtímis og hafa því áhrif á framgang hver annars í leiknum. „Við erum aðallega að fara til að hitta markaðsfólk og selja því hugmyndina um vörumerkjabirtingar innan leikjaheimsins okkar. Við lítum til stærri auglýsenda sem hafa áður tengt sín vörumerki við íþróttir og íþróttaviðburði. Má þar nefna framleiðendur á sviði íþróttavarnings, gosdrykkja, bíla og svo mætti áfram telja,“ segir Jón Fjörnnir Thoroddsen, framkvæmdastjóri Digon, um helstu ástæður þess að fyrirtækið verður á ráðstefnunni. Hann segir þetta eitt af fyrstu skrefum Digon Games til að markaðssetja tekjulíkan fyrirtækisins og leikinn sjálfan á alþjóðavísu. Tekjumódel Digon Games hefur þegar hlotið stuðning Tæknipróunarsjóðs hér á landi en félagið fékk verkefnastyrk til tveggja ára í fyrravor. Jón bendir á að Web Summit á Írlandi hafi verið haldin í lok síðasta árs. Fjórum mánuðum eftir að henni lauk höfðu fimmtán nýsköpunarfyrirtæki sem kynntu sig á ráðstefnunni fengið fjármögnun fyrir alls 276 milljónir evra eða um 40 milljarða íslenskra króna. Jón segir vinnu við leikinn á lokastigum en prófanir hafa farið fram á þessu ári. Gert er ráð fyrir að Ísland verði notað sem tilraunamarkaður í sumar áður en leikurinn verður markaðssettur á heimsvísu. „Það er gott að eiga aðgang að litlum og lokuðum



VINNAN Á LOKASTIGI Jón Fjörnnir segir að prófanir á leiknum hafi farið fram á þessu ári. FRÉTTABLAÐID/GVA

markaði eins og Íslandi. Það gefur okkur ákveðið tækifæri til að fá smá reynslu á það sem við erum að gera áður en farið er að synda á meðal stóru fiskanna í leikjaheiminum,“ segir hann. jonhakon@frettabladid.is

Dagatal viðskiptalífsins

MIÐVIKUDAGUR 25. MARS
Hagstofan – Vinnumarkaður í febrúar 2015
RARIK - Aðalfundur ársins 2015
FIMMTUDAGUR 26. MARS
Sjóvá-Almennar tryggingar – Aðalfundur ársins 2015
Seðlabanki Íslands – Ársfundur og útgáfa skýrslu

FÖSTUDAGUR 27. MARS
Hampiðjan – Aðalfundur ársins 2015
Hagstofan - Visitala neysluverðs í mars
ÞRIÐJUDAGUR 31. MARS
Hagstofan – Vöruskipti við útlönd í janúar
Hagstofan – Verðmæti sjávaraflla í janúar

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir

YOGA THINKPAD

SPJALD- OG FARTÖLVA Í EINNI ÖFLUGRI VÉL

- » Aðeins 1,57 kg
- » 12,5" snertiskjár
- » SSD diskur
- » 3ja ára ábyrgð

THINKPAD X1 CARBON

FISLÉTT MEÐ FRÁBÆRRI RAFHLÖÐU

- » Frá 1,34 kg
- » 14" snertiskjár
- » Rafhlaðan endist í allt að 10 klst.
- » 3ja ára ábyrgð

TVEIR GÓDIR VINNUÞJARKAR

NÝHERJI

BORGARTÚNI 37 105 REYKJAVÍK SÍMI 569 7700 / KAUPANGI V/MÝRARVEG 600 AKUREYRI SÍMI 569 7620 / NETVERSLUN.IS



VOLVO XC60 EXECUTIVE NÝ GLÆSILEG ÚTFÆRSLA

Upplifðu skandinavískan lúxus

AFLMIKILL OG SPARNEYTINN
FRAMÚRSKARANDI AKSTURSEIGINLEIKAR
FÁGAÐ ÚTLIT

VOLVO **XC60 EXECUTIVE AWD**
FRÁ 8.938.000 KR.

KOMDU OG SKOÐAÐU NÝJAN
VOLVO XC60 EXECUTIVE

Volvo XC60 Executive kemur á 18" Zephyrus álfelgum og er búinn leðurklæddum sportsætum. Ökumannssætið er rafdrifið með minni. Í innra rýminu er jafnframt TFT digital mælaborð. Framrúðan er upphitanleg og aðgengið er lykjalaut. Volvo XC60 AWD er búinn sparneytinni og aflmikilli D4 dísilvél með sjálfskiptingu sem skilar 181 hestafi og 420 Nm tugi. Vegghæð Volvo XC60 er 23,5 cm undir lágsta punkt. Hann er ríkulega búinn staðalbúnaði eins og vélarhitara, Xenon gasljósum með beygjustýringu, tölvustýrðri loftkælingu með hitastýringu (ECC), loftþreinsikerfi og Volvo High Performance hjómtækjum. Billinn er búinn fyrsta flokks öryggisbúnaði en þar má nefna margverðlaunaða öryggiskerfið Borgaröryggi. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri er 6,4 l/100 km og CO₂ losun er 169 g/km. Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

www.volvo.is
Opíð virka daga kl. 9-17
Laugardaga kl. 12-16

Kringlan er verðmætasta eignin í safni fasteignafélagsins Reita. Útboð á liðlega 13 prósentu hlut í fyrirtækinu hefst í dag. Það er Arion banki sem selur hlutinn:

Enn er stefnt á stórfellda stækkun Kringlunnar

Fasteignafélagið Reitur hyggur á mikla uppbyggingu á Kringlureitnum, en í aðalskipulagi Reykjavíkur er gert ráð fyrir stækkun um 100 þúsund fermetra, auk íbúðarhúsnæðis. Þetta kemur fram í fjárfestakynningu Reita, en hún var rædd á fundi VÍB, eignastýringaþjónustu Íslandsbanka, á morgunfundi á mánudaginn. Gert er ráð fyrir að Kringlan stækki í átt að Kringlumýrarbraut, milli gamla Morgunblaðshússins og Sjóvárs. Einnig er gert ráð fyrir byggingu 17-20 hæða turns nær Miklubraut.

Almennt hlutafjárútbóð í Reitum hefst í dag og stendur fram á föstu-

dag, þar sem Arion banki býður 13,25 prósentu hlut til sölu. Stærð útbóðsins nemur að lágmarki 5,5 milljörðum króna miðað við lágmarksgengi 55,5 krónur á hlut.

Guðjón Auðunsson, forstjóri Reita, sagði fasteignamarkaðinn hafa tekið nokkrum breytingum að undanfögnu. Ekki sé lengur um algjöran kaupendamarkað að ræða og þó hann sé ekki orðinn algjör seljendamarkaður sé staðan töluvert betri. Hann sagði þörf fyrir meira verslunarhúsnæði og að eftirspurn sé stöðugt að færast lengra út fyrir miðborg Reykjavíkur. Hreyfing sé komin á húsnæði

sem erfið hefur reynt að selja eða leigja út og áætlað sé að auka nýtingarhlutfall úr 96% í 97%.

Í fjárfestakynningunni kemur fram að Kringlan hefur verið í eignasafni Reita frá upphafi og er verðmætasta eign félagsins. Húsið er um tuttugu prósent af bókfærðu virði eignsafns. Reitir eiga tæplega áttatíu prósent af verslunarmarkaði Kringlunnar en annað rými er í dreifðri eigu. Frumhugmyndir gera ráð fyrir að verslunarmiðstöðin verði stækkuð til vesturs og byggt verði yfir götuna á lóðum númer 1, 3 og 5 við Kringluna.

-jhh



BREYTTUR MARKAÐUR Guðjón Auðunsson, forstjóri Reita, telur að þörf sé fyrir meira verslunarhúsnæði og eftirspurn sé stöðugt að færast út fyrir miðborgina.

ADSEND MYND

Hagnaður Investa fjárfestingafélags nam tæpum 93 milljónum í fyrra:

Fengu 94,6 milljónir eftir sölu DataMarket

Hagnaður Investa fjárfestingafélagsins nam 92,7 milljónum króna á síðasta ári og námu tekjur félagsins 98,6 milljónum króna. Þetta kemur fram í ársreikningi félagsins sem hefur verið birtur í ársreikningaskrá.

Tap félagsins árið áður nam hins vegar 153 þúsundum króna. Stærstur hluti tekna félagsins, eða 94,6 milljónir króna, var hagnaður af sölu hlutabréfa. Vaxtatekjur skiludu svo um fjórum milljónum króna. Félagið hafði engar tekjur af sölu hlutabréfa árið á undan.

Hagnaðurinn er einkum kominn til vegna sölu á hlut í DataMarket. Eins og fram hefur komið keypti Quilk Data Market síðla á síðasta ári.

Investa fjárfestingafélag fjárfestir mest í tæknifyrirtækjum. Í lok síðasta árs átti félagið hlut í CAOZ, sem framleiðir tölvuteiknimyndir fyrir alþjóðlegan markað, Meniga, Mint Solutions og Oz.

Investa er í eigu félaganna Hauks Þorkelssonar, Jóhanns Tómasar Sigurðssonar og Hilmars Gunnarssonar.

-jhh

Leifsstöð tvöfaldast

Fjárfesting við stækkun Leifsstöðvar mun nema allt að 200 milljörðum. Búist er við helmingisfjölgun farþega á næsta áratug.

Flugstöð Keflavíkurflugvallar mun ríflega tvöfaldaast að stærð á næsta aldafjórðungi. Bæta á við flugbraut austan megin við flugstöðina og fjölga flugstæðum úr 19 í 34.

Uppbyggingin miðar að því að hægt verði að koma aukinni umferð í gegnum flugvöllinn. Áætlanir Isavia gera ráð fyrir að farþegum muni fjölga um helming á næsta áratug og fjöldi þeirra nærri tvöfaldast fram til ársins 2040.


Búist er við að kostnaður við stækkunina muni nema á milli 150 og 200 milljörðum. Ekki er gert ráð fyrir að ríkissjóður muni leggja verkefninu til fé en Isavia er í eigu ríkisins. Þá er ekki gert ráð fyrir því að félagið þurfi að sækja sér aukið eigið fé til að fjármagna uppbygginguna.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra hefur sagt að heppilegra gæti verið að einkaaðilar muni sjá um uppbyggingu flugvallarins.

„Ég er ekki síst að horfa til þess að það kann að vera heppilegt að ríkið taki ekki á sig alla þá áhættu sem fylgir því að fara í tugmilljarða viðbótarfjárfestingar á Keflavíkurflugvelli og það er ekki rökbundin nauðsyn að ríkið eigi hvern einasta fermetra í flughlöðum og tengibyggingum sem einkaaðilar hafa sýnt áhuga á að fjármagna og jafnvel eiga og reka,“ sagði Bjarni.

Áformin eru hluti af áætlun um framtíð Keflavíkurflugvallar sem norska hönnunarstofan Nordic Office of Architecture vann fyrir Isavia. Hönnunar-

Fyrirhuguð stækkun á flugstöðinni



UPPBYGGING Á skyggða svæðinu má sjá hvar fyrirhugaðar viðbyggingar við Leifsstöð verða.

MYND/GRUNNKORT LOFTMYNDR EHF

stofan varð hlutskörpust í hönnunarsamkeppni um framtíð flugvallarins en niðurstöður hennar voru kynntar í síðasta mánuði.

Isavia vinnur nú með norsku hönnunarstofunni og hagsmunaaðilum að nánari útfærslu tillagnanna. Kynna á endanlega áætlun að skipulagi flugvallarins í september á þessu ári.

ingvar@frettabladid.is



Málstofa í boði sendiherra Lettlands, Evrópustofu og Alþjóðamálastofnunar HÍ

LETTLAND

Lítið ríki með stórt hlutverk

Sendiherra Lettlands gagnvart Íslandi, **Indulis Abelis**, fjallar um þau tækifæri og áskoranir sem lítið ríki þarf að takast á við þegar það sinnir formennsku í ráðherraráði Evrópusambandsins. Abelis mun ræða um hlutverk formennsku í ráðherraráði ESB ásamt ýmsum áherslámálum Lettlands, þá sérstaklega samkeppnishæfni Evrópu, stafræna tækni og tengsl og áhrif Evrópu á umheiminn.



Indulis Abelis

Sendiherra Evrópusambandsins á Íslandi, **Matthias Brinkmann**, opnar málstofuna.

Fundarstjóri: Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar HÍ.

Að málstofu lokinni verður boðið upp á léttar veitingar.

Vinsamlega tilkynnið þátttöku með því að senda póst á netfangið: evropustofa@evropustofa.is

www.ams.hi.is og www.evropustofa.is



Evrópastofa
Upplýsingamiðstöð ESB

iib
ALÞJÓÐAMÁLA-
STOFNUN
RANNSÓKNASETUR
UM SMÁRIKI
HASKÓLI ÍSLANDS



**VIÐ ERUM
MEÐ ÞÉR
TIL ÖRYGGIS**




Gott verð fyrir frábær myndgæði
Vivotek FD8169 2MP **24.676** kr.

HÁGÆÐA EFTIRLITS- BÚNAÐUR

Fjölbreytt úrval af notendavænum eftirlitshugbúnaði sem gerir þér kleift að fylgjast með myndefninu í símanum eða spjaldtölvunni.

Öryggismiðstöðin | Sími 570 2400 | oryggi.is



Almennt útböð á hlutabréfum í Reitum

hefst í dag kl. 16.00 og lýkur föstudaginn 27. mars klukkan 16:00

Arion banki hyggst selja 13,25% í félaginu

Markmið seljanda er annars vegar að útböðin geri félaginu kleift að uppfylla skilyrði Nasdaq Iceland um dreifingu hlutabréfa sem tekin eru til viðskipta á Aðalmarkaði og hins vegar horfir seljandi til þess að selja eign sína á sem hagstæðustu verði.

Tekið er við áskriftum rafrænt á vef Arion banka, arionbanki.is

Stærð útböðsins nemur 100.000.000 hlutum og er söluandvirði þeirra að lágmarki 5.550 milljónir króna. Tvær áskriftarleiðir eða tilboðsbækur eru í boði en ákvörðun um stærð tilboðsbóka mun taka mið af eftirspurn í útböðinu, bæði hvað varðar verð og magn.

Tilboðsbók A

- > Hver áskrift að andvirði 100.000–10.000.000 kr.
- > Verðbil 55,5–63,5 kr./hlut
- > Eitt endanlegt verð, jafnt eða lægra en í B

Tilboðsbók B

- > Áskrift að andvirði yfir 10.000.000 kr.
- > Lágmarksverð 55,5 kr./hlut
- > Eitt endanlegt verð, jafnt eða hærra en í A

Meginregla við úthlutun verður að taka þeim áskriftum sem berast á hæsta gengi. Gert er ráð fyrir að niðurstöður útböðs verði birtar opinberlega 30. mars 2015. Útböðin er með fyrirvara um að hlutir í félaginu verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Slíkt samþykki birtir Nasdaq Iceland ásamt tilkynningu um fyrsta mögulega viðskiptadag með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara. Eindagi kaupverðs er áætlaður 7. apríl 2015 og stefnt að því að viðskipti geti hafist á Aðalmarkaði 9. apríl 2015.

Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útböðinu er bindandi

Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel upplýsingar um félagið og skilmála útböðsins í lýsingu hlutabréfa sem félagið birti 17. mars 2015 og er sérstaklega bent á kafla um áhættuþætti. Lýsinguna má nálgast rafrænt á reitir.is/fjarfestar og arionbanki.is. Hana má einnig nálgast innbundna á skrifstofu Reita í Kringlunni 4-12 í Reykjavík og hjá Arion banka í Borgartúni 19 í Reykjavík.

Nánari upplýsingar

Fyrirtækjaráðgjöf fjárfestingabankasviðs Arion banka hf. hefur umsjón með útböðinu og því ferli að fá hlutabréf og skuldabréf félagsins tekin til viðskipta. Aðstoð vegna útböðsins má nálgast hjá fyrirtækjaráðgjöf og markaðsviðskiptum fjárfestingabankasviðs Arion banka eða verðbréfa- og lífeyrisþjónustu í síma 444-7000 og tölvupóstfangi reitirutbod@arionbanki.is.



Reitir sérhæfa sig í þjónustu og rekstri atvinnuhúsnæðis með áherslu á verslunarhúsnæði, skrifstofuhúsnæði og hótellbyggingar á höfuðborgarsvæðinu. Heildareignir Reita í árslok 2014 námu 102 milljörðum króna. Fasteignir í eigu félagsins eru um 130 talsins og nálægt 410 þúsund fermetrum að stærð. Meðal þeirra má nefna stærstan hluta Kringlunnar, Hilton Reykjavík Nordica, Icelandair hótell Reykjavík Natura, Kauphallarhúsið og nokkrar af perlum íslenskrar byggingarsögu í miðbæ Reykjavíkur. Stærstu leigutakar Reita eru Hagar, Flugleiðahótel, ríki og sveitarfélög samtals með tæpan helming tekna félagsins.



Það þýðir að það hefur orðið meiri hækkun á milli ára á neðri hluta launatöflunnar. Þannig að það er að minnka munurinn í launatöflunni 2013 og 2014.

LAUN FÓLKS AÐ JAFNAST Samkvæmt Launagreiningu PwC er miðgildi launa að hækka meira en meðaltalið. Það þýðir að lægri laun eru að hækka meira en hærri laun.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL RÚNARSSON

Heildarlaun að meðaltali 570 þúsund

Meðaltal heildarlauna var rúmar 570 þúsund krónur í fyrra og hækkar um 2,5 prósent á milli ára. Þetta sýnir launagreining PwC. Rúm sjö prósent launþega í greiningunni eru með yfir eina milljón í laun á mánuði.

ÚTTEKT

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is



Meðaltal heildarlauna var á síðasta ári 570.719 krónur samkvæmt niðurstöðum árlegrar Launagreiningar PwC 2014. Niðurstöðurnar verða kynntar á morgunverðarfundum á morgun. Meðaltal heildarlauna hækkaði um 2,5% frá 2013. Miðgildi heildarlauna var í fyrra 500.344 krónur og hækkaði um 4,4% frá fyrra ári.

Föst laun eru 517.571 á mánuði og

hækka heldur meira en heildarlaun eða um 3,1%. Miðgildi fastra launa hækkar enn meira eða um 5,5%. Launahækkun frá fyrra ári er því að stærra leyti í formi fastra launa, en það dregur úr tilfallandi aukagreiðslum og breytilegum launum.

Ungt fólk með lágur tekjur

Sá fámenni hópur fólks sem hefur undir 200 þúsund krónum á mánuði í laun vekur athygli. „Þetta er ungt fólk með mjög lágan starfsaldur í afgreiðslustörfum og ósérhæfðum störfum. Þetta eru undantekningar frekar en einhverjar reglur. Þannig að við höfum í sjálfu sér ekki tülk að þetta neitt,“ segir Þorkell Guðmundsson, ráðgjafi á fyrirtækj sviði PwC. Hafsteinn M. Einarsson,

sem einnig er ráðgjafi á fyrirtækj sviðinu, segir að hópurinn sem er með yfir milljón á mánuði hafi ekki verið skoðaður neitt sérstaklega heldur. Þó megi segja að þar séu aðallega stjórnendur og tilteknir sérfræðingar.

Það vekur athygli að samkvæmt launagreiningunni hækka föst laun heldur meira en heildarlaun. „Við merkjum það að á þessum árum sem við erum að bera saman, þá hefur aðeins dregið úr tilfallandi aukagreiðslum,“ segir Þorkell. Það hafi því frekar orðið hækkun á grunnlaunum sem fólk semur um þegar það tekur til starfa.

Ökutækjastyrkir eru stundum notaðir sem kaupaukar þótt þeim fylgi engin kvöð á akstri. Þetta

Þetta er á meðal helstu niðurstaðna úr launagreiningunni

HEILDARLAUN Á MÁNUÐI

0,1%	200 þúsund kr.
12%	200-300 þúsund kr.
17%	300-400 þúsund kr.
20%	400-500 þúsund kr.
15%	500-600 þúsund kr.
12%	600-700 þúsund kr.
8%	700-800 þúsund kr.
8%	800-1.000 þúsund kr.
7%	Meira en 1,0 milljón kr.

er vegna þess að ekki eru greidd launatengd gjöld af ökutækjastyrk. Hugsanlegt er að samdrátt í aukagreiðslum megi að einhverju leyti rekja til þess að reglur um það hvernig ökutækjastyrkir eru taldir fram til skatts voru hertar á milli ára. Núna þarf fólk að gera grein fyrir öllum akstri sínum í skattskýrslu sinni. En áður var það þannig að ef það var innan við 3.000 kílómetrar þá þurfti ekki að gera sérstaklega grein fyrir því. „Það er spurning hvort þetta er að hafa áhrif eða ekki. Erfitt að segja. Ég myndi nú samt segja, ef við horfum yfir nokkur ár, þá hefur þetta haldist stöðugt á þessu bili, 9-10 prósent. Ég veit ekki hvað á að lesa mikið í þessar breytingar á milli ára. En það er

Gámurinn er þarfapening!

Gistigámar • Geymslugámar • Salernishús

Margir möguleikar í stærðum og útfærslum • Hagkvæm og ódýr lausn • Stuttur afhendingartími









Stólpi Gámar

Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík | stolpigamar.is

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



GPS-NÁMSKEIÐ

Ferðafélag Íslands heldur grunnnámskeið í notkun GPS-tækja fyrir félagsmenn sína, miðvikudaginn 8. apríl. Námskeiðið tekur eitt kvöld og verður haldið í risinu fyrir ofan skrifstofu FÍ, Mörkinni 6, klukkan 19.



White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél **12 kg** þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur
heitt og kalt vatn >
Afkastamikill
þurrkari >



★★★★
Amerísk
gæðavara



RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

★★★★
Amerísk
gæðavara

NÝTT LÍF MEÐ HJÁLP CURCUMIN

BALSAM KYNNIR CURCUMIN frá Natural Health Labs. Allt að fimmtíu sinnum áhrifameira en hefðbundið túrmerik! Tilvalið fyrir þá sem vilja styrkja liðamótin, auka liðleika, bæta andlega líðan, auka orku ásamt því að losna við langvarandi liðverki, bólgur, gigt og magavandamál. Steinunn Kristjánsdóttir segir Curcumin hafa gefið sér nýtt líf.

Steinunn Kristjánsdóttir er sjúkraliði að mennt og vinnur í dag við verslunarstörf. Hún hefur átt við mikla verki að stríða um allan líkamann í yfir 25 ár eftir að hún lenti í slæmu bílslysi. „Mér var alltaf illt í öllum líkamanum og vildi helst alltaf fara heim snemma ef ég fór út. Ég gat ekki haldið á bók til lestrar og vaknaði iðulega á næturnar og gat ekki sofnað vegna verkja.“ Steinunn var búin að reyna allt til að öðlast betri líðan án árangurs og taldi sig einfaldlega þurfa að sætta sig við verkina. „Nuddkonan mín sagði mér þá frá Curcumin sem hefur í sannleika sagt gefið mér nýtt líf. Ég er búin að taka inn Curcumin í einn og hálfan mánuð, ég missti úr fjóra daga og það var þá sem ég uppgötvaði að Curcumin er það sem hjálpar mér að losna við alla verki.“

BARNABÖRNIN SEGJA „AMMA ER FARIN AÐ HLAUÐA“

Steinunn segir að það besta við að vera laus við verkina séu betri stundir með fjölskyldunni. „Ég er svo þakklát fyrir að geta liðið vel í eigin líkama og notið þess að vera með barnabörnunum mínum. Mér fannst skemmtilegt að heyra barnabarnið mitt segja mömmu sinni að amma sé bara farin að hlaupa upp stigann,“ segir Steinunn og hlær. „Hún hafði ekki séð það áður. Það er svo mikill lífsvilji í mér að ég verð að fá að lifa lífinu lifandi. Mér þykir rosalega gaman að fara á skíði, synda, hjóla, ganga á fjöll og loksins sé ég fram á að geta farið að gera það sem ég elska aftur. Ég er hins vegar ánægðust með að vera orðin skemmtilega Steinunn aftur.“



MÆLIR MEÐ Steinunn Kristjánsdóttir sjúkraliði mælir eindregið með Curcumin.

SÖLUSTAÐIR

Fánlegt í nær öllum apótekum landsins, Lyfju, Apótekinu, Apótekarunum, Lyfjum og heilsu, Lyfsalanum, Lifandi markaði, Hagkaupi, Heilsuhúsinu, Orkusetrinu, Fjarðarkaupum, Heilsuhorninu Blómavali, Heilsuveri, Heilsulaus.is og Heimkaupum.

ALDREI HEFUR VERIÐ MEIRI ÞÖRF FYRIR D-VÍTAMÍN EN NÚNA

Einfalt í notkun

- Spreyjað undir tungu
- Gott bragð
- Vörn gegn kvefi og flensu



Útsöluastaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana

Til hvers að flækja hlutina?

365

LIFÐU Í NÚLLINU!

365.is | Sími 1817



NÝTT


KÓKOSOLÍA Í

FLJÓTANDI FORMI

Í MATARGERÐINA

- Í baksturinn - í baðið - til inntöku - á húðina -

„Kókosolían frá Natures Aid er algjör snilld.“



Yesmine Olsson

„Hún er mikið notuð á mínu heimili, bæði í allan bakstur og í heilsudrykkina mína og svo í flestan mat. Hún er frábær til að taka af sér farðann á kvöldin og svo nota ég hana sem rakagjafa í andlitið yfir nóttina þannig að ég vakna með silkimjúka húð á morgnana.“

natures aid

Fæst í: Hagkaup, Heilsuhúsinu, Melabúðinni, Fjarðarkaup, Þinni verslun Seljabraut, Borgarapóteki, Apóteki Garðabæjar, Lifandi markaði og Heilsutorgi Blómavals.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** | Sölumenn: **Bryndis Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429



”Bestu meltingargerlar sem ég hef prófað“

Víðir Þór Prastarsson, íþróttá- og heilsufræðingur frá Háskóla Íslands.

Fæst í apótekum og heilsubúðum

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T



FJÖLBREYTT FERÐALAG Telma ferðaðist bæði um sveitir og stórborgir Indlands.



LITRÍKT Litadýrðin var það sem heillaði Telmu mest við Indland.



FÍLAFÆMLAG Á Indlandi má alls staðar búast við því að sjá fíl, hvort sem það er í miðri umferð stórborga eða uppi í sveit.

LITADÝRÐ SVEITAR-INNAR HEILLAÐI

INDLAND Telma Huld Ragnarsdóttir læknir ferðaðist í tvær vikur um suðurhluta Indlands fyrir nokkrum vikum ásamt breskum ellilífeyrisþegum.


Fyrir nokkrum vikum langaði mig að komast eitt-hvert út eftir að hafa verið að vinna mikið og langaði að vera í hópi sem í voru bara einstaklingar. Ég fann mér svo tíma sem hentaði og þá kom þessi ferð upp. Mig hefur alltaf langaði til Indlands þannig að þetta passaði vel. Þetta var sextán manna hópur, aðallega ellilífeyrisþegar og ég,“ segir Telma Huld Ragnarsdóttir læknir og hlær.

Hópurinn ferðaðist á milli staða og stoppaði í um það bil tvo daga á hverjum stað. „Þetta var mjög fjölbreytt og skemmtilegt ferðalag, við fórum um bæði borgir og fjallahéruð. Þeirra á meðal var teræktunarhérað sem kallast Munnar. Þar fylgdumst við með því hvernig fólkið vann, fórum í fjallgöngur og skoðuðum okkur um. Náttúrufegurðin þarna uppi í fjöllum var ótrúleg, þar var allt svo litríkt. Konurnar voru allar í mismunandi litum sari, græni liturinn í náttúrunni var svo sérstaklega grænn og svo voru öll húsin í lit, þetta var mjög heillandi.“

ÞRÓUN Í GANGI EN TRÚARBRÖGÐIN VIRÐAST VERA HINDRUN

Telma segir stórborgirnar hafa meira verið í líkingu við það sem fólk gerir sér í hugarlund um Indland áður en það kemur þangað. „Það var alveg ótrúlega mikið umferð í borgunum, fólksfjöldinn var gríðarlegur og fátæktin var sjáanleg. Ég hef áður komið til Afríku og ég bjóst við að Indland yrði líkara henni en það var. Vissulega var margt svipað, það er fátækt en samt öðruvísi. Það er eins og það sé meiri þróun á Indlandi, að minnsta kosti þarna á suðurlandinu. Menntunarstig-ið er að aukast og allt að verða þróaðra. Trúarbrögðin virðast samt hindra þessa þróun að vissu leyti. Til dæmis sáum við þegar öll umferð var stöðvuð vegna þess að maður með kyndil og hjörð manna á eftir honum þurfti að komast leiðar sinnar. Það var þá einhver trúaruppákoma frá nálægu hofi í gangi en þegar við spurðum nánar út í hana varð fátt um svör, það mátti ekki spyrja. Það er bara þannig að þegar presturinn ákveður eitthvað að þá er það gert,“ segir Telma.

Hún segir stöðuna hafa verið aðra í Munnar. „Þar var menntunarstigið hátt, fólk fékk vel borgað fyrir vinnuna sína. Konurnar tindu laufin, það var að vísu hörkuvinna en þær fengu vel borgað og gátu sent börnin í skóla og heimilin þeirra voru í góðu standi. Þetta var skemmtilega öðruvísi upplifun miðað við væntingarnar sem ég hafði.“




HORFT YFIR INDLAND Farið var í fjallgöngur, á fílsbak og gisti í húsbáti á ferðalaginu.

SKRAUTLEGIR FERÐAFÉLAGAR

Hópurinn sem Telma ferðaðist með var nokkuð skrautlegur en hún deildi herbergi með sjötugri kennslukonu á eftirlaunum sem las Biblíuna á hverjum degi, var mikill áhugamaður um fugla og talaði við þá út um gluggann á morgnana. „Ég vissi aldrei hvort hún væri að tala við mig eða fuglana en hún var alveg yndisleg,“ segir hún og hlær. Hún bætir við að það hafi verið fleira skemmtilegt fólk í ferðinni og meðal annars ein stelpa á hennar aldri en þær náðu vel saman. „Svo voru þarna írsk hjón sem voru klassískir Írar og fóru varla neitt nema það væri bjór í boði. Einnig 92 ára gamall maður sem var algjörlega magnaður. Hann starfar enn sem prófessor í taugalífisfræði við háskóla og hann fór í tíu kílómetra fjallgöngur með okkur og fór á fílsbak og fleira. Á heimleiðinni var hann svo færður á fyrsta farrými í flugvélinni því flugfreyjunum fannst hann vera svo gamall. Það var frekar fyndið miðað við að hann hafði þá verið í fjallgöngum sem sumar fimmtíu ára gömlu konurnar réðu ekki við,“ segir Telma og brosir.

SAMSUNG

UPPLIFÐU MUNINN



Pynnri, léttari og enn betri skjár

Samsung Galaxy TAB S er fyrsta spjaldtölvun sem kemur með Super AMOLED skjá sem gefur meiri litadýpt og hraðari svörun.

Þú sérð muninn. Þú finnur muninn.

Samsung
GALAXY Tab S

smaar@frettabladid.is / visir.is

BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN

S: 567-4949



Toyota Rav4 Gx Diesel 4/2013 ek.40þús. Sjálfskiptur. Dráttarbeiðsi. TILBOÐSVERÐ 5.790.000.- Rnr.104793



M.Benz E200 Kompressor 3/2007 ek.84þús. Sjálfskiptur. Topplúga. Ásett verð 3.190.000.- Rnr.104655



Harley Davidson Touring Fichtci Electra Glide 7/2006 ek.23þús. Fullt af aukahlutum. Ásett verð 2.990.000.- Rnr.104461



Kia Sorento Diesel 2/2007 ek.134þús. Sjálfskiptur. Ný túrbína. Nýjar bremsur fram og aftan. Ásett verð 2.390.000.- Rnr.104663

www.bilarydvarn.is
S. 587 1390

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is

STÓRA BÍLASALAN



M.Benz E200 CDI Avantgarde 4/2013. Ekinn 13þ.km. Sjálfsk. Leður o.m.fl.. Gott eintak. Er á staðnum. Verð 7.590.000kr. Raðnr 156804. Sjá nánar á www.stora.is

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
http://www.stora.is

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



Kia Sportage EX 4wd. Árgerð 2013, ekinn 57 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.890.000. Rnr.991275. 5 ár eftir af verkmiðjuábyrgð.



MERCEDES-BENZ ML 350 bluetec 4matic. Árgerð 2014, ekinn 10 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 13.490.000. Rnr.240654.



TOYOTA Land cruiser 150 gx. Árgerð 2013, ekinn 41 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.900.000. Rnr.240361.



TOYOTA Yaris terra. Árgerð 2013, ekinn 82 P.KM, bensín, 5 girar. Verð 1.890.000. Rnr.991120.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

ÍSABAND.IS



2015 NÝIR JEEP GRAND CHEROKEE OVERLAND 4X4
Sá flottasti, V6 290hð, eyðsla í blönduðum akstri 10.4L, 8 girja sjálfskiptur, Hlaðinn lúxus búnaði, Tilboðsverð aðeins 11.790þkr, Er í salnum, ATH Getum útvegað allar gerðir af Grand Cherokee,

Íslensk-Bandaríska ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbæ
Sími: 534 4433
Opíð 10-18.00 og lau 11-15
http://www.isband.is

J.R.BÍLASALAN



RENAULT Midlum 220.12c. Árgerð 2006, ekinn 112 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verðtilboð 2.900.000 + VSK Rnr.156986.



RENAULT Premium 410.26 6x2 d rs e4. Árgerð 2008, ekinn 125 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verðtilboð 4.900.000 + VSK Rnr.157006.



FORD Transit single cab 350s 350m 115 hð. Árgerð 2006, ekinn 132 P.KM, dísel, 5 girar. Verð 1.490.000 + VSK Rnr.156587.



RENAULT Midlum 240.12. Árgerð 2007, ekinn 110 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verðtilboð 3.400.000 + vsk Rnr.156898.

JR Bílasala
Bíldshöfði 3, 110 Rvk
Sími: 567 0333
www.jrbilar.is

KRÓKUR



Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net

100 bílar.is



Ford F350-6/2005 - ek 185 þkm - Ný Toyo dekk - Einn eigandi - 35" breyttur - Mjög vel með farinn - Nýtt í bremsur - Nýjar afturfjadrir - Klæddur pallur - ARE plástús-Smurbók frá upphafi - Er á staðnum - Verð er 2.490.000. Raðnr 151747

100 bílar ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð 10-18.00, Lau 11-15
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Seldur.is

KAUPUM BÍLA HÆRRA UPPÍTÖKUVERÐ

Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.



MMC Pajero 1997 2.8 TDI 33" ssk cruise kúla ek 288 þkm verð 500 sk 16 s:8680465

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Óska eftir bíl á bilinu 30-500þ. Ekki eldri en ,00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Hópfæribílar



Get útvegað Sprinter í ýmsum útfærslum, verð frá 50.000 Euro (Bíll á mynd 75.000 Euro). 20 ára reynsla af innflutningi á hópbifreiðum og öðrum atvinnutækjum. Upplýsingar í síma 894-0278 og bus@simnet.is Erlingur Þór

Fjór hjól

DAYCO



Hágæða reimar fyrir vélsleða og fjór hjól á góðu verði.
Stál og Stansar ehf.
VAGNHÖFÐI 7 • Sími 517 5000

Varahlutir

VAKA



FELGUR
Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

Vinnuvélar



DAF 106, 410 NYR
Sjálfskiptur + retarder
15.800.000 án vsk.



Volvo FH16, 700
Árgerð 2010 - 500.000 km.
11.450.000 án vsk.



Scania R560
Árgerð 2010 - 450.000 km.
11.990.000 án vsk.



Man 41.440
Árgerð 2007 - 200.000 km.
6.900.000 án vsk.



Caterpillar IT14G
Árgerð 1999 - 6.400 km.
4.700.000 án vsk.

Jörunn

TELAR OG TÆKI
Sími 480 0444 www.vinnuvelar.is
baldur@vinnu.is / Con 893 3340
Múlfossvéi 3 - 210 Garðabær

Viðgerðir

BÍLAVERKSTÆÐIÐ SMÁPARTAR
Getum bætt við okkur nokkrum kúnum

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS

BÍLAHÖLLIN

BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

Opnunartími: Mán-föst kl. 10-18 • Lau kl. 12-15 • Lokað sunnudaga.

Yfir 25 ára reynsla í sölu á notuðum bílum 1988-2015



OPEL Astra enjoy.
Árgerð 2013, ekinn aðeins 13 P.KM, dísel, 6 girar. Verð 2.990þ Rnr.210385.



BMW X5 xdrive30d 3.0d .
Árgerð 2012, ekinn 46 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 10.900þ Umboðsbíll Rnr.210360.



MERCEDES-BENZ Glk 220 cdi 4matic.
Árgerð 2012, ekinn 32 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.960þ Eignum líka 2014 árg. Rnr.219710.



MERCEDES BENZ M1320cdi.
Árgerð 2008, ekinn 125 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.490þ Eignum líka 2011 árg. Rnr.330032.



LAND ROVER Range rover sport hse.
Árgerð 2007, ekinn 86 P.KM,V8 dísel, sjálfskiptur. TILBOÐ 5.990þ Ásett verð 7.980þ Rnr.210228.

Yfir 100 bílar á staðnum

Bíll með myndum selst betur

Innisalur

Þróun launa síðustu fimm ár

ÁR	Föst laun	Heildarlaun	Hlutfall aukagreiðslna og hlunninda af heildarlaunum	Árleg breyting fastra launa	Árleg breyting heildarlauna	Ársverðbólga (okt.–sept.)	Fjöldi launaupplýsinga
2010	443.632 kr.	495.565 kr.	10%				13.076
2011	462.564 kr.	513.059 kr.	10%	4,3%	3,5%	5,7%	15.007
2012	488.180 kr.	535.903 kr.	9%	5,5%	4,5%	4,3%	13.673
2013	502.007 kr.	556.964 kr.	10%	2,8%	3,9%	3,9%	14.347
2014	517.571 kr.	570.719 kr.	9%	6,0%	2,5%	3,9%	16.137

Þetta má lesa úr gögnum Launagreiðingar

19% STARFSMANNA eða 3.100 manns eru með 6-9 ára starfsaldur	8,3 ár er meðalstarfsaldur starfsmanna
LAUN 3.237 sérfræðinga eru skoðuð	LAUN 1.724 stjórnenda eru skoðuð
1/3 starfsmanna er með háskóla-menntun	41 ár er meðalaldur starfsmanna
9,2 MILLJARÐAR voru heildarlaun í Launagreiðingu PwC í september 2014. Þar af var 521 milljón í yfirvinnukaup	

einhver minnkun á yfirvinnu," segir Hafsteinn.

Það veur líka athygli að miðgildi launa hækkar meira en meðaltalið.

„Það þýðir að það hefur orðið meiri hækkun á milli ára á neðri hluta launatöflunnar. Þannig að það er að minnka munurinn í launatöflunni 2013 og 2014," segir Hafsteinn.

Gefa starfsmannamálum gaum

Það er reynsla starfsmanna PwC að á rekstrarreikningnum séu laun starfsfólks annar tveggja stærstu kostnaðarliða. Það sé því mjög brýnt að stjórnendur fyrirtækja hafi áreiðanleg og vel framsett gögn um laun á vinnuarkaðnum og þróun þeirra. Þannig sé hægt að taka upplýstar launaákvæðanir, hvort sem markmiðið er að draga úr launakostnaði, sjá hvað þarf til

að sækja hæfasta starfsfólkið eða allt þar á milli.

„Við höfum í gegnum tíðina verið svolítið upptekin af því að það séu fleiri þættir í eigna- og rekstrarhlið félaga sem á eftir að gefa gaum. Við höfum haft töluverða vinnu af því að skoða, greina og meta eignahlíðina á meðan svona þættir sem eru tröllauknir í rekstri félaga fá minni athygli. Við viljum meina að eftir því sem þetta fær meiri athygli þá sé hægt að tala með einhverri vitrænni skýringu og þekkingu og þróun á þessum rekstri fyrirtækja sem er oft sá þýðingarmesti," segir Halldór Þorkelsson, sviðsstjóri fyrirtækjaráðgjafar hjá PwC, um það hvaða hag fyrirtæki hafi af því að taka þátt í þessari launagreiðingu. Úr henni eigi að geta orðið til vand- aðri stjórnendaupplýsingar.

Haldór segir að menn hafi gríðarlega góða yfirsýn yfir flesta þætti í starfsemi en starfsmannamál séu oft afgangsstærð þótt þau geti skipt sköpum í rekstrarlegu tilliti. „Við erum að skynja það með hverju árinu að þá erum við að fá fleiri fyrirtæki til að taka þátt í þessu með okkur. Þetta er að skapa lengri umræður fyrir og eftir að skýrslan kemur út. Við viljum meina að það sé aukinn skilningur á því að þetta geti verið gagnlegar upplýsingar," segir Halldór.

Meginmarkmiðið sé að sýna með greinargóðum hætti upphæð, samsetningu og dreifingu launa fyrir mismunandi störf á Íslandi.

Aðferðin

Alls tóku 83 fyrirtæki þátt í Launagreiðingu PwC árið 2014 og var

metfjöldi einstaklinga á bak við niðurstöður, eða alls 16.137 launþegar. Það samsvarar tæplega 10% alls launafólks á Íslandi. Skýrslan fyrir árið 2014 birtir upplýsingar fyrir 131 tegund starfa.

Í Launagreiðingu PwC er gagna aflað beint úr launakerfum þeirra fyrirtækja sem taka þátt í stað þess að treysta á launakannanir. Fyrir því eru helst þrjár ástæður

Nákvæmni: Laun (og aðrar upplýsingar) verða mun nákvæmari og miklu meiri líkur eru á því að réttar upplýsingar komi fram fyrir hvern starfsmann með þessari aðferð. Margir muna ekki nákvæmlega hvað þeir hafa í laun fyrir skatta og því námunda þeir launin ýmist upp eða niður. Þetta vandamál er úr sögunni þegar launin koma beint úr launakerfi.

Aukagreiðslur og önnur hlunnindi

Undanfarin ár hafa kjör starfsfólks hjá mörgum fyrirtækjum verið mynduð úr ýmsum aukagreiðslum og hlunnindum ásamt grunnlaunum. Þar má nefna tekjumat vegna bifreiða-hlunninda, ökutækjastyrk, kaupaukagreiðslur, vaktaálag og ákvæðisvinnu. Það er auðvelt að ná utan um þessar greiðslur þegar launin koma beint úr launakerfi.

Starfslýsingar: Þegar gagna er aflað beint úr launa- eða mannauðskerfi kemur í ljós hvaða störfum launþegarnir eru ráðnir til að gegna og þar með hvaða laun er greidd fyrir störf. Í spurningakönnunum er hætta á því að svarendur geri meira úr störfum sínum en þau eru í raun.





Dregið
21. apríl

Viltu vinna ferð fyrir tvo á leik Sevilla og Real Madrid?

Það eina sem þú þarft að gera er að kaupa Santa Maria vöru í Bónus, taka mynd af strimlinum og senda ásamt nafni, heimilisfangi og símanúmeri á netfangið leikur@adfong.is.

Þú gætir unnið ferð fyrir tvo á leik Sevilla og Real Madrid 3. maí. Flugmiðar og hótél í fjórar nætur í boði Santa Maria.





Finnst skemmtilegra að flytja mál í Hæstarétti

Hæstaréttarlögmaðurinn Eva Hrönn Jónsdóttir bættist nýlega í hóp starfsmanna Íslensku lögfræðistofunnar. Hún hefur starfað við lögmennsku í átta ár. Í frítímanum sinnir hún fjölskyldunni.

Eva Hrönn Jónsdóttir hæstaréttarlögmaður gekk á dögum til liðs við Íslensku lögfræðistofuna. Hún hafði áður starfað hjá Opus lögmönnum. Þar hóf hún störf þegar hún var á síðustu önn í lagadeild og hefur nú starfað við lögmennsku í átta ár. Hún segir að fyrstu árin í lögmennskunni hafi hún tekið að sér fjölbreytt mál en síðustu ár hafi hún einkum tekið að sér slysa- og skaðabótamál.

Það stendur ekki á svari þegar Eva Hrönn er spurð hvort sé skemmtilegra að flytja mál í héraði eða Hæstarétti. „Mér finnst miklu skemmtilegra að flytja mál fyrir Hæstarétti en í héraði. Sumum finnst skýrslutökurnar fyrir héraðsdómi skemmtilegri. Ég get alveg skilið það, en mér finnst miklu skemmtilegra að flytja mál fyrir Hæstarétti,“ segir hún.

Eva Hrönn segist ekki vera alveg viss um hvað varð til þess að hún ákvað að læra lögfræði. „Ég ákvað það þegar ég var í menntaskóla, af engri sérstakri ástæðu. Það er enginn í fjölskyldunni sem hafði áhrif á mig. Og ég held að lögfræðipættir í sjónvarpi

hafi ekki heldur gert það, þó ég geti ekki alveg útilokað það. Þetta er bara eitthvað sem mér fannst mest spennandi,“ segir Eva og bætir því svo við að þetta hafi reynst mjög góð ákvörðun þótt hún hafi upphaflega ekkert vitað hvað hún var að fara út í.

Eva segist telja að það hafi verið ágætt að auka víðsýni á starfið með því að breyta til og færa sig frá Opus til Íslensku lögfræðistofunnar. „Mér leist vel á stofuna og fólkið sem er hér. Mér fannst spennandi að fá tækifæri til að vinna með því og langaði til þess,“ segir hún og bætir við að hún hefði ekki farið frá Opus fyrir hvað sem er.

Eva Hrönn segist nýta frítíma sinn til að sinna eiginmanninum og börnum. Hún er gift Grétari Erni Bragasyni og þau eiga tvö börn sem eru að verða fimm og sjö ára. „Það fer mestur tíminn utan vinnu í að sinna fjölskyldunni og gera eitthvað skemmtilegt með henni. Svo reyni ég að hitta vinkonur mínar og foreldra,“ segir hún. Frítíminn fari því í að rækja samskiptin við sína nánustu, en Eva segist ekki vera í neinu skipulögðu félagsstarfi.

„Sund er mitt sport. Ég æfði það frá því að ég var barn og fram í menntaskóla.“

„Sund er mitt sport, ég æfði það frá því að ég var barn og fram í menntaskóla,“ segir Eva en hún æfði með Aftureldingu í Mosfellsbæ. jonhakon@frettabladid.is




ÁKVAD FRAMTÍÐINA Í MENNTASKÓLA Eva segist ekki vita hvað réð því að hún ákvað að læra lögfræði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

KEILUHÆFILEIKARNIR STANDA UPP ÚR



Ég vann með Evu Hrönn í mörg ár og veit að hún er frábær samstarfsmaður. Hún hefur gott skipulag á hlutunum, er fljót að setja sig inn í mál og gengur hreint til verks. Þá er hún mjög öflugur málflytjandi. Henni fylgir mikil jákvæð orka og ég held ég hafi ekki kynnst manneskju sem er með jafn smitandi hlátur og hún hefur. Að öðrum kostum hennar ólöstuðum held ég þó að keiluhæfileikar hennar standi upp úr en henni tókst að vinna keilumót á vinnustaðnum með afar undarlegri kastaðferð sem ég þori að fullyrða að aldrei hafi verið beitt áður, hvorki fyrir né síðar.

Oddgeir Einarsson meðeigandi í Opus lögmönnum



Það fyrsta sem mér dettur í hug varðandi Evu er það að hún er einstaklega ábyggileg og traust og fær lögmaður. Það líður öllum vel í kringum hana. Hún lýsir öllu umhverfi sitt. Hún er það sem myndi heita gleðimaður og gríðarlega hress. Mér detta ekki í hug neinir ókostir, kannski er hennar helsti ókostur að hún á erfitt með að segja nei við því sem hún er beðin um. Það er þrotlaus samviskusemi.

Borgar Þór Einarsson héraðsdómslögmaður



Fisléttar og fellanlegar FÁNASTANGIR



Formenta-fánastangirnar eru léttar glertrefjastangir sem hægt er að fella þegar illviðri ganga yfir.

- Sex, sjö og átta metra stangir
- Ekkert viðhald
- Gylltur hún setur glæsilegan svip á stöngina
- Snúningsfótur svo fáninn snúist síður um stöngina
- Fánalína, línufesting og festingar fylgja



LEITAÐU RÁÐA HJÁ OKKUR

Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir.

REYKJAVÍK	AKUREYRI	OPIÐ
Fiskislóð 1 Sími 580 8500	Tryggvabraut 1-3 Sími 460 3630	Mán.-fös. 10-18 Lau. 10-16



MARGT ÓLEYST Ólafur Stephensen vakti athygli á því að svipuð mál hafa fengið misjafna meðferð fyrir dómstólum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fjöldmörg mál sem tengjast gengistryggingu lána eru enn óleyst:

Deilt um hundruð milljarða fyrir dómi

Um 547 milljarðar, eða um þriðjungur af upphaflegri upphæð gengislána til fyrirtækja er enn í ágreiningi og málin óleyst. Á héraðsdómstigi hafa fallið að minnsta kosti 186 dómur í málum sem varða gengistryggingu lána og sjötíu hæstaréttardómar. Þetta kom fram í máli Ólafs Stephensen, framkvæmdastjóra Félags atvinnurekenda, á opnum félagsfundi um umfang gengislána.

„Það eru sjö ár liðin frá hruni og það er enn þá ágreiningur um ótrúlega stóran hluta af gengistryggðum lánunum. Þessi fjöldi dóma virðist ekki gagnast fjármálastofnunum til þess að greiða úr málum,“ sagði Ólafur.

Þá vakti Ólafur athygli á því að fyrirtæki í svipaðri stöðu með lán, jafnvel keppinautar á markaði, fái mismunandi úrlausn mála eftir orðalagi samninga. „Ég held að það sé í því ljósi hægt að sýna því skilning að forsvarsmenn sumra fyrirtækja skynja það þannig að byrðunum sé misjafnlega dreift.“ Þar

vísar Ólafur annars vegar í Hæstaréttardóm frá 2011 þar sem Landsbankinn stefndi Motormax ehf. og í dómi frá 2012 þar sem Arion stefndi Hætti ehf.

Samtök fjármálafyrirtækja mótmæla málfutningi Ólafs. „Varúðafærslur aðildarféлага vegna gengislána nema um 20 milljörðum króna eða sem nemur 2% af heildarlánveitingum bankakerfisins til fyrirtækja,“ segir Örn Arnarsson, sérfræðingur hjá Samtökum fjármálafyrirtækja. Hann fullyrðir að varúðafærslur hafi lækkað ört samhliða að óvissan hafi eyðst.

„FME, sem fylgist grannt með þessum málum, mat kostnað bankakerfisins vegna þessara mála um 165 milljarða vorið 2012. Fyrir þann tíma höfðu fjármálafyrirtæki fært niður gengislán um 70 milljarða. Í kjölfar dóma var mat FME komið niður í 125 milljarða haustið 2012. Staðreyndirnar tala sínum máli og styðja ekki fullyrðingar um að fjármálageirinn hafi dregið lappirnar,“ segir Örn. -jhh



HEIÐURSTÓNLEIKAR Í HÁSKÓLABÍÓ 28. MARS KL. 19:30

Bandaríska hljómsveitin Guns N' Roses fagnar 30 ára starfs-
afmæli á árinu en hún er ein ástsælasta rokkhljómsveit
sögunnar og hefur selt tugi milljóna platna um allan heim.
Meðal þekktustu laga sveitarinnar eru Welcome to the Jungle,
Sweet Child o' Mine, Paradise City og November Rain. Það
verður sannkölluð rokkveisla þegar öll frægustu og bestu lög
Guns N' Roses verða flutt á stóra sviði Háskólabíós. Þessu vilt
þú alls ekki missa af.

Miðasala á midi.is.
Miðaverð: 7.990 kr.

Af hverjum seldum miða renna 500 kr. til styrktar Mottumars.

Söngur: Stefán Jakobsson (Dimma), Jenni (Brain Police)
Snorri Snorrason og Arnar Friðriksson
Bakraddir: Erna Hrönn og Stefanía Svavarsdóttir

Hljómsveit:
Gítar: Andri Ívarsson og Franz Gunnarsson
Trommur: Kristinn Snær Agnarsson
Bassi: Jón Svanur Sveinsson
Hljómborð: Þórir Úlfarsson
Tónlistarstjórn: Þórir Úlfarsson og Franz Gunnarsson

DÆGURFLUGAN

MOTTU
MARS

Hvað skyldi vera líkt með Pírötum á Alþingi og Besta flokknum?

Af hverju eitthvað annað?

Pað hefur verið vinsæll samkvæmisleikur síðustu dagana að geta sér til um hvað veldur því að Píratar mælast sífellt vinsælli í hverri skoðanakönnuninni á fætur annarri undanfarna daga.

Forystumönnum gömlu stjórnmalaflokkanna eru eitthvað mislagðar hendur þessa dagana. Sú skýring sem flestir hafa gripið til við að skýra fylgisaukningu Pírata er því að kjósendur vilji „eitthvað annað“ en þá kosti sem í boði eru. Þetta er ekki ósennileg skýring og þá ekki í fyrsta skipti sem framboð fær byr í seglin af þessari ástæðu. Fyrir borgarstjórnarkosningarnar 2010 rauk Besti flokkurinn upp í skoðanakönnunum. Í einni könnuninni mældist flokkurinn með hreinan meirihluta í Reykjavíkurborg. Niðurstaðan í kosningum varð flokknum ekki svo góð, en þó sú að hann hlaut sex borgarfulltrúa kjörna og varð stærsti flokkurinn í borgarstjórn. Og það eftir mjög skrautleg og jafnframt óljós kosningaloforð. Fólki man auðvitað eftir loforðum um ísbjörn í Húsdýragarðinn og svo annað loforð um að öll gefin loforð yrðu svikin. Þetta framboð sló í gegn, sennilegast af því að kjósendur vildu þá eins og nú „eitthvað annað“.

Það væri rangt að halda því fram að verk meirihluta Besta flokksins og Samfylkingarinnar hefðu fallið öllum í geð. Enda fór það svo að Björt framtíð og Samfylkingin sömdu við Pírata og VG um myndun meirihluta að loknu kjörtímabilinu. En ýmislegt gerðu þeir vel.

Markaðshornið
Breytt sjónarmið myndu þá ráða því hverjir vermdu ráðherrastólana.

Hávær umræða var um það á síðasta kjörtímabili að kjörnir fulltrúar hefðu veitt embættismönnum borgarinnar aukin völd. Sú ráðstöfun á valdi þarf þó ekki að hafa verið slæm, enda störfuðu embættismennirnir á ábyrgð þessara sömu kjörnu fulltrúa. Og þegar kom að Orkuveitunni valdi meirihlutinn fagmenn úr atvinnulífinu til að mynda meirihluta í stjórn. Þeir gripu til sársaukafullra aðgerða til þess að snúa fyrirtækinu á rétta braut. Aðgerða sem pólitískt kjörnir fulltrúar í stjórn Orkuveitunnar annaðhvort höfðu ekki haft vit á að grípa til eða ekki þorað. Vel má vera að það sé akkúrat þessi meðferð á valdi sem fólk horfir til núna þegar það segist vilja eitthvað annað en fjórflokkinn við landsstjórnina.

Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, er gagnrýninn á þá spurningu hvort hann væri reiðubúinn til þess að setjast í ríkisstjórn ef niðurstöður kosninga yrðu í samræmi við það sem skoðanakannanir þessa dagana benda til. Í tilsvörum við slíkum spurningum hefur hann fyrst og fremst lagt áherslu á að hann vilji skerpa á þriggreiningu ríkisvaldsins með því að ráðherrar sitji ekki á þingi. Þessu markmiði er auðvitað hægt að ná með því að ráðherraefni af þinginu segi af sér þingmennsku. Og þá leið hafa Píratar ekki útilokað. En hljóti Píratar fylgi til að mynda ríkisstjórn gætu þeir líka náð þessu markmiði sínu með því að beita einmitt þeirri aðferð sem Besti flokkurinn beitti á síðasta kjörtímabili. Að velja fagmenn sem ráðherra í ráðuneytin í stað þess að skipa kjörna þingmenn.

Breytt sjónarmið myndu þá hugsanlega ráða því hverjir vermdu ráðherrastólana. Þannig myndi vonandi fagþekking á sviði þeirra mála sem heyrna undir ráðuneytin skipta meira máli en það úr hvaða kjördæmi viðkomandi aðili kemur úr eða hvar hann hefði ráðast á framboðslista fyrir síðustu kosningar. Hugmyndin um utanþingsráðherra er svo sem ekki ný. Einn situr í núverandi ríkisstjórn og virðist taka ákvarðanir af yfirvegun. Tveir sátu í tíð vinstri stjórnarinnar. Því miður réðu pólitísk sjónarmið því að þeim var skipt út á miðju kjörtímabili. Kannski eigum við eftir að sjá sterkara ákall eftir slíkum ráðherrum í framtíðinni.

Jón Steinar Gunnlaugsson í lögmennsku á nýjan leik



GLEÐISTUND Í BORGARTÚNI Feðgarnir og lögmennirnir Jón Steinar Gunnlaugsson og Konráð Jónsson hófu samstarf á dögnum þegar þeir gengu til liðs við Veritas lögmenn. Af því tilefni tóku þeir á móti gestum í Borgartúni 28 á föstudaginn. Þangað var að sjálfsögðu mættur Hlynur Jónsson blaðamaður, sem er yngsti sonur Jóns.

Nýjar höfuðstöðvar Landsbankans við Austurhöfn



Skoðun
Frosti Sigurjónsson, alþingismaður

Í skýrslu stjórnar Landsbankans fyrir aðalfund 18. mars voru ítrekuð áform um að reisa nýjar höfuðstöðvar bankans við Austurhöfn, á einum dýrasta byggingarreit landsins. Í skýrslunni segir:

„Gert er nú ráð fyrir að rýma um 28 þúsund fermetra og koma starfsemi þess á þeim var fyrir á um 15 þúsund fermetrum í nýju sérhönnuðu húsnæði. Reikna má með um 600 milljóna króna sparnaði á ári.“

Fagna ber hagræðingu í rekstri Landsbankans, hún er mikilvægur þáttur í því að bankinn geti veitt betri kjör, en sú spurning vaknar hvort hagræðingin gæti ekki orðið enn meiri ef byggt væri hóflegt skrifstofuhúsnæði á hagkvæmri lóð? Það hljóta að finnast hagkvæmari lóðir í Reykjavík en Austurhöfn. Verður nóg af bílastæðum fyrir starfsfólkið, viðskiptavinum bankans og þau fyrirtæki sem koma til með að fylla þessa 28 þúsund fermetra sem bankinn mun rýma?

Hvað mun þetta kosta og hver borgar?

Kostnaðaráætlun fyrir verkefnið hefur ekki verið kynnt en ólíklegt má telja að 15 þúsund fermetra bygging við Austurhöfn muni kosta minna en sjö milljarða. Kostnaðarauki vegna staðarvalsins mun lenda á viðskiptavinum bankans með einum eða öðrum hætti, hvort sem er í gegnum hærri vexti á lánum, með hærri þjónustugjöldum eða með hærri sköttum.

Höfuðmarkmið bankans er arðsemi eigin fjár Stefnumótun bankans til ársins 2020 var einnig kynnt á aðalfundinum. Höfuðmarkmiðið er sagt „viðunandi arðsemi eigin fjár“. Arðsemi eigin fjár bankans var 12,5% árið 2014 sem hlýtur að teljast meira en viðunandi. Við fyrstu sýn er öll arðsemi af hinu góða.

Stóru bankarnir þrír skipta hins vegar með sér meira en 90% af markaðinum. Á slíkum fákeppnismarkaði er hætt við að samkeppni verði ekki nægilega hörð til að tryggja viðskiptavinum bestu kjör. Bankar geta þá aukið arðsemi sína með því að auka vaxtamun og gjaldtöku. Það kæmi sér því best fyrir landsmenn ef Landsbankinn tæki upp það höfuðmarkmið að bjóða upp á bestu kjör og hóflega arðsemi. Aðrir bankar

yrðu þá væntanlega að mæta samkeppninni til að halda í sína viðskiptavinum. Allir landsmenn myndu njóta góðs af virkari samkeppni á bankamarkaði.

Eignarlutur starfsmanna

Árið 2009 gerði núverandi Landsbanki, LBI hf. og þáverandi fjármálaráðherra samkomulag um að starfsfólk bankans myndi eignast tæplega 1% hlut í bankanum. Hlutirnir voru afhentir í mars 2013 og nam verðmæti þeirra eftir skatta 1,8 milljörðum króna. Það má reikna með að eignaraðild starfsmanna sé hvati til að auka arðsemi bankans.

Þar sem íslenski bankamarkaðurinn einkennist af fákeppni, er hætt við að hærri arðsemi Landsbankans verði á kostnað almennings. Eignaraðildin og hvatinn sem hann myndar er því óheppileg frá sjónarhóli landsmanna.

Sé vilji fyrir hendi mætti leysa málið með því að láta bankann kaupa til baka hlut starfsmanna svo ríkið verði 100% eigandi að bankanum. Þá mætti setja honum aðalmarkmið að veita góða þjónustu á lágu verði og skila hóflegri arðsemi. Þannig myndi Landsbankinn skapa landsmönnum mest verðmæti.

Vor á hlutabréfamarkaði

Hin hliðin

Sigríður Hrud Guðmundsdóttir, rekstrarhagræðingur – Fasteignakaup ehf.



Nú hafa flest félög í Kauphöllinni birt ársuppgjör fyrir árið 2014 og aðalfundir standa yfir þessa dagana. Það er einkum áhugavert að sjá hvað arðgreiðslur skráðra félaga hafa aukist mikið nú á milli ára. Mörg félög hafa sett sér arðgreiðslustefnu og eru það jákvæðar fréttir. Félagin greiða þó út mismikinn arð og fer það eftir eðli rekstrar hjá hverju fyrirtæki fyrir sig, vaxtarmöguleikum og framtíðarhorfum.

Alltof mörg rekstrarfélög hér á landi fyrir hrun greiddu lítinn sem engan arð og

nýttu þess í stað afrakstur starfsemiinnar til þess að fjárfesta í alls óskyldri starfsemi sem leiddi til þess að stjórnendur misstu fókusinn á grunnrekstri með hörmulegum afleiðingum. Vonandi erum við búin að læra af reynslunni.

Kröfur um arðgreiðslur

Almennir fjárfestar á þroskuðum hlutabréfamörkuðum gera kröfu um arðgreiðslu þeirra fyrirtækja sem þeir fjárfesta í. Það gefur þeim m.a. möguleika á stöðugum tekjum sér og sínum til framfærslu án þess að þurfa að selja á misgóðu gengi. Þeir sem gagnrýna þetta segja að fjárfestar sem þurfa stöðugt tekjuflæði ættu frekar að fjárfesta í

skuldabréfum eða þá að selja hlutabréfin þegar þurfa pening. Aftur á móti gefa þau fyrirtæki sem greiða reglulega út arð ákveðin skilaboð til fjárfesta um stöðugan rekstrargrundvöll og góða stjórnarhætti. Sagan hefur einnig sýnt að fyrirtæki sem hafa ekki greitt út arð í gegnum árin fá jákvæða athygli þegar þau svo loks ákveða að greiða út arð og öflugt.

Er arðgreiðslustefna og aukning arðgreiðslna íslenskra hlutafélaga þroskamarki?

Fjárhagsstaða skráðra félaga er sterk um þessar mundir og það gefur augaleið að rekstrarfélög haldi sig við þann rekstur sem viðkomandi félög hafa sýnt fram

FARTÖLVUR

FERMINGARTILBOÐ



TOSHIBA

INTEL i5 HASWELL

Toshiba kraftur og gæði. Traustar 15,6" fartölvur með kraftmiklum Intel i5 Haswell örgjörva sem tryggir ofurhraða vinnslu. Intel HD 4400 skjákort og þráðlaust AC netkort sem tryggir allt að þrefalt hraðara þráðlaust net.

TILBOÐSVERÐ 89.995

FULLT VERÐ 99.995



ÓTRÚLEGT VERÐ

Hagkvæmasta 15,6" fartölvun okkar með Intel örgjörva. Hentar vel í netnotkun og léttu almenna vinnslu.

TILBOÐSVERÐ 49.995

FULLT VERÐ 54.995

acer



**30.000 KRÓNA
FERMINGARAFSLÁTTUR**

TVÆR Í EINNI

Létt og meðfærileg fjögurra kjarna Intel fartölvu með snertiskjá sem hægt er að breyta í stóra 13,3" spjaldtölvu með einum smelli.

TILBOÐSVERÐ 89.995

FULLT VERÐ 119.995

TOSHIBA



HVÍT MEÐ SSD

Ótrúlegt fermingartilboðsverð fyrir fartölvu með Intel Pentium örgjörva, 8GB vinnsluminni og 120GB SSD disk.

TILBOÐSVERÐ 89.995

FULLT VERÐ 109.995

acer

TÖLVULISTINN

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A
Sími 464 1600

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFOSS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

AKRANES
ÞJÓÐBRAUT 1
SÍMI 431 3333

HAFNARFJÖRÐUR
REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1750

375.000 GESTIR

Fimm leikhús starfandi á Íslandi

Samanlagður fjöldi gesta á leiksýningar leikhúsa, atvinnuleikhópa og áhugaleikfélaga innanlands var 375 þúsund á síðasta leikári. Það jafngildir því að hver landsmaður hafi farið einu sinni í leikhús á leikárinu. Sýningargestum fækkaði um 22 þúsund frá fyrra leikári. Á síðasta leikári voru starfrækt fimm atvinnuleikhús með aðstöðu í fjórum leikhúsum. Á vegum þeirra voru ellefu leiksvið sem rúmuðu 3.706 gesti í sæti. Leikhúsin settu á svið 65 uppfærslur á eigin vegum eða í samstarfi við aðra.

23.3.2015 Samfylkingin hafði forystu um þetta mál í tíð síðustu ríkisstjórnar, skrifaði undir hér leyfi og beitti sér fyrir samningum við aðila bæði til rannsókna og vinnslu á olíu ef hún finnst á drekasvæðinu. Þannig að það eru skuldbindandi samningar sem búið er að gera og gætu hugsanlega skapað ríkinu skaðabótaskyldu. Svo finnst mér þetta líka mjög kúnstugt í ljósi þess að einungis fyrir tæpum tveimur mánuðum, 28. janúar, voru samþykkt hér lög á Alþingi um stofnun ríkisolíufélags með stuðningi allra þingmanna Samfylkingarinnar. Þannig að þessi stefnubreyting hjá þeim kemur mér verulega á óvart.



Ragnheiður Elin Arnadóttir iðnaðarráðherra

553 AFPAKKA

99% fá niðurfærslu lána

Þriggja mánaða frestur til þess að samþykkja ráðstöfun leiðréttingar verðtryggðra húsnæðislána er runninn út hjá þeim umsækjendum um leiðréttingu sem gátu samþykkt hana frá 23. desember síðastliðnum. Af þessum hópi samþykktu 99,4% ráðstöfun leiðréttingarinnar. 553 einstaklingar samþykktu ekki ráðstöfunina.

STJÓRNAR- MAÐURINN

Þrjú þúsund seðlabankastjórar

Bandaríkin, Bretland, Noregur, Finnland, Danmörk og Svíþjóð. Allt eru þetta lönd sem láta sér nægja einn seðlabankastjóra. Sama gildir um Seðlabanka Evrópu, en þar hefur ekki verið talin ástæða til að skipa tvo meðreiðarsveina til aðstoðar Mario Draghi.

Á ÍSLANDI höfum við hins vegar lengst af farið aðra leið, og talið þörf á þremur seðlabankastjórum. Það fyrirkomulag var þó afnumið 2009 og hefur bankastjóri síðan þá starfað einsamall, en þó með aðstoðarseðlabankastjóra sér við hlið og bankastjórn sem gegnir eftirlitshlutverki.

ÆTLA MÆTTI að með þessu væri tryggt að starfsemi bankans gæti gengið snurðulaust fyrir sig, og raunar er ekkert sem bendir til þess að stjórn Seðlabankans hafi verið sérstaklega ábótavant síðan þriggja manna kerfið var afnumið – nema síður sé.

NEFND skipuð af fjármálaráðherra er þó á öðru máli og hefur lagt til úrbætur á starfsemi sem m.a. fela í sér að seðlabankastjórar verði aftur þrír.

HVERNIG getur það staðist að í 300 þúsund manna landi þurfi þrjú menn í sambærilega stöðu og einn maður gegnir í Bandaríkjunum? Landi sem er þúsund sinnum fjölmennara en Ísland. Má þá ekki segja að Bandaríkjamenn ættu að kalla til 2.999 nýja seðlabankastjóra til viðbótar þeim sem fyrir er á fleti, að Bretar ættu að fjölga í 600 og Danir í 45? Nei, vitaskuld ekki. Það er ágæt regla fyrir litla þjóð að finna ekki upp hjólið þegar auðveldlega má finna alþjóðlegar fyrirmyndir.

LAUSLEG skoðun á þeim sem gegnt hafa embætti seðlabankastjóra leiðir í ljós að á árunum 1986 til 2009 gegndu sjö fyrrverandi ráðherrar embætti seðlabankastjóra. Þar af voru tveir fyrrverandi formenn Sjálfstæðisflokksins, og tveir formenn Framsóknarflokksins. Þar sat líka annar fyrrverandi framsóknarráðherra sem hætti störfum og keypti ásamt öðrum banka í ríkiseigu.

VIÐ ÞETTA má svo bæta að þrír seðlabankastjórar tryggja ekki að bankinn standi vaktina á ögur-stundu. Hver man annars ekki eftir því á haustdögum 2008 þegar allt sigldi í strand en ekki náðist í seðlabankastjóra þar sem hann var í kvikmyndahúsi?

ÞAD ER óheiðarlegt að klæða tilögu um fjölgun seðlabankastjóra í skýrslubúning. Tillagan felur í sér afturhvarf til þeirra tíma þegar bankinn var pólitískt elliheimili, og affarasælast væri að segja það hreint út. Menn gætu þá tekist á um málið á þeim grundvelli.

SÁR REYNSLAN kennir okkur nefnilega að við þurfum sjálfstæðan og faglegan Seðlabanka sem bregst við á ögur-stundu.

Hreint og klárt

Hjá Fastus fást heildarlausnir fyrir þvottahús



T5290 Purrkari



T5350 Purrkari

Þvottavélar • þurrkarar • tauflokkunarkerfi • o.m.fl.



W5240 Þvottavél



W5105H Þvottavél



Hammerlit • Tauflokkunarkerfi

Þvottavélar og þurrkarar - helstu kostir:

- Sterkbyggðar og endingagóðar
- Byggðar til að þola uppí 30.000 þvotta
- Sparnaðarkerfi fyrir vatn og orkunýtingu
- Notendavæn og þægileg þvottakerfi
- Þvottavél og þurrkari staflanleg til að nýta pláss betur
- Margar góðar viðbætur fánlegar með myntlausn



Veit á vandaða lausn



20:05

MARGRA BARNA MÆÐUR

Í fjórða þætti af Margra barna mæðrum fer Sigrún Ósk alla leið til Orlando en þar býr Yr Sigurðardóttir, sérfræðingur í taugalækningum barna og átta barna móðir. Hún gegnir þar stöðu yfirlæknis á stóru barnasjúkrahúsi og hefur meðal annars skimað fyrir einhverfu í fátækrahverfum Orlando, en tvö barna hennar eru á einhverfurófi.

SUDOKU

LÉTT

8			2			9	
		3	8			5	1
	1		3			6	7
1			3		7		
2	9	4		8	6		3
			9				
	8		5	3			6
5		7		9	1	3	
			2			9	

LÉTT

				4	3	2	
3			8	1		9	7
2	4						
4	9	3	8	1			6
				6	9		4
				5			8
			1	9	8	4	
6	1	5	3				
					5	1	

MIDLUNGS

PUNG

							8
	1		4	9		5	7
		3	5				9
2	9	8				4	6
1							
4	5	2				8	
		9	6				4
6			1	2			

9	2	5	1	3	6	7	4	8
6	7	8	9	4	5	1	2	3
1	3	4	7	8	2	5	6	9
2	1	6	8	5	4	9	3	7
3	5	7	2	9	1	4	8	6
4	8	9	3	6	7	2	5	1
5	6	3	4	7	9	8	1	2
8	9	2	5	1	3	6	7	4
7	4	1	6	2	8	3	9	5
1	7	3	2	9	5	4	6	8
2	8	5	1	4	6	9	3	7
4	6	9	3	7	8	2	1	5
8	1	6	4	2	7	3	5	9
3	2	7	5	1	9	6	8	4
5	9	4	6	8	3	7	2	1
9	3	1	7	5	2	8	4	6
6	4	8	9	3	1	5	7	2
7	5	2	8	6	4	1	9	3
2	9	6	1	5	3	4	7	8
1	3	7	2	4	8	9	5	6
8	4	5	9	6	7	1	2	3
9	7	8	6	3	2	5	1	4
3	1	2	4	7	5	6	8	9
5	6	4	8	9	1	2	3	7
7	2	9	3	1	6	8	4	5
4	8	3	5	2	9	7	6	1
6	5	1	7	8	4	3	9	2

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur


PONDUS

Eftir Frode Øverli




GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SPAKMÆLI DAGSINS

„Vakað hef ég um hríð og hefi ég séð þá sýn er mér þykir mikils um vert, en það er mannsfóttur sá er ég hygg að engi skal hér í kaupstaðnum ljótari vera.“
Ólafur Haraldsson, við Þórarín Nefjólfsón.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Lars-Henrik Bech Hansen (1.994) hafði hvít gegn Birki Karli Sigurðssyni (1.767) á GAMMA Reykjavíkur-skákmótinu.

Hvítur á leik



17. Rgxf7! (Það má líka fórná riddara á þrjá aðra vegu!) 17.... Kg7? (17.... Hxf7 18. Be6 He8 veitir mesta mótsþyrnu) 18. Rg5 Hae8 19. Rxe6+ Hxe6 21. Bxe6 og hvítur vann skómmu síðar. www.skak.is Vormót öðlinga hefst í kvöld.

KROSSGÁTA

LÁRÉTT
2. sæti, 6. í röð, 8. handfang, 9. tækifæri, 11. skst., 12. rithöfundur, 14. miklu, 16. pot, 17. pfn., 18. fálrm, 20. í röð, 21. traðkaði.

LÓÐRÉTT
1. elds, 3. eftir hádegi, 4. sandgrynn- ing, 5. sjáðu, 7. kökugerð, 10. varkárni, 13. fugl, 15. kk nafn, 16. einatt, 19. svörð.

LAUSN
11. no, 12. skáld, 14. stór, 16. ot, 17. mlg, 18. fúm, 20. fg, 21. tröð.
LÓÐRÉTT: 1. þáls, 3. eh, 4. sandþríf, 5. sko, 7. bakstur, 10. gát, 13. lóm, 15. us, 16. of, 19. lög, 21. lag.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

FJÖLBREYTT MIÐVIKUDAGSKVÖLD!

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

20:30

GREY'S ANATOMY

Vinsælir dramaþættir sem fjalla um flókið einkalíf læknanna á Grey-Sloan spítalanum í Seattle-borg.



21:15

TOGETHERNESS

Vandaðir gamanþættir um tvö pör sem búa undir sama þaki en þurfa að láta sambúðina ganga upp með öllum sínum uppákomum.



HBO

21:45

BONES

Stórskemmtilegir þættir þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan, réttarmeinafræðings.



22:00

G.I. JOE RETALIATION

Hörkuspennandi bíómynd með Bruce Willis, Dwayne Johnson og Channing Tatum í aðalhlutverkum.



22:00

GAME OF THRONES

Einn þáttur sýndur hvern virkan dag fram yfir páska þar til ný sería birtist á Stöð 2.



19:00

FRANKLÍN

Skemmtileg teiknimynd um ævintýrlegu skjaldbókuna Franklin.




HOLLARI SKÓLAJÓGÚRT



Skólajógúrt er nú **sykurminni** og uppfyllir viðmið Skráargatsins um sykurmagn í jógúrt. Jógúrtin er afar **kalkrik**, inniheldur **trefjar** og fæst í fjórum bragðtegundum.

Hrein Skólajógúrt er góður valkostur fyrir þá sem vilja **engan viðbættan sykur**. Hana má bragðbæta með t.d. ávöxtum eða musli.

Veldu það sem hentar fjölskyldu þinni.



MENNING

Kórfélagar völdu lög um rómantík

Kammerkór Mosfellsbæjar, Álafosskórinn og Barnakór Mosfellsbæjar halda tónleika.

„Við erum með sýnishorn af vordagskránni okkar,“ segir Símon H. Ívarsson, kórstjóri Kammerkórs Mosfellsbæjar, spurður út í lagavalið á tónleikum kvöldsins í Kjarnanum. „Ég leyfði kórfélögum að velja lög úr eldri dagskrá kórsins og útkoman varð sú að ástar-drama er í hávegum hjá okkur, ljúfir söngvar og mildir, þannig að óhætt er að segja að við séum

á rómantískum nótum. Ásdís Arnalds syngur einsöng og Þórhildur Magnúsdóttir leikur með á fiölu.“ Tónleikarnir hefjast klukkan 20 í Kjarnanum, Þverholti 2. Tveir aðrir kórar koma þar fram, Álafosskórinn undir stjórn Ástvalds Traustasonar og Barnakór Mosfellsbæjar, sem Guðmundur Ómar Óskarsson stjórnar. Flutt verður fjölbreytt kórtónlist frá ýmsum

tímum og í lokin syngja kórarinn saman. Aðgangseyrir er 1.500 krónur, en 1.000 krónur fyrir aldraða og ókeypis fyrir börn.

KAMMERKÓR MOSFELLSBÆJAR „Við erum með sýnishorn af vordagskránni,“ segir stjórnandinn Símon H. Ívarsson.



Fortíðin og fjölskylduharmur

★★★★★

Er ekki nóg að elska?

HÖFUNDUR: BIRGIR SIGURÐSSON
LEIKARAR: Unnur Ösp Stefánsdóttir, Sveinn Ólafur Gunnarsson, Guðjón Davíð Karlsson, Kristbjörg Kjeld og Katla Margrét Þorgeirsdóttir
LEIKSTJÓRN: Hilmir Snær Guðnason
LEIKMYND: Vytautas Narbutas
BÚNINGAR: Stefánía Adolfsdóttir
LÝSING: Björn Bergsteinn Guðmundsson
TÓNLIST: Björn Jörundur Friðbjörnsson
HLJÓÐ: ÓLAFUR ÖRN THORODDSEN
LEIKGERVI: Árdís Bjarnþórsdóttir



ER EKKI NÓG AÐ ELSKA?

Kristbjörg Kjeld, Sveinn Ólafur Gunnarsson og Katla Margrét Þorgeirsdóttir í hlutverkum sínum.

Eftir áratugarbið er komið nýtt leikverk eftir Birgi Sigurðsson, en Er ekki nóg að elska? var frumsýnt í Borgarleikhúsinu síðastliðna helgi. Uppgjör valdamikillar fjölskyldu við fortíðina er kjarni verksins sem gerist stuttu eftir að Ingvar, höfuð fjölskyldunnar, er látinn en hans hinsta ósk á eftir að valda gífurlegu uppnámi meðal hans nánustu.

Birgir snýr aftur á kunnuglegar slóðir þar sem fjölskyldubrestir eru í fyrirrúmi og grafin leyndarmál eru afhjúpuð. En önnur vandamál koma fljótt í ljós. Á vefsíðu Borgarleikhússins er skrifað að verkið sé nútímaverk en frásagnarstíllinn, bæði í orðfæri og framvindu, er satt best að segja frekar gamaldags og helst til of háttíðlegur. Innri átök fjölskyldunnar eftir dauða Ingvars hafa lítið nýtt fram að færa hvað varðar inntak og úrvinnslu. Verkið byggist að miklu leyti á frásögnum af liðnum atburðum og lítil dínámik er á milli fortíðar, nútíðar og framtíðar.

Þessi framsetning verður til þess að verkið og atburðarásin er frekar fyrirsjáanleg en ekki ógrandi eða átakamikil. Tímarammi sýningarinnar er líka undarlegur og óþægilega óljós þar sem verkið virðist vera staðsett í fortíðinni en síðan er farið lengra aftur í tímann til að rifja upp gamlar minningar. Slíkt tímaflakk þjónar ekki leikritinu né sviðsetningunni á neinn áberandi hátt.

Unnur Ösp hefur verið gríðarlega góð á þessu leikári og heldur hún sínu striki í þessari sýningu. Sársauki Írisar, tókubarns fjölskyldunnar, er næstum því áþreifanlegur og nær Unnur Ösp að skapa persónu sem er bæði berskjölduð og hörd í horn að taka þar sem kaldhæðnin er hennar helsta vopn. Einnig er Guðjón góður í hlutverki Skúla, einkasonarins, sem er tilbúinn til að taka yfir stöðu föður síns í samfélaginu, en hann finnur tilfinningaróti karaktersins góðan farveg og gleymir ekki hinu broslega.

Katrín, leikin af Kristbjörgu Kjeld, var hægri hönd Ingvars bæði í einkalífnum og pólitísku baráttunni og henni fylgir þögn ógn, vald sem þarf ekki að tjá. En hægt og rólega byrjar þessi kjarnakona að missa tókin. Leikur hennar er því miður ekki nægilega sterkur að þessu sinni því kraftinn vantar, þrátt fyrir glæsilega sviðsframkomu. Sveinn Ólafur og Katla Margrét sitja uppi með frekar óspennandi persónur, fjölskylduprestinn Lárus og laundótturina Huldu, en sinna sínu hlutverki ágætlega þrátt fyrir að vera örlítið litlaus.

Sviðinu er skipt í tvennt þannig að á sviðinu birtist hið svarthvíta hof Ingvars og Katrínar en fyrir framan er látlaust heimili Huldu. Fyrir miðju er líkkista Ingvars staðsett, stöðug áminning um hans varandi vald, og gluggarnir huldur með svörtum siffongluggatjöldum. Hönnun Vytautas er, eins og oft

áður, frumleg og áhugaverð en rímar ekki nægilega vel við verkið. Heimili hjónanna er örlítið á skjön og daðrar við súrrealismann, s.s. hvít leður-sófasett sem búið er að saga neðan af, en gengur ekki nægilega langt.

Tónlistin er samin af Birni Jörundi Friðbjörnssyni en hún var svo lágstemmd að tónbúturnir fóru eiginlega fram hjá manni. Stefánía Adolfsdóttir sér um búningana og tekst nokkuð vel upp, sérstaklega í búningum kvenpersónanna, en sem áður er tímarammi sýningarinnar mjög óljós sem heftir dýpt hennar vinnu. Hilmir Snær tekur verkið ekki nægilega sterkum tókum sem verður til þess að útfærslan byggist á útþynntum lausnum frekar en skýrri afstöðu til textans.

Borgarleikhúsið á heiður skilið fyrir að taka áhættu með nýjum íslenskum verkum, Er ekki nóg að elska? er hið þriðja á þessu leikári, en því miður hafa þau ekki verið eftirminnileg hingað til. Þrátt fyrir að hafa verið gífurlega ólík hefur þau skort mátt og sérstöðu.

Ágætir tilburðir leikhópsins, þá sérstaklega hjá Unni Ösp og Guðjóni, ná ekki að gefa Er ekki nóg að elska? dramatískan styrk, en verkið byggist helst upp á óvæntum uppljóstrunum sem verða helst til of melódramatískar þegar líða tekur á sýninguna.

Sigríður Jónsdóttir

NIÐURSTADA: Ágætur leikur nægir ekki til að kveikja neistann í þessu orkulausa fjölskyldumelódráma.

Átök kynslóðanna

★★★★★

Eiturbyrlarinn ljúfi

Arto Paasilinna
PÝÐING: Guðrún Sigurðardóttir
SKRUDDA

Arto Paasilinna er í senn einn vinsælasti og afkastamesti höfundur Finna síðustu áratuginna. Allt frá árinu 1972 sendi hann frá sér bók nánast árlega og hafa þær nánast undantekningalaust notið mikilla vinsælda í Finnlandi og reyndar mun víðar. Síðasta bók hans kom út árið 2009 en hann virðist hafa glímt við heilsuvandamál eftir heila-blóðfall en hafði þó áður náð að skreyta forsíður slúðurblaðanna fyrir drykkjuskap, ölvunarakstur og sitt-hvað fleira í skrautlegri kantinum.

Eiturbyrlarinn ljúfi kom fyrst út í Finnlandi árið 1988 en kemur nú í fyrsta sinn út hérlendis í íslensku og þýðilegri þýðingu Guðrúnar Sigurðardóttur. Væntanlega ráða vaxandi vinsældir Paasilinna hérlendis því að bókina kemur nú út á íslensku þetta mörgum árum síðar en Eiturbyrlarinn ljúfi er þó vart með bestu bókum Paasilinna. Eins og aðrar bækur höfundar er þetta fyrst og fremst samfélagsleg skemmtisaga og í raun alveg þýðileg sem slík.

Eiturbyrlarinn ljúfi segir frá virðulegu ofurstaekkjunninni Linnea

Ravaska sem hefur árum saman hrakist undan dóttursyni eiginmannsins og félögum hans. Þeir eru drykkfelldir, frekir, latir, ofbeldishneigðir og gráðugir fantar sem níðast á góðmennsku og aðstæðum gömlu konunnar þar til hún tekur til sinna ráða með athyglisverðum afleiðingum.

Eins og í mörgum bóka Paasilinna takast hér á kynslóðir og stéttir. Upplausn samtímans berst við hin gömlu öguðu gildi þeirrar kynslóðar sem barðist í Vetrarstríðinu, varðveitti frelsi, sjálfstæði og heiður finnsku þjóðarinnar. Unga kynslóðin er agalaus, drykkfelld, ofbeldishneigð og til sífelldra vandráða.



Paasilinna skrifar látlausan, einfaldan og kraftmikinn stíl sem þjónar sínum tilgangi fullkomlega. Maður fær nánast á tilfinninguna að maður sé að hlusta á finnskan karlskarf segja spennandi

skemmtisögu eftir að hafa fengið sér nokkra kalda og jafnvel vodka-staup á milli saunabaða. Húmorinn er leiftrandi en aldrei borinn á borð sem einhvers konar brandari heldur sem hrein og bein frásögn af athyglisverðum ævintýrum eldri konu og þriggja drykkfelldra ræfla frá Helsinki. Stuttar setningar, kjarnyrnt tungutak og enginn vaðall. Styrkur stílsins og frásagnarinnar liggur einmitt í þessari markvissu frásögn þar sem bæði tilfinninga-semi og dramatík eru látin liggja á milli hluta. Jafnvel dauðinn er aðeins eitthvað sem bara gerist og svo gerist eitthvað annað og það er haldið áfram. Kaldhæðni er allsráðandi og kaldhæðni höfðar efalítið vel til flestra íslenskra lesenda.

Paasilinna tekst þó einna best upp þegar hann leysir aðeins upp þá einföldu samfélagssýn sem er að finna í söguheimi bókarnar. Dregur fram með skemmtilegum hætti að óforbetranlegur hegðunavandi yngri kynslóðarinnar er ekkert sjálfsprottið náttúruleg mál heldur rökrétt afleiðing af styrjöldum, hegðun, líferni fyrri kynslóða. Veikleiki bókarnar er kannski sá helstur að hún ristir ekki djúpt. Það er erfitt að finna til mikillar samkenndar með persónunum þó svo það megi vel hafa af þeim gaman. Það er þó með sönnu gleðiefni að bækur Paasilinna haldi áfram að rata til íslenskra lesenda því almennt eru þær hin ágætasta skemmtun og tilvaldar á náttborðið eða í sumarbústaðarferðina.

Magnús Guðmundsson

NIÐURSTADA: Kaldhæðin, þétt og skemmtileg saga en skilur lítið eftir sig.

Merrild 304

Dökkbrennt malað kaffi

Hentar sérstaklega vel ef þú vilt mjólk í kaffið

Merrild MØRK er dökkbrennt malað kaffi úr 100% Arabica baunum. Lengri brennsla þýðir að baurnirnar verða dekkri og braðeinkenni kaffisins fá tíma til að losna úr læðingi. Dökkbrennda kaffið hefur mikla fyllingu og snert af beiskju og því hentar það sérstaklega vel með mjólk.



Góðar stundir

PARADOR

Eik, fíngerð

Trendtime 1 parket, reykmeðhöndluð eik
Þykkt 13 mm, plankastærð 130 x 2010 mm. Plankaparket
með smellukerfi. Verð á m².

5.995.-

~~14.999.-~~

Rio flísar

30 x 60 cm, ljósbrúnar.
Verð á m².

1.095.-

~~1.797.-~~

FA021-124 flísar
60 x 60 cm. Verð á m².

3.495.-

~~6.599.-~~

LAGERHREINSUN

Ómeðhöndlaðir prófilflekar

16 x 95 mm. Ekki sýnt á mynd. Verð á m². ~~1.995.-~~

1.195.-

Rough prófilflekar

16 x 120 mm. Ekki sýnt á mynd. Verð á m². ~~3.233.-~~

1.595.-

Villa flísar

25 x 40 cm. Hvítar og mattar. Verð á m². ~~1.995.-~~

1.295.-

Arles haldari fyrir glas

Krómaður. ~~1.285.-~~

595.-

Arles handklæðahringur

Krómaður. ~~2.445.-~~

1.395.-

Arles salernisbursti

Krómaður. ~~2.615.-~~

1.295.-

Alicante spegill

70 x 110 cm. Eik. ~~16.245.-~~

9.995.-

Spegill

50 x 70 cm. Með ljósi og skynjara. ~~27.105.-~~

19.995.-

Mureira spegill

80 x 120 cm. ~~37.535.-~~

22.995.-

ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR



Camargue

Wall sturtuveggur

Sturtuklefaður með
krómuðum eða hvítum listum
og 6 mm hertu, tæru gleri.
Yfirborðsmeðhöndlað með
Easy Clean. Fæst í ýmsum
stærðum. H: 195 cm.
Sturtusettt fylgir ekki. Taktu
tvær hurðir og fáðu sturtuhorn.

15.995.-

~~27.145.-~~




Sturtupil

80 x 200 cm.
Sandblásið gler.

16.995.-

~~30.140.-~~



Myrkratjöld

Myrkratjöld, 120 cm
á breidd, hvít, rauð
eða svört.

2.000.-

~~4.490.-~~

Plissé Move

Fást í hvítu, gráu og
svörtu og í mörgum
stærðum. Til dæmis
100 x 160 cm.

3.500.-

~~7.995.-~~



BAUHAUS®



3. september Leikarinn Charlie Sheen verður að öllum líkindum í miklu stuði á afmælisdaginn.



4. apríl Það er stutt í fimmtugsafmælið hjá leikaranum Robert Downey Jr. sem er einna þekktastur fyrir Iron Man-myndirnar.



23. júlí Tónlistarmaðurinn Slash er svakalegur töffari og einna þekktastur sem gítarleikari rokkhljómsveitarinnar Guns N'Roses.



30. nóvember Íslandsvinurinn Ben Stiller var í svakalegu stuði á tfskuvíkunni í París hjá Valentino en kvikmyndin Zoolander 2 er væntanleg í febrúar 2016.



11. ágúst Leikkonan Viola Davis stendur á tímamótum í ágúst.



24. febrúar Kristin Davis er nýorðin fimmtug en hún lék, líkt og Parker, í þáttunum Sex and the City.



10. júní Breska fyrirsætan og leikkonan Elizabeth Hurley heldur upp á fimmtugsafmæli í sumar.



25. mars Leikkonan Sarah Jessica Parker á afmæli í dag en hún er sjálfsgaþ þekktust fyrir að hafa leikið Carrie í Sex and the City.



7. febrúar Grínistinn og leikarinn Chris Rock fagnaði fimmtugsafmælinu sínu í febrúar en hann er þekktur fyrir það að vera hress.



24. maí Leikarinn, söngvarinn, framleiðandinn og handritshöfundurinn John C. Reilly er alltaf hress og kátur.

FRÆGIR SEM VERÐA FIMMTUGIR

Allir þeir sem eru samankomnir hér á síðunni eiga það sameiginlegt að vera fæddir árið 1965 og fagna því stórafmæli á árinu.

Kolvetrnaskert, próteinríkt og fitulaust

Hentar fyrir LKL mataræði



Skýr.is

Sýndi töfra fyrir Depeche Mode

Ingó Geirdal er sennilega með lengstan starfsaldur allra íslenskra töframanna.

Töframaðurinn Ingó Geirdal heldur töfrasýningu á laugardaginn í Salnum í Kópavogi.

„Ég hef töfrað í ein þrjátíu ár og er sennilega sá töframaður á Íslandi sem hefur starfað lengst á Íslandi,“ segir Ingó, en auk þess að vera töframaður er hann einnig gítarleikari hljómsveitarinnar Dimmu. „Ég hef oft tvinnnað þetta tvennt saman; tónlistina og töfrabróðin.“

Ingó byrjaði að töfra þegar hann var tíu ára gamall og lærði af Baldri Brjánsyni. Sýningin er ekki sú sama og þá enda hefur hún tekið

breytingum í gegnum tíðina.

„Síðustu ár hefur borið meira á ýmsum áhættuatriðum. Meðal annars má nefna að núna þræði ég flugbeitt rakvélarblöð upp á pinna og nota til þess munninn á mér.“

Ingó segist einnig vera að fíkra sig inn á slóð hugsanalesturs sem David Blaine og Derren Brown eru þekktir fyrir.

Oft er sagt að töframenn upplýsi aldrei um leyndardóminn bak við töfrabragðið en það getur tæplega staðist þar sem oft birtast nýir og nýir töframenn. „Þetta er mjög

lokað bræðralag og við treystum ekki hverjum sem er. Það tók Baldur til að mynda langan tíma að fara að treysta mér og kenna mér,“ segir Ingó.

Eitt sinn töfraði Ingó baksviðs fyrir meðlimi Depeche Mode, en Martin Gore, gítarleikari sveitarinnar, er mikill aðdáandi töfrabragða. „Rótari sveitarinnar hafði séð mig koma fram í sjónvarpsþætti í Svíþjóð og þegar þeir léku þar þá hafði hann uppi á mér og bauð mér baksviðs. Það var afar áhugavert,“ segir Ingó.

-jóe



→ Þetta er mjög lokað bræðralag og við treystum ekki hverjum sem er.

BYRJADI 10 ÁRA Ingó hefur líklega lengsta starfsaldur töframanna á Íslandi.



ANTIMONY Birgir, Sigurjón og RX Beckett koma fram í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Spila fyrir Hið myrka man

Hljómsveitirnar Antimony og Dulvitund halda í kvöld tónleika á Gauknum. Herlegheitin hefjast klukkan 22.

Antimony er ný íslensk hljómsveit sem spilar goth-skotið synthapopp. Í febrúar gaf hún út sína fyrstu EP-plötu sem nefnist Ova.

Dulvitund er eins manns verkefni Akureyringsins Þóris Óskars. Lög sveitarinnar eru nokkuð mínimalísk raftónlist.

Aðgangseyrir er fimm hundruð krónur sem renna til útgáfufyrirtækisins Hið myrka man. -jóe



LAG Á MÁNUÐI Rúnar Þórisson. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Himbrimi og Rúnar á Húrra

Í kvöld klukkan 21.00 verða tónleikar á HÚRRA þar sem fram koma hljómsveitin Himbrimi og Rúnar Þórisson ásamt hljómsveit. Að því loknu tekur DJ Myth & Lazybones við.

Himbrimi hefur vakið töluverða athygli að undanförunni með lögunum Highway og Tearing auk þess að hafa fengið tvær tilnefningar á Hlustendaverðlaunum X-977, Himbrimi sem nýliði ársins og söngkonan Margrét sem söngkona ársins.

Rúnar Þórisson hefur sent frá sér þrjár sólóplötur og er um þessar mundir að vinna að nýju verkefni með ákveðið „concept“ og vinnubrögð í huga. Mun hann gefa út eitt lag í mánuði á vefnum þar til 7. nóvember að út kemur diskur með heildarafrakstrinum. Nú þegar hafa þrjú lög komið út, það nýjasta nú í vikunni, lagið Orð. -jóe

FUDGE Þú kemst fljótt að!
FUDGE ...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE
FUDGE
FUDGE
FUDGE
FUDGE
FUDGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 5513010

TÆKNISKÓLINN

OPÍÐ HÚS

Í DAG, 25. MARS

16:00-18:00

TÆKNISKÓLINN BÝÐUR ÞÉR Í HEIMSÓKN Í DAG Á SKÓLAVÖRÐUHOLT

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, býður í heimsókn á Skólavörðuholtið. Kjörið tækifæri að mæta á opið hús og kynna sér námsframboð hjá eftirfarandi skólum:

- BYGGINGATÆKNISKÓLINN
- FJÖLMENNINGARSKÓLINN
- HÁRSNYRTISKÓLINN
- HÖNNUNAR- OG HANDVERKSSKÓLINN
- RAFTÆKNISKÓLINN
- TÆKNIMENNTASKÓLINN
- UPPLÝSINGATÆKNISKÓLINN
- SKIPSTJÓRNARSKÓLINN
- VÉLTÆKNISKÓLINN
- FLUGSKÓLI ÍSLANDS
- MARGMIÐLUNARSKÓLINN (4. HÆFNISPREP)
- VEFÞRÓUN - NÝTT NÁM (4. HÆFNISPREP)

SAMBIÓIN
Byggt á samnefndri metsölubók

INSURGENT

Sýnd með ísl. texta

★★★★★
VILLAGE VOICE

CINDERELLA
ÓSKUNUSKA

Æðisleg ný stuttmynd
Frozen Fever er sýnd á undan

FROZEN FEVER Sýnd með ísl. texta

SMÁRA BÍÓ	ÁLFABAKKA
INSURGENT	kl. 6:20 - 8 - 9 - 10:40
INSURGENT VIP	kl. 5:20 - 8 - 10:40
CINDERELLA	kl. 5:30
FOCUS	kl. 5:40 - 8 - 10:40
BEFORE I GO TO SLEEP	kl. 10:10
HOTTUB TIME MACHINE 2	kl. 5:50 - 8
FIFTY SHADES OF GREY	kl. 8
JUPITER ASCENDING 2D	kl. 10:40
SVAMPUR SVEINSSON IS.TAL 2D	kl. 5:50
SMÁRA BÍÓ	EGILSHÖLL
INSURGENT	kl. 5:30 - 8 - 10:30
CINDERELLA	kl. 5:30 - 8 - 10:10
FOCUS	kl. 5:40 - 8 - 10:20
BEFORE I GO TO SLEEP	kl. 8 - 10:30
SVAMPUR SVEINSSON IS.TAL 2D	kl. 5:30
SMÁRA BÍÓ	KRINGLUNNI NÚMERIÐ 5.FEÐI
INSURGENT	kl. 5:20 - 8 - 10:40
CINDERELLA	kl. 5:30 - 8
INHERENT VICE	kl. 10:30
FOCUS	kl. 10:40
INTO THE WOODS	kl. 5:20
THE THEORY OF EVERYTHING	kl. 8
SMÁRA BÍÓ	KEFLAVÍK
INSURGENT	kl. 8 - 10:30
THE GUNMAN	kl. 10:30
CINDERELLA	kl. 8
SMÁRA BÍÓ	AKUREYRI
INSURGENT	kl. 8 - 10:40
CINDERELLA	kl. 5:30 - 8
FOCUS	kl. 10:30
INTO THE WOODS	kl. 5:20

SAMBIÓIS

SMÁRA BÍÓ **HÁSHÖLA BÍÓ**

16 **14**

12 **12**

SMÁRA BÍÓ **5%**

THE GUNMAN	KL. 8 - 10:30	16
THE GUNMAN LÚXUS	KL. 8 - 10:30	16
THE LITTLE DEATH	KL. 5:45 - 10:20	14
THE DUFF	KL. 3:30 - 5:45 - 8	12
CHAPPIE	KL. 8 - 10:40	12
ANNIE	KL. 5	12
HRÚTURINN HREINN	KL. 3:30	12
KINGSMAN	KL. 8 - 10:45	16
KINGSMAN LÚXUS	KL. 5	16
PADDINGTON	KL. 3:30 - ÍSL. TAL	12

HÁSHÖLA BÍÓ **5%**

THE GUNMAN	KL. 8 - 10:30	16
THE LITTLE DEATH	KL. 8 - 10:20	14
THE GRUMP	KL. 5:30 - 8	12
CHAPPIE	KL. 10:20	12
ANNIE	KL. 5:30	12
BIRDMAN	KL. 10:20	12
ÖMURLEG BRÚDKAUP	KL. 5:30 - 8 - ÍSL. TEXTI	12
PADDINGTON	KL. 5:30 - ÍSL. TAL	12

LAUGARÁS BÍÓ **COCA-COLA**

16 **16**

SÉRSTÖK SÝNING Í SAMSTARFI VIÐ BÍOFEURINN.ÍS

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

THE GUNMAN	8, 10:10	16
IT FOLLOWS - SÉRSTÖK SÝNING	8	16
CINDERELLA	5:25	12
STILL ALICE	5:50, 8	12
VEIÐMENNIRNIR	10:25	16
HRÚTURINN HREINN	5:50	12
KINGSMAN	10:10	16



ALLIR ÖRUGGIR
„Vertu með! Vertu klín!“
er slagorð hópsins.
FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS

Húð&Kyn-hópfærð á Fésbók

Hátt í 230 manns hafa boðað komu sína á viðburðinn „Hópfærð í Húð&Kyn“ sem blásið hefur verið til á Facebook. Viðburðurinn er stílaður á 3. maí næstkomandi og virðist allur hinn skemmtilegasti.

Ber hæst rútuferð á staðinn, grill og veislu að lokinni sýnatöku. Veisluhöldin munu svo halda áfram í Hljómskálagarðinum að viku liðinni þegar niðurstöður koma í hús.

Göngudeild húð- og kynsjúkdóma vildi ekki kannast við uppátækið en hvetur alla til að mæta.

Ég, Bubbi og Hrafn Gunnlaugsson

BAKPANKAR
Ragnheiðar
Tryggvadóttur

Nei, hættu nú alveg, hefur líf mitt byggt á tómri lygi? Í bráðum fjóra áratugi hef ég gengið út frá því að ég hafi fæðst undir merki Tvíburans, eins og Bubbi Morthens og Hrafn Gunnlaugsson. Mínir helstu kostir hafa því samkvæmt því átt að vera fjölhæfni, greind og leiftrandi hugsun. Ég á að vera hrifin af nýjungum og á að geta gert marga hluti í einu. Ég á að vera forvitin og alltaf á ferð og flugi.



ÚT frá þessu hef ég gengið þar til í gær. Þá kom það víst á daginn að 86 prósent fólks telja sig vera í öðru stjórnnumeri en það raunverulega er og þar á meðal ég. Staða stjarnanna gagnvart jörðinni hefur víst breyst í aldanna rás, auk þess sem stjórnnumeri eru ekki tólf heldur þrettán. Það er eitthvert stjórnnumeri til sem heitir Naðurvaldi, já, Naðurvaldi. Naðurvaldi er þó ekki mitt rétta stjórnnumeri, samkvæmt nýjustu tölum, heldur Naut.

NAUTIÐ er ekkert hrifið af nýjungum, nautin eru víst íhaldssöm, stöðuglynd og þrjósk og lengi að taka ákvarðanir. Þau eru líka skapbráð, langrækin, afbrýðisöm og ógerlegt að fá þau til að skipta um skoðun ef þau hafa einu sinni bitið eitthvað í sig. Frábært. Ég er leiðindadurgr.

EKKI það að Tvíburinn sé eingöngu hlaðinn kostum, ég get alveg viðurkennt það. Reyndar er hann sagður óáreiðanlegur og fljótur að gleyma loforðum. Í ofanlag er hann sérblaðrandi og yfirborðskenndur og gerir nánast allt til þess að forðast lognmollu og leiðindi.

NAUTIÐ er orðheldið. Það er ekki líklegt til að gleyma loforðum sem það gefur þar sem Naut eiga að hafa gott minni og enn frekar eru þau trygglynd og þolinmód. Naut eru sögð kunna að njóta lystisemda eins og matar og hafa næmt auga fyrir feegurð og listum.

NÚ jæja, kannski á ég eftir að taka Nautið mig í sátt. Þetta þýðir þó að ég er ekki lengur í sama merki og Bubbi Morthens og Hrafn Gunnlaugsson.



SÖÐLA UM
Ása og Reynir eru ófeimin við að breyta um umhverfi og láta ævintýrin leiða sig áfram.

Pað eru að minnsta kosti hundrað og sex kílómetrar í næstu mjólkurfernu.

Kaupfélagsandi endurvakin

Ætluðu til Noregs í veitingarekstur, enduðu á atvinnuleysisbótum suður með sjó og eru nú komin á sunnanverða Vestfirði þar sem þau bregða sér í hlutverk kaupmanna. „Veitingastaður næstur á dagskrá,“ segir Ása.

Guðrún Ansnes Porvaldsdóttir
gudrun@frettabladid.is

Hjónin Ása Fossdal og Reynir Þór Róbertsson hafa vent kvæði sínu í kross og munu á morgun opna matvöruverslunina Hólabúð á Reykhólum. Þau stóðu því í stórræðum við að taka upp vörur og gera klárt þegar blaðamaður sló á þráðinn vestur. Koma hjónin eins og kölluð, en Reykhólar hafa verið verslunarlausir síðan í byrjun árs. „Það eru að minnsta kosti hundrað og sex kílómetrar í næstu mjólkurfernu,“ segir Ása og skellir upp úr.

Tilviljanir ráða fóR

Lífið tekur óvæntar sveigjur og ræður röð tilviljana því að hjónakornin eru nú komin á sunnanverða Vestfirði. „EKKI alls fyrir löngu ætluðum við að flytja til Noregs og demba okkur í veitingarekstur.

Við sögðum bæði upp störfunum okkar, en allt kom fyrir ekki og við enduðum atvinnulaus í Njarðvík,“ útskýrir Ása. Leið ekki á löngu uns tækifærin hreinlega bönkuðu á dyrnar hjá þeim en Reynir hnaut um auglýsingu þar sem óskað var eftir fólki til að koma verslun aftur í stand á Reykhólum. „Boltinn var ekki lengi að rulla af stað og áður en við vissum vorum við komin með húsnæði fyrir vestan.“

Kaupfélagsstemning allsráðandi

Fyrir tilstuðlan styrks frá Bygðastofnun gátu þau hjólað í að koma Hólabúð á koppinn. „Hér verður allt mögulegt á boðstólum, fyrir utan álnavöru kannski. Þetta er svona gamli kaupfélagsstíllinn,“ segir Ása. Óhætt er að fullyrða að koma þeirra í bæinn hefur vakið stormandi lukku. „Við settum upp Fésbókarsíðu í síðustu viku og viðbrögðin við versluninni hafa



HÓLABÚÐ Reykhólahreppur mun eflaust blómstra sem aldrei fyrr nú þegar hægt verður að skreppa eftir mjólk án þess að þurfa að aka til Hólmavíkur eftir henni.

FRÉTTABLAÐIÐ/REYRNIR ÞÓR RÓBERTSSON

ekki látið á sér standa. Hér er tvö hundrað og sjötíu manna samfélag sem bíður spenn,“ bætir Ása við. Þau eru býsna bjartsýn á framtíð bæjarfélagsins og segja þar mikinn uppgang, og vísa í þörungaverksmiðjuna á staðnum.

„Við erum komin til að vera, það er alveg á hreinu. Á fimm ára markmiðalistanum okkar er svo að koma upp veitingastað hérna líka. Reykhólar eru greinilega að verða naflinn,“ segir Ása glöð í bragði og augljóslega full tilhlökkunar.

BÍÓ PARADÍS **HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20**

BARNAKVIKMYNDAHÁTÍÐ: Stations of the cross 20.00
Antboy: rauða refsinnomin .. 18.00 What we do in the shadows 22.00
Strákurinn og heimurinn ... 18.00 Óli prik 22.00
Þríburarnir frá Belleville 18.00 Wild tales 22.10
Prince 20.00

RELATOS SALVAJES

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
holl og góðfæra stuðlar
að líkalegu heilbrigði
són börn eiga reusa

STÓRSKEMMTILEG TEIKNIMYND
FRÁ DREAMWORKS UM SEINHEPPNU GEIMVERUNA Ó

LOKSINS HEIM!

SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI Í 2-D



FRÍTT Í SMÁRABÍÓ*

MIDVIKUDAG 25. MARS KL. 17:45

KOMDU MEÐ AFRIFU AF LUCKY CHARMS EÐA MÆTTU Í GRÆNUM
BOL OG ÞÚ KEMST FRÍTT Á LUCKY CHARMS FORSÝNINGUNA.



*FYRSTIR KOMA, FYRSTIR FÁ (400 SÆTI).

Geir komst ekki í stjórn UEFA

FÓTBOLTI Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, var ekki kosinn í framkvæmdastjórn Knattspyrnusambands Evrópu, UEFA, á ársþingi sambandsins í gær. Hann var í framboði ásamt ellefu öðrum um þau sjö sæti sem í boði voru.

Geir hlaut sextán atkvæði í fyrri umferðinni en 28 atkvæði, meirihluta þeirra 54 aðildarþjóða sem höfðu atkvæðisrétt, þurfti til að komast inn. Aðeins sex fengu nægilegan fjölda atkvæði í fyrstu umferðinni og þurfti því að kjósa á milli hinna um sjöunda og síðasta sætið í annarri umferð. Geir ákvað að draga sig þá til baka.

Af þeim sjö sem voru kjörnir voru þrír sem hafa ekki setið áður í stjórninni – Króatinn Davor Suker, Fernando Gomes frá Portúgal og Sandor Csanyi frá Ungverjalandi. Allir eru formenn knattspyrnu-sambanda sinna landa.

- esá



Strákarnir mættir til Astana til að vinna

FÓTBOLTI Strákarnir okkar mættu til Astana í gær eftir flug frá Frankfurt og æfðu á aðalvellið. „Allt leit vel út og leikmenn í góðu standi þrátt fyrir langt og strangt flug og lítinn svefn,“ sagði Þorgrímur Þráinsson, meðlimur í landsliðsnefnd KSÍ, á Facebook í gær.

Heimir Hallgrímsson, annar landsliðsþjálfari Íslands, var í viðtali við heimasíðu knattspyrnusambandsins eftir æfinguna í gær og hann fagnar því að vera mættur svona snemma til Astana.

„Það var tilgangurinn með þessu að geta aðlagast aðstæðum og tímamun og gera okkur klára fyrir leikinn gegn Kasakstan,“ segir Heimir.

Ísland er meira en 100 sætum fyrir ofan Kasakstan á heimslistanum og í betri stöðu í riðlinum. Markmiðið er skýrt: Sigur er það eina sem kemur til greina og fólk má leyfa sér að búast við sigri.

„Við erum komnir hingað til að vinna þennan leik. Auðvitað eiga menn að vænta þess að við vinnum hann. Það er þó enginn að segja að þetta verði auðveldur leikur,“ segir Heimir.



MÆTTIR Alfred Finnbogason og Guðlaugur Víctor Pálsson á æfingunni í Astana í gær. MYND/KSÍ

Mamman lauk málinu

Einu undarlegasta máli sem hefur komið upp í íslenska boltanum lauk í gær. Móðir Kristjáns Flóka Finnbogasonar sá þá til þess að hann spilar með FH.

FÓTBOLTI Kristján Flóki Finnbogason, framherji U19 ára landsliðs Íslands, er genginn í raðir uppeldisfélags síns FH frá FC Kaupmannahöfn í Danmörku.

Kristján Flóki er staddur í Rúmeníu með unglíngalandsliðinu en móðir hans, Svana Huld Linnet, skrifaði undir þriggja ára samning við FH í hans umboði í Kaplakríka.

Mál Kristjáns Flóka hefur verið hið undarlegasta, en Breiðablik gaf út yfirlýsingu 17. mars um að það væri búið að ganga frá þriggja ára samningi við leikmanninn.

Það reyndist einfaldlega ekki vera rétt. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var Kristján Flóki aldrei búinn að skrifa undir samning við Breiðablik. Á mánudag sendu Blikar frá sér yfirlýsingu þar sem fram kom að félagið væri búið að ná samkomulagi við leikmanninn í gegnum umboðsmann hans. Blikar höfðu einnig gengið frá öllu gagnvart FCK.

Þessum dansi er nú lokið og er Kristján Flóki kominn aftur heim í Kaplakríka. Það þýðir ekki að Blikar séu í skýjunum enda eru þeir að skoða sína stöðu með aðstoð lögfræðinga.

Kristján Flóki kom við sögu í tveimur leikjum í Pepsi-deildinni með FH; einum árið 2012 og öðrum 2013, áður en hann gekk í raðir FC Kaupmannahöfn.

Blikar í vandræðum

Þetta er ákveðið áfall fyrir Breiðablik sem er nú í smá framherjakrísu. Félagið lét Elvar Pál Sigurðsson fara til Leiknis á dögum og þá yfirgaf Árni Vilhjálmsson auðvitað Blika í vetur og hélt í atvinnumennsku. Elfar Árni Aðalsteinsson hélt svo norður og samdi við KA.



ALLT KLAPPÆÐ OG KLÁRT Það er ekki á hverjum degi sem mömmur skrifa undir fyrir syni sína en það gerði Svana Huld í gær. MYNDR/FH & HAFLÍDI



MYNDR/FH & HAFLÍDI

Arnar Grétarsson, þjálfari Breiðabliks, er þó enn með Ellert Hreinsson og tvítuga Bosniumanninn Ismar Tandir til að stilla upp í framlínuna.

„Fyrst þetta er niðurstaðan þá óska ég honum góðs gengis hjá FH. Þetta er búið að vera leiðindamál,“ segir Arnar en hann er eðlilega ekki í skýjunum.

„Þetta er ekkert frábært. Það

gefur augaleið. Ég er ekkert hoppandi kátur með þetta. Þetta eru bara leiðindi og nú er það afgreitt. Það þýðir ekkert að ræða það meira núna. Ég veit ekki hvort það verða einhver eftirmál af þessu. Við erum að skoða okkar leikmannamál á fullu. Við ætlum að bæta einum manni við ásamt Kristjáni Flóka en nú breytist það í tvo leikmenn.“

- hbg, tom

Á EM í gegnum Asíu

UTAN VALLAR

Óskar Ófeigur Jónsson segir sína skoðun



Íslenska karlalandsliðið í fótbolta er mætt til Astana í Kasakstan, höfuðborgar landsins sem er í Asíu en spilar af einhverjum ástæðum í Evrópu. Er von að fólk velti þessu fyrir sér nú þegar landsliðsstrákarnir okkar eru að fara að spila mikilvægan leik í undankeppni EM í meira en fimm þúsund kílómetra fjarlægð frá Íslandi.

Kasakstan var ekki einu sinni alltaf í UEFA því fyrstu tíu árin eftir sundrunu Sovétríkjanna þá keppti landslið þjóðarinnar innan knattspyrnusambands Asíu og við Kína, Kirgisistan, Tadsjíkistan, Úsbekistan og aðra nágranna sína í Mið-Asíu.

Kasakstan tók þátt í Asíuhluta undankeppni HM 1998 og 2002 en gekk síðan í UEFA árið 2002 eftir að hafa sóst eftir inngöngu frá árinu 1996. Kasakstan mátti ekki skipta fyrr en eftir úrslitakeppni

HM 2002 lauk og þá var búið að draga í undankeppni EM 2004.


Frá undankeppni HM 2006 hefur Kasakstan keppt innan evrópska knattspyrnusambandsins en landslið þjóðarinnar hefur ekki verið nálægt því að komast áfram upp úr sínum riðlum. Hvað varðar styrkleika þá er hægt að færa rök fyrir því að þessi ákvörðun að fara inn í UEFA var líklegri til að minnka til muna möguleika þjóðarinnar á því að komast í úrslitakeppni HM. Aðeins Aserbaísjan, Malta, San Marínó og Andorra eru nú neðar á styrkleikalista FIFA af meðlimum UEFA.

Á stæðan sem knattspyrnusamband Kasakstan gaf upp á sínum tíma var að það væri betra að vera hluti af UEFA vegna þess að þar færi þróaðra og framsæknara fótoltasamband. Forráðamenn sambandsins töluðu líka alltaf um

að Kasakstan hafi verið að snúa aftur í UEFA eftir að hafa spilað þar sem hluti af Sovétríkjunum og að fótoltinn í landinu hafi þróað að evrópski fyrirmynd.

Meirihluti fótoltahugafólks og fótoltasérfræðinga í landinu studdi þessi skipti en auðvitað var það áhugaverðara fyrir knattspyrnuáhugafólk í landinu að fá tækifæri til að sjá bestu knattspyrnulandslið Evrópu spila í Astana. Það efast heldur enginn um að UEFA-peningarnir spila einhverja rullu líka.

Hvort það sé rétt eða ekki að Kasakstan keppti innan Evrópu en ekki Asíu breytir þó ekki því að framundan er mikilvægur leikur þar sem ekkert nema þrjú stig duga íslenska landsliðinu ætli það sé að komast á sitt fyrsta stórmót. Ætli íslenska landsliðið sér á Evrópu-meistaramótið 2016 þá þarf liðið að vinna þennan leik sinn í Asíu á laugardaginn.



HONDA
The Power of Dreams

FJÓRHJÓL

TRX 420FA

Með WARN spili og hlífðarpönnu.

TILBOÐ KR. 1.890.000

TRX 420FA fjórhjól er með kraftmikla og sparneytna vél, en þessi útfærsla er með nýrri sjálfskiptingu.



TRX 680FA

KR. 2.350.000

Ótrúlega fjölhæft. Byr yfir einstökum krafti, lipurð og hefur einstaka eiginleika utan vega. TRX680FA er flottasta sport vinnuhjól frá Honda.

Erum með fullkomið þjónustuverkstæði fyrir öll Honda fjórhjól



www.honda.is



Vatnagörðum 24 - 26 • Reykjavík • Sími 520 1100

HOLI

fimm rétta hátíðarmatseðill

5.990 kr. mán.-mið.

6.990 kr. fim.-sun.

❁ FORRÉTTUR ❁

Kottayam Tiger Prawn

Snöggeldaðar risarækjur í kóríander, chillí, karrýlaufum og sinnepsfræjum

❁ ADALRÉTTIR ❁

Boti Kebab

Lambafillet marínerað í kúmíni, engiferi og garam masala - grillað í Tandoori ofninum og

Lasooni Murgh

Grillaðar kjúklingalundir, maríneraðar í hvítlauk, kúmíni og grænum chillí og

Shahi Kurma

Blandað grænmeti, eldað í ríkulegri sósu með kanil, kardimommum og negul

❁ MEÐLETI ❁

Hvítlauks Naan-brauð
Raitha jógurtsósa
Basmati-hrísgrjón

❁ EFTIRRÉTTUR ❁

Kulfi - heimalagaður indverskur pistasúís með saffran



HOLI-hátíð hjá Austur-Indíafjelaginu

Gleði, litir og dásamlegur matur

Um þessar mundir halda Indverjar hina litríku HOLI-hátíð. Austur-Indíafjlagið færir þér angan af gleðinni og litadýrðinni frá Indlandi fram í apríl með ríkulegum fimm rétta HOLI-hátíðarmatseðli á frábæru verði: **5.990 kr. mán.-mið.** og **6.990 kr. fim.-sun.**

Komdu og njóttu þess besta í indverskri matargerð.

Tryggðu þér sæti núna í s. 552 1630.

AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ

INDIAN RESTAURANT

www.austurindia.is

❁ **Borðapantanir: 552-1630** Hverfisgata 56 Opið: sun.-fim. 17:30 - 22:00 og fös.-lau. 17:30 - 23:00 ❁



Stöð 2 kl. 20.05

Margra barna mæður

Vandaður íslenskur þáttur þar sem sjónvarpskonan Sigrún Ósk Kristjánsdóttir hittir konur sem eignast hafa fleiri börn en gengur og gerist í dag, fylgist með heimilislífinu og forvitnast um hvernig hlutirnir ganga fyrir sig á stórum heimilum.



Í KVÖLD



GREY'S ANATOMY

STÖÐ 2 KL. 20.40 Ellefta syra þessara vinsælu dramapáttu sem gerast á skurðstofu á Grey Sloan-spítalanum í Seattle borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið enn þá erfiðara.



THE MIDDLE

STÖÐ 2 KL. 19.40 Fjórða röðin af þessum stórskemmtilegu þáttum um hið sanna líf millistéttarfolksins. Það er aldrei lognmolla hjá Heck-fjölskyldunni þar sem ofurhúsmóðurin Frankie hefur í mörg horn að líta.



WHEN HARRY MET SALLY

BIÓSTÖÐIN KL. 20.25 Ein allra vinsælasta og dáðasta rómantíska gamanmynd sögunnar. Billy Crystal og Meg Ryan fara á kostum í hlutverki vina sem ætla aldrei að ná saman enda ríkir engin lognmolla í kringum þau.

FM957 kl. 07.00

Morgunþáttur FM957

Ósk og Sverrir, hress í morgunsárið, á FM957.



Aðalfundarboð

Aðalfundur Ísfélags Þorlákshafnar hf., kt. 430285-0179, verður haldinn 8. apríl n.k. kl. 11:00 í húskynnum félagsins að Hafnarskeiði 12, 815 Þorlákshöfn

Dagskrá og tillögur fundarins eru eftirfarandi:

1. Fundastjóri og fundarritari kjörnir.
2. Reikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt athugasemdum endurskoðanda lagður fram til samþykkis.
3. Kosning stjórnar.
4. Kosning endurskoðanda.
5. Ákvörðun um arð og framlög í varasjóð
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og endurskoðenda fyrir liðið starfsár.
7. Ákvörðun um heimild hluthafafundar til stjórnar félagsins til kaupa á eigin hlutum samkvæmt 55. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög sbr. og 9. gr. samþykta félagsins.
8. Önnur mál.

Stjórnin

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.05 The Middle
- 08.30 Don't Trust the B*** in Apt 23
- 08.55 Mindy Project
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors
- 10.15 Spurningabomban
- 11.05 Touch
- 11.50 Grey's Anatomy
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Dallas
- 13.45 The Kennedys
- 14.30 The Great Escape
- 15.15 The Lying Game
- 15.55 Big Time Rush
- 16.20 The Goldbergs
- 16.45 Raising Hope
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 Simpson-fjölskyldan
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag.
- 19.06 Víkingalottó
- 19.11 Veður
- 19.20 Anger Management
- 19.40 The Middle
- 20.05 Margra barna mæður
- 20.40 Grey's Anatomy
- 21.25 Togetherness
- 21.55 Bones
- 22.40 Girls
- 23.10 Real Time With Bill Maher
- 23.55 The Mentalist
- 00.40 The Blacklist
- 01.25 The Following
- 02.10 Person of Interest
- 02.50 Major Crimes
- 03.35 Brake
- 05.05 Super

SPORT besta sætið

- 12.45 Lübbecke - Kiel
- 14.05 Þýsku mörkn
- 14.35 Ferð á NBA
- 15.05 San Antonio - Chicago
- 16.40 Bballography. Guerin
- 17.10 Meistarad. Evrópu - fréttapáttur
- 17.40 Samantekt og spjal
- 18.15 Lettland - Ísland
- 20.00 Barcelona - Real Madrid
- 21.45 UFC Now 2015
- 22.35 UFC Unleashed 2015
- 23.20 KR - Grindavík

SPORT 2 enski boltinn

- 11.30 Premier League World 2014
- 12.00 Hull - Chelsea
- 13.45 Premier League Review
- 14.40 Man. City - WBA
- 16.20 Aston Villa - Swansea
- 18.00 Messan
- 19.15 Liverpool - Man. Utd.
- 21.00 Tottenham - Leicester
- 22.50 Southampton - Burnley
- 00.35 West Ham - Sunderland

INN

- 20.00 Björn Bjarnason 20.30 Tölur og tækni
- 21.00 ABC barnahjálpi 21.30 Frá Haga í maga

STÖÐ 3

- 18.15 Last Man Standing
- 18.40 Hot in Cleveland
- 19.00 Hart of Dixie
- 19.45 Jamie & Jimmy's Food Fight Club
- 20.30 Baby Daddy
- 20.55 Flash
- 21.40 Arrow
- 22.20 Sleepy Hollow
- 23.05 Supernatural
- 23.45 Hart of Dixie
- 00.30 Jamie & Jimmy's Food Fight Club
- 01.15 Baby Daddy
- 01.40 Flash
- 02.20 Arrow
- 03.05 Sleepy Hollow
- 03.45 Tónlistarmyndbönd frá Bravo

Krakkastöðin

- 07.00 Áfram Diego, áfram! 07.24 Svampur Sveins
- 07.45 Latibær 07.55 UKI 08.00 Ofurhundurinn Krypto
- 08.22 Kalli á þakinu 08.47 Ævintýraferðin
- 09.00 Stumparnir 09.25 Lukku-Láki 09.47 Tommi og Jenni
- 09.53 Leyndarmál vísindanna 10.00 Dóra könnuður
- 10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 10.45 Dóddi litli og Eyrnastór
- 10.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 11.00 Áfram Diego, áfram!
- 11.24 Svampur Sveins 11.45 Latibær Önnur
- 11.55 UKI 12.00 Ofurhundurinn Krypto
- 12.22 Kalli á þakinu
- 12.47 Ævintýraferðin
- 13.00 Stumparnir
- 13.25 Lukku-Láki 13.47 Tommi og Jenni
- 13.53 Leyndarmál vísindanna
- 14.00 Dóra könnuður
- 14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 14.45 Dóddi litli og Eyrnastór
- 14.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 15.00 Áfram Diego, áfram!
- 15.24 Svampur Sveins
- 15.45 Latibær
- 15.55 UKI
- 16.00 Ofurhundurinn Krypto
- 16.22 Kalli á þakinu
- 16.47 Ævintýraferðin
- 17.00 Stumparnir
- 17.25 Lukku-Láki
- 17.47 Tommi og Jenni
- 17.53 Leyndarmál vísindanna
- 18.00 Dóra könnuður
- 18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 18.45 Dóddi litli og Eyrnastór
- 18.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 19.00 Franklín
- 20.15 Sögur fyrir svefninn

GULLSTÖÐIN

- 18.15 Friends
- 18.40 New Girl
- 19.05 Modern Family
- 19.25 Two and a Half Men
- 19.50 Heimsókn
- 20.10 Sælkeráferðin
- 20.30 Chuck
- 21.15 Cold Case
- 22.00 Game of Thrones
- 22.55 1600 Penn
- 23.15 Ally McBeal
- 00.00 Vice
- 00.30 Heimsókn
- 00.50 Sælkeráferðin
- 01.10 Chuck
- 01.55 Cold Case
- 02.40 Game of Thrones
- 03.35 1600 Penn
- 03.55 Tónlistarmyndbönd frá Bravo

BIÓSTÖÐIN

- 12.40 Diary of a Wimpy Kid. Dog Days
- 14.15 The Oranges
- 15.45 When Harry Met Sally
- 17.20 Diary of a Wimpy Kid. Dog Days
- 18.55 The Oranges
- 20.25 When Harry Met Sally
- 22.00 G.I. Joe Retaliation
- 23.50 21 & Over
- 01.25 The Paperboy
- 03.10 G.I. Joe Retaliation

RÚV

- 16.25 Norðurskautssiglingar í seinni heimsstyrjöld
- 17.20 Disneystundin
- 17.21 Gló magnaða
- 17.43 Sígildar teiknimyndir
- 17.50 Finni kostur
- 18.15 Táknafréttir
- 18.25 Heilabrot Heillinn er undarlegt fyrirbæri. Hægt er að hafa áhrif á hann og hegðun fólks með mismunandi hætti.
- 18.54 Víkingalottó
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 19.55 Skólahreysti 2015
- 20.30 Boxið Hugvitskeppni framhaldsskólanema. Markmiðið er að kynna og vekja áhuga á tækni, tækninámi og störfum í iðnaði. Prautirnar útbúa fyrirtæki úr ólókum greinum iðnaðarins með aðstoð fræðimanna Háskólans í Reykjavík.
- 21.15 Kiljan
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Á spretti Líflegur þáttur um áhugamannadeildina í hestaíþróttum.
- 22.40 Gyðingar og múslimar
- 23.35 Ást í meinum
- 00.25 Kastljós
- 00.45 Fréttir
- 01.00 Dagskrárlök

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Everybody Loves Raymond
- 08.20 Dr. Phil
- 09.00 The Talk
- 09.45 Pepsi MAX tónlist
- 14.10 Cheers
- 14.35 Jane the Virgin
- 15.15 Parenthood
- 15.55 Minute to Win It
- 16.40 The Biggest Loser - Ísland
- 17.50 Dr. Phil
- 18.30 The Tonight Show
- 19.10 The Talk
- 19.50 The Millers
- 20.10 The Odd Couple
- 20.35 Benched
- 21.00 Madam Secretary
- 21.45 Blue Bloods
- 22.30 The Tonight Show
- 23.15 Scandal
- 00.00 How to Get Away with Murder
- 00.45 Madam Secretary
- 01.30 Blue Bloods
- 02.15 The Tonight Show
- 03.05 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

- 08.35 Inside The PGA Tour
- 09.00 Golfing World
- 09.50 PGA Tour - Highlights
- 10.45 PGA Tour
- 16.15 Golfing World
- 17.05 PGA Tour - Highlights
- 18.00 Golfing World
- 18.50 PGA Tour
- 23.10 Golfing World

HRINGBRAUT

- 12.00 Atvinnulífið
- 12.30 Neytendavaktin
- 13.00 Atvinnulífið
- 13.30 Neytendavaktin
- 14.00 Atvinnulífið
- 14.30 Neytendavaktin
- 17.00 Atvinnulífið
- 17.30 Neytendavaktin
- 18.00 Atvinnulífið
- 18.30 Neytendavaktin
- 19.00 Atvinnulífið
- 19.30 Neytendavaktin
- 20.00 Atvinnulífið
- 20.30 Neytendavaktin
- 21.00 Mannamál
- 21.30 Heimsljós
- 22.00 Mannamál
- 22.30 Heimsljós
- 23.00 Mannamál
- 23.30 Heimsljós

www.hafnarfjordur.is

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJÖRDARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRDUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

ÚTBOÐ

yfirlagnir á malbiki og vegamerking

- **Yfirlagnir á malbiki í Hafnarfirði 2015**
Opnun tilboða miðvikudaginn 1. apríl kl. 10:00
Áætlað magn ca 22.000 m²
- **Vegmerking í Hafnarfirði 2015**
Opnun tilboða miðvikudaginn 1. apríl kl. 10:30
Áætlað magn ca 1.000 m²

Útboðsgögn afhent á geisladisk og verða seld hjá **Umhverfi og framkvæmdir - Norðurhelli 2, Hafnarfirði** frá og með mánudeginum 23. mars á kr. 3.000.- fyrir hver tilboðsgögn.

Tilboð verða opnuð á sama stað að viðstöddum þeim bjóðendum er þess óska.

Réttur áskilinn til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Vissir þú að...

Foreldrar bera megin ábyrgð á að stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska barna sinna.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

STUDMENN

SUMAR Á SÝRLANDI



UPPSELT KL. 20:00
AUKATÓNLEIKAR KL. 23:00
MÍÐASALA HAFIN

STUDMENN

40 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR
PLÖTUNAR SUMAR Á SÝRLANDI

Í ELDBORGARSAL HÖRPU

FÖSTUÐAGINN | MIÐAVERÐ FRÁ
5. JÚNÍ | kr. 5.900

HARPA.IS

& MIDI.IS

MORGUNMATURINN



„Ég fæ mér oftast bara músli með ab-mjólk.“

Katrín Helga Andrésdóttir tónlistarkona.

Rafgeymar í runnum og rusl eftir hlaupara

Sigurður G. Guðjónsson hefur rýnt í rusl í borginni síðustu tvö ár og myndað það sem hann sér.

Sigurður G. Guðjónsson og hundurinn hans, Atlas, hafa nú í næstum tvö ár myndað rusl í Reykjavík sem þeir hafa séð á göngum sínum um borgina, sem þeir hafa síðan deilt á síðunni Rusl í Reykjavík. „Í vetur hefur ruslið verið minna sjáanlegt í snjónum, en núna þegar hann fer kemur í ljós ógeðslega mikið rusl,“ segir Sigurður.

Hann segir það mikið áhyggjuefni hversu miklir sóðar borgarþáar virðast vera. „Það er merkilegt hvað maður finnur úti. Vinsælstar eru fernur utan af

kókomjólk og þess háttar. Svo er álið utan af gelinu hjá hlaupurunum orðið mjög vinsælt. Ég finn líka oft heilu pitsukassana og um daginn fann ég rafgeymi úti í runna.“

Á þessum tæpu tveimur árum segist Sigurður ekki sjá mikinn mun á umgengni borgarbúa. „Umgengni fólks um náttúruna innanbæjar hefur ekkert skánað. Nú er auðvitað enginn áróður fyrir því að halda borginni hreinni, en við þurfum á vakningu að halda þar sem við berum sjálf ábyrgð á umhverfinu.“ Hann telur að flokk-

“Svo er álið utanaf gelinu hjá hlaupurunum orðið mjög vinsælt. Ég finn líka oft heilu pitsukassana og um daginn fann ég rafgeymi úti í runna.“

un á rusli muni ekki hafa áhrif á þetta. „Það kannski hefur eitthvað að segja, en þetta er bara sóðaskapur eftir þá sem ekki treysta sér til að koma rusli eða umbúðum í ruslafötur eða heim til sín.“ - asi



RÝNIR Í RUSLIÐ Sigurður segir nauðsynlegt að fólk taki sig á og hætti að henda rusli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Áttu von á gestum?



MONTARIO svefnsófi

Rúmfatageymsla og vandað, slitsterkt áklæði. Svefnsvæði: 140x200 cm. Stærð sófa: 158x90 cm.

Fullt verð: 99.900 kr.



79.900 kr.



ROMA svefnsófi

Ljósgrátt eða dökkgrátt, slitsterkt áklæði.

Breidd: 200 cm.

Dýpt: 100 cm.

Hæð: 50 cm.

Svefnpláss: 120x200 cm.

Fullt verð: 89.900 kr.



79.900 kr.



MILANO svefnsófi

Dökkgrátt, slitsterkt áklæði.

Breidd: 200 cm, dýpt: 94 cm.

hæð: 40 cm, svefnpláss: 140x200 cm.

Fullt verð: 99.900 kr.

Aðeins 89.900 kr.



Dormabæklinginn finnur þú á dorma.is

Holtgördum
512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100

Afgreiðslutími
Mán. til fös. frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16
www.dorma.is

DORMA

Láttu drauminn rætast



ALSÆL Í ELDHÚSINU Ólöf eyðir miklum tíma í eldhúsinu og er dugleg að prófa sig áfram með uppskriftir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Heimurinn ferst ekki þótt þig vanti hráefni

Ólöf Brynja Jónsdóttir er konan á bak við Facebook-síðuna Matarsíða lötu konunnar. Hún hvetur fólk til þess að vera kreatíft yfir pottunum og óhrætt við að prófa.

Ólöf Brynja Jónsdóttir matræður opnaði Facebook-uppskrifta-síðuna Matarsíða lötu konunnar fyrir skemmstu. „Þetta byrjaði þannig að fólk var alltaf að biðja mig um uppskriftir að því sem ég var að elda, þannig að ég ákvað að gera síðu fyrir vinnufélaga og þá nánustu með uppskriftum. Þetta átti nú ekki að fara út í neina vitleysu, en nú er ég algjörlega búin að missa stjórnina,“ segir Ólöf og hlær.

Ástæðuna fyrir nafninu, Matarsíða lötu konunnar, segir Ólöf vera tilkomna vegna þess að oft nenni fólk ekki að elda það sem það heldur að sé flókið. „Það er þínu lítil leti í því. Þú getur alveg eldað góðan mat án þess að hann sé flókin. Það þarf ekki alltaf að mæla allt og gera 100% og þú verður að leyfa þér að breyta uppskriftunum og spinna svolítið yfir pottunum og vera kreatífur.“

Ólöf segist aldrei hafa fylgt neinum straumum, heldur bara gert hversdagslegan, venjulegan mat. „Það er enginn lélegur kokkur, einföldustu hlutir geta verið svo góðir. Kannski ert þú með uppskrift með tuttugu hráefnum og þú átt þau ekki. Heimurinn ferst ekki þótt þú eigir ekki eitthvert hráefni. Prófaðu! Hvað er gott með þessu? Hvernig er bragðið? Þetta þarf ekki að vera fullkomið.“

Galdurinn segir hún að passa

→ Létt útgáfa af kvefsúpu

Flensurnar sem gengið hafa yfir okkur undanfarið eru í takt við lægðirnar. Algjör hroðbjóður. Fólk er með kvef í öllum vitum og þá er gott að fá sér súpu sem rífur í hálsinn og losar um tákirtlana. Stundum geri ég kvefsúpu, sem er frænka tom yum-súpu, sem er alveg stórkostleg til að rífa innan úr manni óþverrann eða geri þessa, sem er svona „light“ útgáfa af kvefsúpu. Þetta er fiskisúpa sem ég fékk einu sinni uppskrift að hjá góðri vinkonu minni. Ég hef aðeins hrært í uppskriftinni. Það góða við hana er að það er í raun hægt að hafa hana eins sterka og maður vill með því að breyta aðeins hlutföllunum í tabasco-sósunni og karryinu.

magnið og setja ekki of mikið í byrjun. „Ef þú passar það þá geturðu ekki klúðrað. Eins ef fólk er mikið að brenna matinn þá þarf að lækka hitann.“ Ólöf segist sjálf vera með bunka af matreiðslubókum á náttborðinu og þar af leiðandi dugleg að gera tilraunir á fjölskyldunni. „Þau hafa aldrei sagt beint að eitthvað sé vont. Maðurinn minn hefur samt sagt við mig „þú þarft ekki að elda þetta aftur“ og þá veit ég að það var ekkert sérstakt,“ segir hún og hlær. adda@frettabladid.is

Sjávarréttasúpa

3 tsk. olífuolífa
1 rauðlaukur
1 lítri vatn
2 stk. kjúklingakraftur
2 stk. fiskikraftur
2 stk. nautakraftur
8 sveppir
3 hvítlausrif
1 paprika
1 lítil dós tómamatmouk
3-4 dropar tabasco-sósa
2-3 tsk. karry (best að nota currypaste t.d. frá Santa Maria)
2 tsk. svartur pipar
1 dós kókosmjólk
2 dl hvítvín (stundum sleppi ég því og set safu úr lime í staðinn eða sítrónusafa og meira vatn)
½ lítri matreiðslurjómi
½ lítri rjómi
800 g fiskur eftir smekk. Getur verið ýsa, þorskur, lúða, rækjur, humar, hörpuskel o.s.frv. og í þeim hlutföllum sem hver og einn vill.

Ólían hituð í potti. Sveppum, rauðlauk og hvítlauk bætt í, látið mýkjast aðeins og síðan er puré og karryi bætt út í. Sett í pott ásamt vatni og kraftinum og látið sjóða í 10 mínútur. Bætið öllu nema fiski og papriku í og látið sjóða í fimm mínútur. Smakið til með salti og pipar. Setjið fisk og papriku út í og sjóðið í 2-3 mínútur. Borðið með góðu brauði.

LAGERSALA

25.mars - 1. apríl



ALLT AÐ
80%
AFSLÁTTUR



FREISTA -50%

HERRA GOLFPEYSA
Verð nú kr. 12.495
Verð áður kr. 24.990



FREISTA -86%

HERRA GOLFVESTI
Verð nú kr. 2.000
Verð áður kr. 14.990



FREISTA -55%

DÖMU GOLFPEYSA
Verð nú kr. 7.495
Verð áður kr. 16.990



SIGRA -57%

HERRA GOLFJAKKI
Verð nú kr. 14.990
Verð áður kr. 34.990



BIRTA -75%

HERRA POLOBOLUR
Verð nú kr. 3.000
Verð áður kr. 11.990



SIGRA -57%

DÖMU GOLFJAKKI
Verð nú kr. 14.990
Verð áður kr. 34.990

OPNUNARTÍMI
25.mars - 1. apríl

Virka daga
12:00 - 19:00
Laugardag
11:00 - 18:00
Sunnudag
12:00 - 18:00

FACTORY STORE

Nýbýlavegi 6 • 200 Kópavogi • Sími: 412 5869

ZO·ON
ICELAND
www.zo-on.is

Birt með fyrirvara um prentvillur og vöruframboð

FRÉTTIR AF FÓLKI

Brjóstahaldari í póstkassanum

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, segir farir sínar ekki sléttar á Facebook. Ekki nóg með að gluggaframkvæmdir á heimili hennar valdi því að heimilið sé farið að líkjast haugi að hennar sögn heldur gáfu bremsurnar á fjölskyldubílum sig á sama tíma. „Þegar gert hafði verið við þær sprakk á bílnum. Kom þá í ljós að tjakkurinn var ryðgaður fastur (því bíllinn líkist líka haugi). Tókst þó að skipta um dekk með hjálp góðs fólks. Þegar ókunnur brjóstahaldari fannst svo í póstkassanum var mér eiginlega allri lokið.“



- kbg

Fyrirliðar fjölga mannkyninu

Fyrirverandi fyrirliði íslenska kvendandsliðsins í handbolta, **Hrafnhildur Ósk Skúladóttir**, og eiginmaður hennar, Viktor Hólm Jónmundsson, eignuðust son á dögnum.

Það má því segja að framtíðin sé björt hjá íslenska karlandsliðinu í handbolta á komandi árum þar sem Rákel Dógg Bragadóttir og Stella Sigurðardóttir eiga báðar von á drengjum í sumar en þær eru einnig fyrirverandi fyrirliðar íslenska kvendandsliðsins. Það má því með sannri trú segja að framtíð íslenska karlandsliðsins í handbolta sé tryggð.



- asi

Mest lesið

- 1 Sett nauðug á vasapeninga
- 2 Mennirnir sem björguðu konu og börnum við Garðskagaveg enn að jafna sig
- 3 Fyrsti þáttur Bresta í heild sinni: Kvenkynsgerendur kynferðisofbeldis
- 4 Airbus-þota með 148 um borð hrapar í frönsku Ölpunum
- 5 Svona grín gera menn ekki, sagði Össur 2009
- 6 Barðist gegn nauðungarvistun og tapaði



ÞESSI GÖMLU GÓÐU
Á EINU STAÐ

BESTA TÓNLISTIN FRÁ 1960 - 1985

GULL
BYLGJAN

GLEÐILEGA PÁSKA

NÓI SÍRÍUS

Þrjú bestu!

Páskaegginn frá Nóa Sírius eru af ýmsum stærðum og gerðum. Frá upphafi höfum við lagt metnað í að gera þau sem allra best úr garði – og reynslan, handbragðið og metnaðurinn skila sér. Þrjú bragðbestu páskaegginn eru frá Nóa Sírius, samkvæmt páskaeggjadómstóli DV 2015. Bragðið leynir sér ekki.

— Við óskum ykkur alls hins besta um páskana —

facebook.com/noisirius

Quality Cocoa
for a Better Life